

Stéttagreining og íslenskar stéttarannsóknir

Guðmundur Oddsson,
Dósent við Háskólann á Akureyri

Útdráttur: Stéttagreining er eitt helsta áherslusvið félagsfræði og skarast við flest sérsvið fræðigreinarinnar. Stéttagreining vísar til fræðilegs sjónarhorns sem byggir á rannsóknum á ýmsum birtingarmyndum stéttaskiptingar. Rekja má stéttagreiningu á íslensku nútímasamfélagi til miðrar 20. aldar, en sérsviðið náði ekki fótfestu hérlendis fyrr en undir lok 8. áratugarins og fram á þann níunda. Lítil gerjun var í stéttarannsóknum á íslenskum samtíma næstu tvo áratugina, en aukin áhersla hefur verið lögð á stéttagreiningu frá efnahagshruninu árið 2008. Þessi yfirlitsgrein fjallar annars vegar um stéttagreiningu sem undirgrein alþjóðlegrar félagsfræði og hins vegar um íslenskar stéttarannsóknir, einkum á sviði félagsvísinda. Ekki er um tæmandi úttekt að ræða. Þess í stað dreg ég saman margar af helstu stéttarannsóknum á íslenskum veruleika frá upphafi nútímavæðingar í kringum aldamótin 1900 og set í samhengi við stéttagreiningu og íslensk reynslugögn. Hið margþætta stéttarhugtak og helstu nálganir fræðilegrar stéttagreiningar eru í brennidepli í fyrri hlutanum. Umfjöllunin um íslenskar stéttarannsóknir í seinni hlutanum hverfist um fimm viðfangsefni: Stéttagerð, stéttastjórnsmál, stéttaójöfnuð, stéttarvitund og stéttamenningu. Í niðurlaginu dreg ég saman umfjöllunina og rýni í framtíðarhorfur.

Lykilorð: ● Stéttagreining ● stétt ● stéttakenningar ● stéttagerð ● stéttastjórnsmál ● stéttaójöfnuður ● stéttarvitund ● stéttamenning

Abstract: Class analysis is one of the main areas of sociology and intersects with most other sub-fields. Class analysis refers to the theoretical perspective that is grounded in empirical research on the various manifestations of class division. In Iceland, class analysis of modern society can be traced back to the mid-20th century, but this field of inquiry did not gain a foothold in this country until the late 1970s and early 1980s. There was limited study of contemporary class dynamics over the next two decades, but Icelandic class analysis has enjoyed a resurgence since the 2008 economic collapse. This article discusses class analysis as a sub-field of sociology and reviews Icelandic class research, particularly in the social sciences. This is not an exhaustive review. Instead, I review many of the main studies of class in Iceland since the dawn of modernization around the turn of the 20th century against the backdrop of international class analysis and empirical data. The multifaceted class concept and the main approaches of class analysis are the focus of the first section. The discussion of Icelandic class research in the second part is divided into five themes: class structure, class politics, class inequality, class consciousness, and class culture. In the conclusion, I sum up and discuss the sub-field's future prospects.

Keywords: Class analysis ● class ● class theory ● class structure ● class politics ● class inequality ● class consciousness ● class culture

Fregnir af andláti mínu eru stórlega ýktar. Mark Twain (1897). *New York Journal*.

Inngangur

„Saga mannkyns hefur fram að þessu verið saga stéttabaráttu“ (Marx og Engels, 1848/2013:3). Með þessum eftirminnilegu orðum, fyrir 171 ári síðan, ýttu Karl Marx og Friedrich Engels fræðilegri stéttagreiningu (e. *class analysis*) úr vör. Með stéttagreiningu er átt við fræðilegt sjónarhorn sem „grundvallast á empírískum rannsóknum á afleiðingum og hliðarverkunum fyrirfram skilgreindrar stéttagerðar“ (Breen og Rottman, 1995:453). Útgangspunktur stéttagreiningar er sá að þjóðfélög skiptist upp í meira og minna aðgreinanlegar þjóðfélagsstéttir (e. *social classes*) sem grundvallast á ójöfnu aðgengi að efnislegum gæðum, völdum og áhrifum. Fræðimenn á þessu frjóa sviði leggja sig í líma við að skilgreina stéttir og afmarka mörk stétta, enda sýna rannsóknir að stéttaskipting (e. *class division*) mótar á afgerandi og kerfisbundinn hátt líf einstaklinga og hópa, félagsleg festi og ferli og samfélagsbreytingar (Wright, 2005; Crompton, 2008).

Samfélög eru flóknari en svo að stéttabaráttan (e. *class struggle*) skýri allt gangverk þeirra. Þetta krefst þess þó ekki að við hendum barninu með baðvatninu, eins og þeir vilja sem lýsa yfir „andláti“ stéttaskiptingar í margbreyttum samfélögum síðnútímans (e. *late modernity*) (Pakulski og Waters, 1996; Bauman, 2000; Beck, 2007). Staðreyndin er sú að stétt er eftir sem áður „alltumlykjandi orsakabáttur og það er vel þess virði að skoða afleiðingar þessa fyrir mörg félagsleg fyrirbæri“ (Wright, 1997:1).

Þrátt fyrir að Marx sé upphafsmaður stéttagreiningar og að félagsvísindum hafi verið líkt við „langa samræðu við vofu [hans]“ (Wolf, 1982:20) eru til aðrar nálganir á stéttagreiningu en marxískar. Hér ber helst að nefna stéttagreiningu í anda Max Weber (1922/1978) og Pierre Bourdieu (1979/1984). Betri grein verður gerð fyrir þessum helstu kenningarömmum stéttarannsókna hér á eftir. Almennt séð eru markmið stéttagreiningar að „grafast fyrir um innbyrðis tengsl stéttakerfa, hreyfanleika milli stétta, stéttaójafnaðar og stéttarmyndunar (eða upplausnar)“ (Goldthorpe, 2010:311). Stéttagreining felur „ekki í sér skuldbindingu við tiltekna kenningu“ heldur býður hún upp á gagnlegt rannsóknarsamhengi til að „setja fram og sannreyna mismunandi og í raun gagnstæðar kenningar“ (Goldthorpe og Marshall, 1992:382).

Hér á landi má rekja stéttagreiningu á íslensku nútímasamfélagi aftur til miðrar 20. aldar. Doktorsritgerð Jóhannesar Nordal (1953), *Changes in the Icelandic Social Structure Since the Eighteenth Century, with Particular Reference to Trends in Social Mobility*, markar ákveðið upphaf í þessum efnunum. Í doktorsrannsókn sinni skoðaði Jóhannes m.a. íslenska stéttagerð og hreyfanleika milli stétta. Stéttagreining á íslenskum samtíma náði hins vegar ekki fótfestu fyrr en undir lok 8. áratugarins og fram á þann níunda, þegar fyrstu íslensku félagsfræðingarnir sneru heim úr námi undir áhrifum alþjóðlegrar félagsfræði (t.d. Dóra S. Bjarnason, 1974, 1976; Þorbjörn Broddason og Webb, 1975; Sigurjón Björnsson, Edelstein og Kreppner, 1977; Stefán Ólafsson, 1982; Ingimar Einarsson, 1987; Þórólfur Þórlindsson, 1988). Lítil gerjun var í stéttarannsóknum á íslenskum samtíma næstu tvo áratugina, en aukin áhersla hefur verið lögð á stéttagreiningu frá efnahagshruninu árið 2008 (Guðmundur Oddsson, 2019).

Í þessari yfirlitsgrein fjalla ég annars vegar um stéttagreiningu sem undirgrein félagsfræði og hins vegar um íslenskar stéttarannsóknir, einkum á sviði félagsvísinda. Hið margþætta stéttarhugtak og helstu nálganir fræðilegrar stéttagreiningar verða í brennidepli í fyrri hlutanum. Umfjöllunin um íslenskar stéttarannsóknir í seinni hlutanum hverfist um fimm

viðfangsefni: Stéttagerð, stéttastjórnsmál, stéttaójöfnuð, stéttarvitund og stéttamenningu. Hér er ekki um tæmandi úttekt að ræða. Þess í stað mun ég draga saman margar helstu stéttarannsóknir á íslenskum veruleika frá upphafi nútímavæðingar í kringum aldamótin 1900 og setja í samhengi við stéttagreiningu og íslensk reynslugögn. Umfjöllunin er aðallega um rannsóknir þar sem stéttarhugtakið leikur lykilhlutverk.

Áður en lengra er haldið er rétt að áréttta að í greininni verður fyrst og fremst rætt um stéttir og stéttaskiptingu sem nútímaleg fyrirbæri (e. *modern*). Ástæðan er sú að stéttaskipting er meira einkennandi fyrir lagskiptingu nútímasamfélaga en hefðbundinna samfélaga, sem mörkuðust í ríkari mæli af meðfæddri stöðu (e. *ascribed status*) og trúarlegum þáttum. Félagssleg lagskipting (e. *social stratification*) vísar til m.ö.o. varanlegs skipulags ójafnaðar í samfélaginu. Félagssleg lagskipting einkennist af röðun hópa í stigveldi (e. *hierarchy*) ójafnaðar, þar sem hærra skipaðir hópar hafa meiri áhrif og búa við betri kjör og tækifæri (e. *opportunity*) til að komast áfram í samfélaginu en þeir sem eru neðar settir. Stéttir eru kunnasta form slíkra lagskiptra stigveldishópa (Mann, 1984:336). Stéttir hafa verið til í árþúsundir, en með innreið nútímans varð stétt lykilhugtak til þess að geta skilið samfélagið. Sem dæmi ruddu sér til rúms samfara iðnbyltingunni og uppgangi kapítalismans fjölmenn verkamannastétt og stéttasamtök (e. *class-based organizations*). Hér er átt við samtök sem börðust í nafni stéttar og stéttarhagsmuna, s.s. stjórnsmálaflokka, stéttarfélög, samtök atvinnurekenda og ýmsa hagsmunahópa, sem voru jafnframt uppspretta breytinga sem einkenna nútímasamfélög (Marshall, Newby, Rose og Vogler, 1988; Wright, 2005; Crompton, 2008; Lareau og Conley, 2008).

Stéttagreining

Hvað er átt við með hugtakinu stétt? Hugtakið lýsir ójöfnuði (e. *inequality*) og hefur, með nokkurri einföldun, þrenns konar merkingu fyrir félagsfræðinga (Crompton, 2008:15):

- 1) Stéttir sem formgerður efnahagslegur og félagslegur ójöfnuður (sem tengist yfirráðum yfir efnahagslegum gæðum og völdum);
- 2) stéttir sem eiginleg eða möguleg hreyfiöfl í samfélaginu;
- 3) og stéttir sem tilvísun í virðingarstöðu, stöðuhóp, menningu og lífsstíl.

Þessar þrjár samsköruðu merkingar sem félagsfræðingar leggja í stéttarhugtakið ríma vel við þrjú helstu sjónarhorn fræðilegrar greiningar á stéttum og stéttaskiptingu og eiga uppruna sinn í kenningum Weber, Marx og Bourdieu. Í þessum kafla mun ég gera nánari grein fyrir þessum nálgunum.

Stéttir sem formgerður ójöfnuður

Félagsfræðingar eru almennt hallastir undir skilgreininguna á stétt sem hópi einstaklinga sem deilir svipuðum kjörum og tækifærum í misskiptu samfélagi og nota hana til að lýsa og greina upptök og afleiðingar efnahags- og félagslegs ójafnaðar með m.t.t. eignarhalds, tekna, hagsmuna, tengsla, valda o.s.frv. Stéttir í þessum skilningi endurspeglar ójafna samkeppnisstöðu mismunandi hópa í markaðssamfélaginu og uppsafnaðan efnahags- og félagslegan ójöfnuð sem endurskapast milli kynslóða (e. *class reproduction*) (Parkin, 1979; Crompton, 2008).

Í kapítalísku samfélagi er það markaðurinn sem öðru fremur mótir lífsmöguleika (e. *life chances*) einstaklinga og hópa; nánar tiltekið, möguleikana til þess að njóta takmarkaðra og hátt metinna gæða (Weber, 1978). Hér má nefna möguleika til þess að eiga í sig og á, koma þaki yfir höfuðið, búa við góða heilsu, lifa hamingjusömu lífi, geta menntað sig, geta átt farsælan vinnuferil o.s.frv. Með öðrum orðum: Að geta uppfyllt þarfir sínar og langanir. Þetta er útgangspunktur weberískrar stéttagreiningar. Weber staðhæfði að „stéttaraðstæður“ (e. *class situations*) væru í raun „markaðsaðstæður“ (e. *market situations*). Markaðurinn mótir

m.ö.o. lífsmöguleika í samræmi við stöðu viðkomandi á markaði, sem ræðst af þáttum á borð við atvinnustöðu, eignarhaldi, yfirráð, starfshæfni og tekjumöguleika.

Samkvæmt kenningum Weber er stétt hópur einstaklinga með svipaða lífsmöguleika og „stéttaraðstæður fela í sér dæmigerðar og sameiginlegar líkur á að eignast varning, komast áfram í lífinu og finna lífsfyllingu“ (1978: 302). Stéttarhugtak Webers er jafnframt einungis efnahagslegt, sbr.: „Við getum talað um ‚stétt‘ þegar (i) hópur fólks hefur sameiginlegan orsakapátt í lífi sínu; (ii) þessi orsakapáttur ræðst einungis af efnahagslegum hagsmunum sem grundvallast á eignarhaldi og tekjumöguleikum; og (iii) ræðst af stöðu viðkomandi á vinnumarkaði“ (Weber, 1978:181).

Stéttaraðstæður eru fjölmargar en þjóðfélagsstéttir eru, samkvæmt Weber, miklu færri og samanstanda af „stéttaraðstæðum þar sem félagslegur hreyfanleiki innan og milli kynslóða er auðveldur og dæmigerður“ (Weber, 1978:302). Félagslegur hreyfanleiki (e. *social mobility*) vísar til tilfærslu fólks innan lagskipts samfélags, sbr. það að „komast áfram í samfélaginu“ eða „hrapa niður þjóðfélagsstigann“. Út frá þessum forsendum skilgreindi Weber fjórar þjóðfélagsstéttir í kapítalískum samfélögum: 1) Borgarastétt, 2) smáborgara, 3) millistétt og 4) verkamannastétt (1978:305).

Marx (1844/1972) fullyrkti að gjáin milli borgarastéttarinnar/fjármagnseigenda og verkamanna/öreiga væri í raun upphaf og endir lagskiptingar í kapítalískum samfélögum. Aftur á móti staðhæfði Weber að ekki væri hægt að smætta kerfisbundinn félagslegan, efnahagslegan og pólitískan ójöfnuð í samfélaginu niður í efnahagskerfið eitt og sér. Þess í stað setti Weber (1978) fram kenningu um lagskiptingu út frá þremur víddum, þ.e. stétt (e. *class*), virðingarstöðu (e. *status*) og völdum (e. *power*). Grunnhugmynd Webers var sú að menntun og vinnuhæfni, rétt eins og eignarhald, skipti máli við að ákvarða stéttarstöðu. Enn fremur vildi hann meina að virðing og völd væru, líkt og stéttarstaða, mikilvæg til að komast áfram í samfélaginu og hafa áhrif á það.

Weber setti sig upp á móti sögulegri efnishyggju (e. *historical materialism*) Marx (1972), sem felur m.a. í sér að verund skapi vitund. Weber áleit þó að einstaklingar hneigðust sterklega til þess að haga sér í samræmi við efnahagslega hagsmuni stéttarstöðu þeirra (Wright, 2002). Hvort fólk áttar sig hins vegar á og berst fyrir stéttarhagsmunum sínum „veltur á menningarlegum aðstæðum . . . og sér í lagi gagnsæi tengslanna á milli orsaka og afleiðinga stéttarstöðu“ (Weber, 1978:929). Gagnsæið er mest hjá öreiganum, sem er í bestri stöðu til að gera sér grein fyrir því að „andstæður sem varða lífsmöguleika [megi rekja til] formgerðar hins ápreifanlega hagkerfis“ (Weber, 1978:929). Ólíkt Marx sagði Weber stéttaátök þó ekki óumflýjanleg og staðhæfði að uppsprettur sameiginlegra sjálfsmynda væru fremur í stöðuhópum en þjóðfélagsstéttum. Seinni tíma rannsóknir sýna talsverða fylgni milli þjóðfélagsstéttar og þjóðfélagsstöðu, þó dregið hafi úr fylgninni með tímanum (Scott, 2002). Sem dæmi er stétt og stöðu oft ruglað saman í almennri umræðu (Chan og Goldthorpe, 2007).

Seinni tíma félagsfræðingar hafa oftast byggt á stéttakenningum Webers. Útbreiddasta líkanið af þessum toga er Goldthorpe-stéttalíkanið, sem kennt er við breska félagsfræðinginn John Goldthorpe. Stéttalíkan hans byggir aðallega á stéttakenningum Weber (Breen, 2005), en á einnig rætur að rekja til Marx (Lockwood, 1958; Erikson og Goldthorpe, 1993). Goldthorpe líkanið hefur reynst afar vel við margvíslegar rannsóknir (Kolbeinn Stefánsson, 2014). Þá hefur það verið stofnanabundið í Bretlandi í formi National Statistics Socio-economic Classification (NS-SEC; Rose og O'Reilly, 1997) og í Evrópu sem European Socio-economic Classification (ESeC; Rose og Harrison, 2010).

Byggingarefni Goldthorpe-stéttalíkansins er starfsstéttir og byggir það á þeirri hugmynd að lífsmöguleikar einstaklinga og hópa ákvarðist að mestu leyti af stöðu þeirra á markaðnum og að störf viðkomandi séu lykilvísir um markaðsstöðu. Með öðrum orðum: Starfsstéttagerðin er hryggjarstykkið í lagskiptingu samfélagsins. Rannsóknir sýna að starfsstéttaflokkar (e. *occupational groups*) endurspeglar vel aðstöðumun í nútímasamfélögum

og eru mikið notaðir í stéttalíkön (e. *class models*), sem sýna fylgni stéttarstöðu við mikilvæga þætti á borð við heilsu og langlífi, aðgengi að menntun, kosningahegðun, viðhorf o.s.frv. (sbr. Wright, 2005; Goldthorpe, 2010).

Sumir, einkum hagfræðingar, skilgreina stéttarstöðu og stéttaójöfnuð út frá eignum (sbr. ríkasta 1%) eða tekjum (sbr. millitekjuhópurinn) (t.d. Atkinson og Brandolini 2013). Grunnforsenda þessarar nálgunar er sú að aukin fjárráð aflétta ákveðnum hömlum af einstaklingum og veita þeim aukið frelsi og möguleika í markaðssamfélaginu (þ.e. meiri peningar = meira val). Sumir nota jafnframt formlega menntun sem vísi (e. *proxy*) fyrir stéttarstöðu (t.d. Pettit og Western, 2004). Þetta tvennt er dæmi um svokallaða aflíðandi nálgun (e. *gradational*) á stéttagreiningu, þar sem þeim sem hafa meira af einhverjum gæðum er skipað hærra. Mælingar á félagshagfræðilegri stöðu (e. *socioeconomic status*) – sem skeyta m.a. saman menntun, starfstétt og tekjum í eina mælingu – eru sama marki brenndar (Ossowski, 1963). Aflíðandi nálgun birtist í lýsandi stéttalíkönum (e. *descriptive class models*) fremur en fræðilegum (e. *theoretical class models*). Hins vegar er mikil skörun þarna á milli, sem réttlætir sumpart notkun lýsandi stéttalíkana við stéttagreiningu, þótt þau séu ekki grundvölluð í fræðikenningum (Crompton, 2008).

Flestar „stéttagreiningar“ sem framkvæmdar hafa verið með íslenskum gögnum styðjast einmitt við stéttarvísa á borð við menntun og tekjur sem óháðar breytur til þess að skýra einhverja niðurstöðu, svo sem afdrif einstaklinga, hegðun og viðhorf. Rannsóknir sýna, sem dæmi, að það er munur á heilsufari eftir fjárhagsstöðu hér á landi (t.d. Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 2005b). Rannsóknir sem nota einungis stéttarvísa fanga vissulega að einhverju leyti áhrif stéttaskiptingar, þótt óbeint sé. Í þessari yfirlitsgrein verður ekki reynt að gera hinum mikla fjölda rannsókna af þessu tagi fullnægjandi skil. Þess í stað mun ég sérstaklega einblína á rannsóknir sem styðjast við fræðileg stéttalíkön.

Stéttir sem eiginleg eða möguleg hreyfiöfl

Stéttir eru einnig skilgreindar sem eiginleg eða möguleg hreyfiöfl (e. *political and social actors*) sem geta knúið fram samfélagsbreytingar (Crompton, 2008). Útgangspunktur þeirra sem rannsaka stéttir sem hreyfiöfl er sá að einstaklingar sem búa við sömu kjör og tækifæri hafi sameiginlega hagsmuni af því að viðhalda óbreyttu ástandi eða rétta sinn hlut. Þessi nálgun felur m.a. í sér að stéttir hafa ólíka hagsmuni og tengjast innbyrðis (sbr. vinnuseljendur/verka fólk og vinnukaupendur/fjármagnseigendur, sjá. Wright, 1997).

Hornsteinn marxískrar stéttagreiningar er, sem dæmi, hugmyndin um að hagsmunir fjármagnseigenda og verkafólks séu andstæðir og að fjármagnseigendur arðræni (e. *exploit*) verkafólk með því að 1) borga því lægri laun en þau sem samsvara raunvirði vinnu þess, 2) útiloka það frá gæðum og 3) misnota vinnuframlag þess í sína þágu. Arðrán á sér sem sagt stað þegar velferð einnar stéttar kemur til á kostnað annarrar stéttar. Ójöfnuður er enn fremur afrakstur þess að arðræningjar (þ.e. fjármagnseigendur) – í krafti yfirráða sinna yfir framleiðslutækjunum – eigna sér gildisaukann (e. *surplus value*) sem hinir arðrændu (þ.e. verkafólk) skapa með vinnuframlagi sínu (Wright, 2005).

Þrátt fyrir að Marx hafi heillast af framleiðslugetu kapítalismans ofbauð honum arðránið, misbeitingin og ójöfnuðurinn sem fylgdi. Hann greindi kapítalískt hagkerfi og boðaði jafnframt byltingu á grundvallarþáttum efnahagslífsins með það að markmiði að afnema einkaeign, ríkisvald og stéttaskiptingu. Fræg eru orð hans í þessu samhengi: „Heimspekingar hafa aðeins túlkað heiminn á ýmsa vegu. Það sem máli skiptir, er að breyta honum“ (Marx, 1845/1975:571). Óhætt er að segja að Marx hafi orðið meira ágengt við að greina „sjúkdómseinkenni“ kapítalismans en að spá fyrir um endalok hans.

Samkvæmt kenningum Marx (1972) ræðst stéttarstaða einstaklinga af afstöðu viðkomandi til framleiðslutækjanna, sem eru sá búnaður, hráefni, peningar, húsnæði og aðrir

efnislegir hlutir sem þarf til að framleiða seljanleg verðmæti. Í ljósi þessa eru höfuðstéttirnar í kapítalísku samfélagi 1) þeir sem eiga og ráða yfir framleiðslutækjunum (borgarastéttin, e. *bourgeoisie*) og 2) þeir sem eiga einungis vinnuafli sitt til að selja til lífsviðurværis (öreigar, e. *proletariat*). Auk höfuðstéttanna tilgreindi Marx sérstaklega tvær aðrar stéttir, tötraöreiga (e. *lumpenproletariat*) og smáborgara (e. *petite bourgeoisie*), sem hann spáði að myndu hrörna og loks deyja út eftir því sem stéttaandstæður skerptust, sbr. þegar hinir ríku verða ríkari og hinir fátæku fátækari (Marx og Engels, 2013:3).

Marx (1847/1955:195) gerði mikilvægan greinarmun milli stéttar sem samansafns einstaklinga með sömu afstöðu til framleiðslutækjanna (þ.e. „stétt í sjálfri sér“, þýs. *klasse an sich*) og stéttar samhentra einstaklinga sem berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum (þ.e. „stétt fyrir sjálfa sig“, þýs. *klasse für sich*). Fyrri skilgreiningin vísar til stéttar að nafninu til, þ.e.a.s. hóps einstaklinga sem hafa sameiginlega afstöðu til framleiðslutækjanna en eru ekki meðvitaðir um sameiginlega stéttarstöðu. Seinni skilgreiningin fangar hins vegar stétt í virkum og sögulegum skilningi, þar sem meðlimir eru meðvitaðir um sameiginlega stéttarstöðu, hafa sameiginlega sjálfsmýnd og hneigjast til þess að taka höndum saman og berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum sínum. Stéttin hefur m.ö.o. öðlast stéttarvitund (e. *class consciousness*), sem margir telja nauðsynlega forsendu þess að stétt berjist markvisst fyrir hagsmunum sínum (t.d. Thompson, 1968; Mann, 1973).

Huglægar víddir stéttaskiptingar hafa löngum verið félagsvísindamönnum hugleiknar, ekki síst sökum þess að félagsshreyfingar (e. *social movements*) sem grundvallast á stéttasjálfsmýndum (e. *class identity*) þykja mikilvægir gerendur í sögulegum og pólitískum skilningi (Eidlin, 2014). Fyrir þá sem byggja á marxískum grunni spilar verkamannastéttin algert lykilhlutverk hvað þetta varðar. Að þeirra mati er verkamannastéttin sá gerandi (e. *actor*) sem er best í stakk búinn, sökum stöðu sinnar í hinni kapítalísku samfélagsgerð, til þess að ryðja veginn fyrir réttlátara samfélagi (Marx og Engels, 2013). Verkamannastéttin er einnig mikilvæg fyrir fræðimenn sem aðhyllast ekki marxísk fræði til þess að greina mynstur félags-, efnahags- og stjórnmálalegrar þróunar (t.d. Esping-Andersen, 1990). Þrátt fyrir að verkamannastéttin hafi vissulega ekki „jarðað“ kapítalismann hefur hún engu að síður haft mikil jöfnunaráhrif á þróun nútímasamfélaga með samtakamætti sínum og áhrifum á löggjafarvaldið (sbr. hækkun launa, styttingu vinnudags, ráðningaröryggi og ýmis félagsleg réttindi, atvinnuleysis- og heilbrigðistryggingar, líftryggingar o.fl.), og þar er Ísland engin undantekning (Marshall, 1950; Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir, 2006; Sumarliði R. Ísleifsson, 2013).

Seinni tíma fræðimenn hafa fínþússað og uppfært kenningar Marx til þess m.a. að draga upp raunsannari mynd af síbreytilegu stéttakerfinu og veita haldbetri skýringar á tilkomu stéttarvitundar. Bandaríska félagsfræðingnum Erik Olin Wright (1997) hefur orðið hvað mest ágengt í þessum efnum en marxískt stéttalíkan hans (e. *class map*) hefur náð mikilli útbreiðslu sem slíkt. Helsta viðfangsefni Wright var spurningin hvað eigi að gera með millistéttirnar, sem hafa alltaf verið til vandræða fyrir marxískar stéttakenningar (Wright, 1986). Lausn Wright var áhrifamikil kenning um mótsagnakennda stéttarstöðu (e. *contradictory class location*) fólks sem, vegna tengsla sinna innan stéttakerfisins, flokkast til fleiri en einnar stéttar samtímis. Hér má t.d. nefna stjórnendur sem, líkt og verkafólk, eru arðrændir af fjármagnseigendum, en ráða yfir og ráðskast með verkafólk, líkt og fjármagnseigendur. Stéttalíkan sitt notaði Wright (1997) m.a.s. til þess að kortleggja stéttaskiptingu í Bandaríkjunum og fleiri löndum og rannsaka áhrif stéttaskiptingar á tekjuójöfnuð, stéttarmyndun, stéttakosningu og stéttarvitund.

Niðurstöður rannsóknarverkefnisins „Comparative Project on Class Structure and Consciousness“, sem Wright (1989, 1997) leiddi, sýna að stéttarvitund er af skornum skammti í hinum vestræna heimi, að Svíþjóð undanskilinni. Nýrri rannsóknir sýna hins vegar að stéttavitund (e. *class awareness*), frumstig stéttarvitundar, er talsvert útbreiddari. Stéttavitund

vísar í stuttu máli þeirrar tilhneigingar fólks að sjá þjóðfélag sitt skiptast upp í tvær eða fleiri þjóðfélagsstéttir (Rothman, 2002). Stéttavitund birtist m.a. í því að einstaklingar eu almennt meðvitaðir um eigin stéttarstöðu en huglæg stéttarstaða hefur áhrif á það hvernig fólk upplifir ójöfnuð, kýs o.s.frv. (t.d. Hout, 2008; Guðmundur Oddsson, 2010a, 2010b, 2010c, 2018). Stéttasjálfsmyndir virðast þó á undanhandi; stéttasamtök eru t.a.m. minna áberandi en um miðja 20. öldina og stéttarfélagsaðild hefur almennt minnkað og þar með styrkur verkalýðshreyfingarinnar. Aukin útbreiðsla harkvinnu (e. *precarious work*) – sem einkennist af ótryggum ráðningakjörum og vinnuaðstæðum – hefur haft mikil áhrif í þessum efnum (Kalleberg, 2018). Þá hefur dregið úr verkföllum og sósíalískir flokkar hafa dregið úr stéttaorðræðu (e. *class discourse*) og berjast síður í nafni verkamannastéttarinnar (Eidlin, 2014). Rannsóknir á stéttastjórn málum sýna þó að stéttaskipting hefur enn margþætt áhrif á stjórn málasviðinu – þótt þau birtist öðruvísi en áður – s.s. í gegnum mismunandi efnahagslega hagsmuni, sjálfsmyndir hópa og félagsleg tengsl: „Huglæg samsömun við stétt eða stéttasamtök getur [enn fremur] styrkt eða jafnvel kallað fram stéttlæga hegðun. Loks getur útsetning, eða þátttaka, í stéttbundnum hópum styrkt stéttaáhrif á stjórn mála“ (Manza og Brooks, 2008:222).

Stéttir og menning

Í gegnum tíðina hafa félagsfræðingar fyrst og fremst litið á stéttir sem efnahagsleg fyrirbæri. Aðrir gera meira úr félags- og menningarlegum víddum stéttaskiptingar. Fáir þó á eins eftirminnilegan hátt og breski sagnfræðingurinn E.P. Thompson sem skilgreindi stétt sem „sögulegt fyrirbrigði sem sameinar ólíka og greinilega ótengda atburði bæði hvað varðar reynslu og vitund . . . stétt [er ekki] ‚kerfi‘ eða ‚hugtak‘ heldur eitthvað sem á sér raunverulega stað (og hægt er að sýna fram á að hafi gerst) í mannlegum samskiptum“ (tilvitnun í Jón Gunnar Grjetarsson, 1993:222).

Með það að leiðarljósi að stéttaskipting sé samofin menningu og félagslegum ferlum rannsaka sumir félagsfræðingar hvernig ólíkar stéttaraðstæður útsetja fólk á mismunandi hátt með tilliti til neysluháttá, lífsstíls og stéttamenningar (sbr. hugarfar og þekkingu). Þessi nálgun kallast á við viðteknar hugmyndir almennings um stéttir, sem eru alla jafna samofnar stöðumun og virðingarröð (Jackman, 1994; Sayer, 2005; Lareau og Conley, 2008). Stéttaskipting er í þessum skilningi stigveldi þar sem tilteknir hópar eru hærra eða lægra skipaðir en aðrir og njóta meiri eða minni virðingar fyrir vikið. Lífsstíll og neyslumynstur gefa til kynna stéttarstöðu og nýtur menningarneysla efri stéttanna alla jafna meiri virðingar en neðri stéttanna (Bourdieu, 1984; Bottero, 2004).

Stéttagreining hefur sótt í sig veðrið undanfarin ár, ekki síst vegna þess að sumir fræðimenn hafa útvíkkað stéttarhugtakið til þess að leggja áherslu á félags- og menningarlega þætti stéttaskiptingar (Bottero, 2004; Savage, Devine og Cunningham, 2013). Áhrifamesti fræðimaðurinn að þessu leyti er Bourdieu (1984), sem staðhæfði að menningarlegt auðmagn (e. *cultural capital*), félagslegt auðmagn (e. *social capital*) og táknrænt auðmagn (e. *symbolic capital*) eigi sinn þátt í að afmarka stéttamörk og endurskapa ójöfnuð, rétt eins og efnahagslegt auðmagn (e. *economic capital*).

Bourdieu skilgreinir auðmagn almennt sem „samansafn nýtilegra bjarga og valda“ (1984:114). Menningarlegt auðmagn vísar til þekkingar í sinni víðustu merkingu eða s.k. menningarhæfni (e. *cultural competence*), sbr. 1) gott málfar og samskiptahæfni, 2) menningarneysla (s.s. lestur klassískra bóka), 3) þekkingu á hærra skrifaðri menningu (s.s. bókmenntum, leiklist og tónlist) og 4) tengsl við virtar stofnanir (s.s. að hafa prófgráðu frá mikilsmetnum háskóla). Í þessum efnum er mikilvægt að undirstrika eftirfarandi: „Fólk neytir ýmiss konar menningar frá unga aldri og byggir upp færni og þekkingu á ýmsum sviðum en hún verður ekki að menningarauði fyrr en hún veitir viðurkenningu og eflir valdastöðu og

möguleika á tilteknum vettvangi“ (Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir, 2017:5). Menningarlegt auðmagn tengir ákveðna hópa saman og ráðandi hópar (e. *dominant groups*) nota menningarauð oft til aðgreiningar (e. *distinction*) og til þess að útiloka aðra (s.s. frá vinnu, félagasamtökum og öðrum tækifærum).

Félagslegt auðmagn vísar til þeirra gæða sem eiga rætur sínar að rekja til félagslegra tengsla, m.ö.o. að þekkja „rétt“ fólk til þess að komast áfram í samfélaginu og hafa áhrif. Efnahagslegt auðmagn nær til auðs, eigna og tekna. Táknrænt auðmagn endurspeglar virðingarstöðu. Nánar tiltekið: „[Þ]eir sem teljast hafa táknrænan auð mynda elítu eða yfirstétt vettvangsins í þeim skilningi að þeir njóta nægilega mikillar virðingar innan hans til að vera færir um að móta og breyta leikreglum á vettvangi“ (Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir, 2017:5). Bourdieu skilgreindi afmörkuð svið samfélagsins sem vettvanga, sbr. menntavettvanginn (e. *field of education*) (Gestur Guðmundsson, 2012). Hver vettvangur einkennist af ákveðinni valdabaráttu og staða (e. *position*) einstaklinga og hópa innan afmarkaðra sviða ræðst af auðmagni viðkomandi og leikreglum hvers vettvangs fyrir sig. Átök verða þegar ráðandi (e. *dominant*) og undirskipaðir (e. *dominated*) hópar vettvanga takast á um völdin á tilteknum vettvangi.

Bourdieu (1987) notar hugtakið menningarlegt auðmagn til að skýra hvernig einstaklingar eru félagsmótaðir (e. *socialized*) inn í tiltekinn þankagang og menningu sem samsvarar stéttarstöðu þeirra. Hann undirstrikar jafnframt að fólk geti umbreytt menningarlegu auðmagni í annars konar þjargir (e. *resources*), svo sem efnahagslegt eða félagslegt auðmagn, eða öfugt, til að komast áfram í samfélaginu. Hér má nefna þegar hátt skrifaðar prófgráður hjálpa einstaklingi til þess að fá hátt launað starf eða ríkidæmi veitir aðgang að dýrum skólum.

Bourdieu greinir sig frá þröngum efnahagslegum skilgreiningum á stéttarhugtakinu, ekki síst með því að endurhugsa aðgreiningu Weber (1978) milli stéttar og stöðu (sjá sérstaklega Bourdieu, 1984:xii). Þrátt fyrir það dregur Bourdieu (1987) ekki dul á mikilvægi efnahagslegra róta stéttarstöðu. Hann segir að efnahagslegt auðmagn sé, þegar öllu er á botninn hvolft, mikilvægast í að skilgreina stéttarstöðu, enda grundvallist t.d. menningarlegt auðmagn á endanum á efnahagslegu auðmagni.

Bourdieu aðgreinir sig einnig frá hefðbundnari nálgunum á stéttgreiningu með því að draga ekki skörp skil á milli stétta. Þess í stað segir hann víddirnar sem afmarka stéttir vera samfelldar og því séu stéttamörk ekki fastmótuð. Það sé jafnframt aðeins í gegnum táknræna skilgreiningarbaráttu sem raunverulegir hópar taki á sig ákveðna mynd (1984:174–175). Bourdieu líkti stéttamörkum við síbreytilega eldsloga og greindi á milli „fræðilegra stétta“ (e. *theoretical classes*) einstaklinga sem búa við svipaðar aðstæður og „raunverulegra stétta“ (e. *real classes*) þar sem meðlimir eru meðvitaðir um sameiginlega stöðu og það liggur fyrir hverjir tilheyra stéttinni (1987:7; sjá einnig Atkinson, 2017).

Ólíkt hefðbundnum stéttgreinendum (e. *class analysts*) talar Bourdieu (1987) ekki um stéttakerfi (e. *class system*), heldur um félagsrými (e. *social space*). Enn fremur gagnrýndi hann þröngar skilgreiningar á stéttahugtakinu sem taka einungis mið af starfsheitum eða námsgráðum. Þess í stað staðhæfði Bourdieu að stéttarstaða einstaklings í félagsrýminu ráðist af 1) magni, 2) samsetningu og 3) sporbraut (e. *trajectory*, sbr. félagslegan hreyfanleika) þess auðmagns sem viðkomandi hefur til umráða. Margskonar auðmagn skiptir máli við að ákvarða stéttarstöðu, en mestu máli skiptir efnahags-, félags- og menningarlegt auðmagn.

Í frægri bók sinni *Distinction* (ísl. aðgreining) (1984), setti Bourdieu fram eftirfarandi stéttalíkan á grundvelli þess að skeyta saman efnahags- og menningarlegu auðmagni:

- Fólk með mikið efnahagslegt og menningarlegt auðmagn (t.d. stóreignafjölskyldur langt aftur í ættir, forstjórar, læknar og lögfræðingar).
- Fólk með mikið efnahagslegt auðmagn en lítið menningarlegt auðmagn (t.d. nýríkir, skemmtikraftar og íþróttamenn).

- Fólki með minna efnahagslegt auðmagn en meira menningarlegt auðmagn (t.d. margir kennarar, listamenn, blaðamenn og aðrir í skapandi fagstéttum).
- Fólki með lítið efnahagslegt og menningarlegt auðmagn (t.d. almennt verkafólk).

Bourdieu (1984) rannsakaði venjur og viðhorf út frá veruhætti (e. *habitus*), þ.e.a.s. ákveðnum lífsstíl og hugmyndum, sem fólk temur sér ósjálfrátt vegna félagslegs bakgrunns síns og félagsmótunar. Bourdieu taldi að fólk af sömu stéttarstöðu hefði sama veruhátt og áleit að útskýra mætti stéttamun í lífsstíl og smekk (e. *taste*) með hugmyndinni um „fjarlægð frá nauðpurftum“ (e. *distance from necessity*). Með öðrum orðum: Fólk sem þarf lítið að hafa fyrir því að sinna nauðpurftum sínum hefur meiri tíma og ráðrúm en fólk af lægri stéttum til þess að þróa persónulegan smekk sinn á sviði lista, matar o.s.frv.

Þrátt fyrir að stéttakenningar Bourdieu (1984) byggji mestmegnis á rannsóknum sem voru gerðar í Frakklandi á 6. og 7. áratugnum sýna nýrri rannsóknir frá Bretlandi, Norðurlöndunum og víðar að kenningarmmi hans hefur mikinn og almennan skýringarmátt (Prieur, Rosenlund og Skjott-Larsen, 2008; Bennett o.fl., 2009; Atkinson, 2017). Fjölmargir fræðimenn hafa unnið áfram með hugmyndir Bourdieu og um þessar mundir grundvallast einn helsti vaxtarbroddurinn í stéttarannsóknum á kenningum hans (Bottero, 2004).

Ekki er auðvelt að útfæra stéttalíkan í anda Bourdieu, enda eru hugmyndir hans flóknar og krefjast þess að tekið sé tillit til þátta á borð við menningar- og félagslegs auðmagns, sem erfitt er að mæla. Savage og samstarfsmenn (2013) settu þó nýlega fram slíkt stéttalíkan sem byggir á stórtækri rannsókn í bresku samfélagi. Ein af helstu niðurstöðum rannsóknarinnar var sú að stéttaskipting bresks samfélags sé flóknari en áður og samanstandi nú til dags af sjö stéttum: 1) Elítunni (e. *elite*), 2) hinni rótgrónu millistétt (e. *established middle class*), 3) hinni tæknilegu millistétt (e. *technical middle class*), 4) hinni nýju vel stæðu verkamannastétt (e. *new affluent workers*), 5) hinni hefðbundnu verkamannastétt (e. *traditional working class*), 6) hinni vaxandi þjónustustétt (e. *emergent service sector*) og 7) harkarastétt (e. *precariat*). Savage og kollegar (2013) segja að hér sé komið stéttalíkan fyrir 21. öldina.

Samkvæmt umræddu líkani Savage o.fl. (2013) hefur elítan mjög mikið efnahagslegt auðmagn, mikinn félagslegan auð og mjög mikið hámenningarlegt auðmagn (e. *highbrow cultural capital*). Hin rótgróna millistétt er með mikið efnahags- og félagslegt auðmagn og mikinn menningarauð, bæði m.t.t. hámenningar og vaxandi menningar (e. *emergent cultural capital*). Hin tæknilega millistétt býr yfir miklu efnahagslegu auðmagni og er með fáa en hátt skrifaða félagslega tengiliði og menningarlegt auðmagn í meðallagi. Hið nýja, vel stæða verkafólk hefur efnahagslegt auðmagn í meðallagi, frekar lítið en fjölbreytt félagslegt auðmagn og frekar lítið hámenningarlegt auðmagn en nokkuð mikið af vaxandi menningarlegu auðmagni. Hin hefðbundna verkamannastétt hefur yfir að ráða litlu af efnahagslegu auðmagni, en þó einhverju í húseignum, litlu af félagslegu auðmagni og litlu af menningarlegu auðmagni. Hin vaxandi þjónustustétt hefur yfir litlum efnahagsauði að ráða, en er með þokkalegar tekjur, félagsauð í meðallagi og mikið af vaxandi menningarauði, en lítið af hámenningarauðmagni. Harkarastéttin hefur afar lítið efnahagslegt auðmagn og vermir jafnframt botnsætið út frá öllum mælikvörðum félagsauðs og menningarauðs. Hugtakið „precariat“ (ísl. harkarastétt) kemur frá breska hagfræðingnum Guy Standing (2011) og lýsir stéttarstöðu sem einkennist af varasamri tilvist og skorti á fyrirsjáanleika (e. *predictability*), starfsöryggi og almennri velferð. Hluti erlends verkafólks á Íslandi er í harkarastétt (Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska, 2019).

Fá hugtök eru jafn umdeild og stéttarhugtakið (Lareau og Conley, 2008). Mismunandi aðilar meina ólíka hluti með hugtakinu „stétt“. Afraksturinn er oft sá að fræðimenn tala oft „hver framhjá öðrum“. Ástæðan er tvíþætt: Í fyrsta lagi eru til mismunandi skilgreiningar á stéttarhugtakinu og í öðru lagi hefur stéttaskipting margþætt áhrif og mismunandi kenningar leggja áherslu á ólíka þætti. Mikilvægast er þó að hafa í huga að engin ein nálgun á

stéttagreiningu er alltaf sú rétta heldur ræðst hin rétta nálgun af því hvaða spurningu á að svara hverju sinni. Í ljósi þessa enda ég umfjöllun mína um stéttarhugtakið og helstu kenningaramma stéttarannsóknna á umorðun Wright á fleygum ummælum Marx og Engels (1867/1970:53) um að í stéttlausu þjóðfélagi yrði hægt að fara á skotveiðar að morgni, stunda stangveiði seinnipartinn, reka nautgripi um kvöldið og gagnrýna eftir kvöldmat: „Maður getur verið weberískur og rannsakað hreyfanleika milli stétta, bourdieuískur og kannað stéttaupptök lífsstíla og marxískur og gagnrýnt kapítalismann“ (Wright, 2005:192).

Íslenskar stéttarannsóknir

Í þessari grein er, sem fyrr segir, fyrst og fremst rætt um stéttir sem nútímaleg fyrirbæri og þ.a.l. einblínt á íslenskar rannsóknir frá upphafi nútímavæðingar og innreiðar kapítalismans. Hins vegar verður að áréttu að Ísland hefur alltaf verið stéttskipt samfélag og bera því vitni margar rannsóknir, sem sýna margvíslegan for-kapítalískan (e. *pre-capitalist*) stéttaójöfnuð í gamla bændasamfélaginu. Hér má nefna gríðarlega misskiptingu auðs, lands og valda; tilvist fámennrar en aðsópsmikillar yfirstéttar stórbænda, landeigenda og ýmissa embættismanna; arðrán og grófa misbeitingu hinna valdamiklu á hinum valdalausum í skjóli innlends og erlends valds; vistarbandið; ýmsar kvaðir biskupsstóla; almenna vinnuhörku; bág kjör kotbænda, vinnuhjúa og niðursetninga; skuldaverslun; stéttamun í menningarneyslu; og takmörkun á stjórnmaláþátttöku (s.s. kosningarétti) hinna efnaminni, svo eitthvað sé nefnt (Guðmundur Jónsson, 1981a, 1981b; Loftur Guttormsson, 1983; Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1983, 1988; Bragi Guðmundsson, 1985; Gustafsson, 1985; Gísli Gunnarsson, 1987, 1997; Guðmundur Hálfðánarson, 1991, 1995, 2001; Jón Viðar Sigurðsson, 2003; Bolender, 2006, 2012; Bolender, Steinberg og Durrenberger, 2008; Guðni Th. Jóhannesson, 2013; Sverrir Jakobsson, 2013; Vilhelm Vilhelmsson, 2013, 2017; Axel Kristinsson, 2018; Johnson og Bolender, 2019).

Að framansögðu mun ég í þessum hluta draga saman helstu stéttarannsóknir á íslenskum veruleika frá upphafi nútímavæðingar og setja í samhengi við stéttagreiningu og íslensk reynslugögn. Umfjöllunin um íslenskar rannsóknir hverfist um fimm viðfangsefni: Stéttagerð, stéttastjórnmal, stéttaójöfnuð, stéttarvitund og stéttamenningu.

Stéttagerð

Stéttagerð (e. *class structure*) vísar til samfélagsgerðar sem samanstendur af meira og minna aðgreinanlegum hópum sem búa við mismunandi kjör, tækifæri og innbyrðis tengsl (þ.e. stéttir). Þegar fræðimenn draga upp stéttagerð samfélags er algengast að gera það á grunni starfsstétta (e. *occupations*), enda þykja störf veita haldbærustu upplýsingarnar um stéttarstöðu (Erikson og Goldthorpe, 1993; Wright, 1997). Einnig tíðkast að greina stéttagerð á grundvelli tekna og menntunar sem stéttavísa (e. *class indicators*) (Hout, 2008). Annars vegar eru til lýsandi stéttalíkön sem lýsa í grófum dráttum ójöfnuði út frá starfsstéttum, tekjum, eignum o.s.frv. án tilvísunar í fræðikenningar. Hins vegar eru til stéttalíkön sem byggja opinskátt á fræðilegum grunni og er ætlað að fanga stéttatengsl, þ.e.a.s. ferlin sem skapa fyrrgreindan ójöfnuð (e. *class relations*) (Ossowski, 1963; Erikson og Goldthorpe, 1993; Wright, 1997).

Áður en lengra er haldið ber að hafa í huga eftirfarandi orð Ingólfs V. Gíslasonar að „við alla stéttagreiningu þarf stéttagerð að kallast á við stéttarmyndun, þó annað geti verið meira áberandi en hitt“ (1990:211). Stéttarmyndun (e. *class formation*) vísar til ferlisins „þar sem einstaklingar þróa með sér samvitund um að tilheyra tiltekinni stétt með tilliti til sams konar reynslu og tengsla á vinnustað og á grundvelli þessa verður til sameiginleg vitund um sameiginlegra stéttahagsmuni“ (Eidlin, 2014:1045). Lykill að þessu er stéttarvitund (Wright, 1997:185–215), sem getur m.a. skapast á grundvelli takmarkaðs félagslegs hreyfanleika eða

félagslegrar lokunar (e. *social closure*) (Giddens, 1973; Weber, 1978). Með öðrum orðum: Stéttalíkon hjálpa okkur við að draga upp mynd af stéttagerðinni á sérhverjum tíma og þróun hennar, en líkönin og hugtökin mega ekki vera of niðurnjörvuð. Slíkt getur orðið til þess að manni yfirsjáist lykilatriði við þær sögulegu aðstæður þegar stéttir taka á sig mynd, sbr. brýningu Thompson að verkamenn séu gerendur og að „verkamannastéttin hafi verið viðstödd eigin sköpun“ (1968:9).

Algengt er að marka upphaf stéttskipts nútímasamfélags á Íslandi við seinni hluta 19. aldar og byrjun 20. aldar þegar gamla bændasamfélagið vék hratt fyrir kapítalísku markaðssamfélagi (sjá t.d. Magnús S. Magnússon, 1985, 1987, 1993; Jón Gunnar Grjetarsson, 1993; Hermann Óskarsson, 1996, 2012). Þessar miklu breytingar voru drifnar áfram af tækniframförum í sjávarútvegi sem sköpuðu atvinnutækifæri við sjávarsíðuna og drógu til sín vinnuafli úr sveitunum (Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Finnur Magnússon, 1990), enda voru „fyrstu merki um upphaf nútíma á Íslandi . . . fólksstraumur úr sveitunum í bæi við sjávarsíðuna“ (Guðmundur Hálfðánarson, 1987:31). Samfara þessu styrktust innviðir landsins er menntakerfið byggðist upp og stjórnkerfið varð umfangsmeira, sér í lagi eftir að Ísland fékk fullveldi árið 1918 og seinna fullt sjálfstæði árið 1944 (Magnús S. Magnússon, 1985, 1993; Gunnar Karlsson, 2000; Helgi Skúli Kjartansson, 2002).

Rétt eins og annars staðar fylgdi nútímavæðingunni hérlendis breytt stéttaskipting, enda plægði iðnbyltingin akurinn fyrir „borgaralega miðstétt í verslun, kaupsýslu og handiðju og frjálsa verkamannastétt“ (Sverrir Kristjánsson, 1966:14). Talað hefur verið um öreigaþróun (e. *proletarianization*) í þessu sambandi, þ.e.a.s. „þá grundvallarbreytingu varðandi vinnutengsl sem fólst í tilkomu kapítalískis markaðssamfélags, að aukinn fjöldi atvinnuþátttakenda varð alfarið háður skilyrðum markaðarins sjálfum sér til framfærslu og fjölskyldna sinna“ (Hermann Óskarsson, 2011:82; 1996). Þessar breytingar sköpuðu jafnframt forsendur fyrir stéttasamtök atvinnurekenda annars vegar og verkamanna hins vegar (Stefán Ólafsson, 1982; Jón Gunnar Grjetarsson, 1993; Ingólfur V. Gíslason, 1990). Samfara þessum breytingum veiktist grundvöllur hinnar gömlu yfirstéttar bændasamfélagsins, sem hafði fengið litla skipulagða mótspyrnu frá veikri og brotakenndri undirstétt vinnufólks til sveita (Ingólfur V. Gíslason, 1990:205), þrátt fyrir að þó nokkuð hafi verið um andóf undirsáta (e. *subaltern*) gegn ofríki yfirboðara sinna (Vilhelm Vilhelmsson, 2017). Hafa ber þó í huga að stéttaskiptingunni breyttist ekki með sama hraða alls staðar og segja má að á fyrstu áratugum 20. aldar hafi Ísland verið „tvískipt þjóðfélag, annars vegar bændasamfélag með öllum sínum einkennum og hins vegar stéttskipt auðmagnsþjóðfélag við sjávarsíðuna“ (Jón Gunnar Grjetarsson, 1993:254).

Umrætt umbreytingatímabil hefur verið ýmsum íslenskum fræðimönnum hugleikið. Þeir hafa meðal annars kortlagt breytta stéttaskiptingu Íslands og greint myndun, skipulagsþreifingar og ýmis samtök íslenskrar borgara- og verkamannastéttar (t.d. Ólafur R. Einarsson, 1970; Stefán Ólafsson, 1982; Magnús S. Magnússon, 1985; Finnur Magnússon, 1990; Jón Gunnar Grjetarsson, 1993; Hermann Óskarsson, 1996, 1997, 2011, 2012). Líkt og víða annars staðar hefur mestu púðrinu hérlendis verið varið í verkamannastéttina (t.d. Ingólfur V. Gíslason, 1994; Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir, 2006; Ragnheiður Kristjánsdóttir, 2008). Þó eru til skeleggar greiningar á yfirstéttinni (t.d. Ólafur Ragnar Grímsson, 1976; Ingólfur V. Gíslason, 1990; Guðmundur Magnússon, 2008, 2012). Í þeim efnum ber helst að nefna bók Ingólfs V. Gíslasonar (1990), *Enter the Bourgeoisie. Aspects of the Formation and Organization of Icelandic Employers 1894–1934*, sem fjallar um uppruna íslenskrar borgarastéttar og skipulagningu hennar. Bókin byggir á doktorsrannsókn Ingólfs á fyrstu samtökum atvinnurekenda á Íslandi fram að stofnun Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ). Niðurstaða Ingólfs er að umrædd samtök hafi heilt yfir verið veik og átt erfitt með að sameina atvinnurekendur. Veikleikar samtakanna stöfuðu einnig af mismunandi bakgrunni og hagsmunum meðlima.

Frá 1880 til 1950 lækkaði hlutfall þeirra Íslendinga sem störfuðu við landbúnað úr 80% í um 25% (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997). Svipaðrar þróunar gætti við upphaf iðnbyltingar í öðrum löndum Evrópu þar sem jarðnæðislaust fólk úr sveitum flutti til vaxandi þéttbýliskjarna í leit að betra lífi og ný verkamannastétt skaut rótum „á mölinni“. Á Íslandi hafði þessi snauði hópur val um að flytja af landi brott (s.s. vesturfarar) eða í þéttbýlið við sjávarsíðuna, enda var það sjávarútvegur sem skapaði tækifærin hér á landi andstætt verksmiðjuíðnaði víðast annars staðar (Gunnar Karlsson, 2000; Sigurður Gylfi Magnússon, 2010).

Við upphaf seinni heimsstyrjaldar var kominn sterkur vísir að nútíma stéttaskiptingu á Íslandi. Stéttagreining Jóns Gunnars Grjetarssonar (1993), að marxískri fyrirmynd, á íslensku þjóðfélagi fyrir árin 1930 og 1940 dregur upp áhugaverða mynd af stéttagerðinni. Við greiningu sína styðst Jón Gunnar við rannsóknir Ingimars Einarssonar (1987) og Magnúsar S. Magnússonar (1985). Sem dæmi um aðra fræðimenn sem hafa dregið upp mynd af stéttagerð Íslands á 20. öld má nefna Þorbjörn Broddason og Webb (1975), Sigurjón Björnsson o.fl. (1977) og Stefán Ólafsson (1982).

Fjórar stéttir liggja til grundvallar greiningu Jóns Gunnars (1993): Hástétt (atvinnurekendur), smáborgarar (smáatvinnurekendur), miðstétt (stjórnendur og aðrir þeir sem stunda ekki líkamlega erfiðisvinnu) og lágstétt (iðnaðarmenn og faglært og ófaglært verkafólk). Geta ber þess að í framsetningu Jóns Gunnars flokkast heimilishjú til lágstéttar. Tafla 1 sýnir að frá 1930 til 1940 tilheyrðu um 2/3 hlutar Íslendinga lágstétt en um 12% hástétt. Þá stækkaði miðstéttin úr 11,4% í 15,5% á tímabilinu, sem gefur vísibendingu um helstu breytinguna sem varð á stéttakerfinu frá þessum tíma og fram á okkar dag: Vöxt millistéttarinnar.


Tafla 1: Skipting íslensks þjóðfélags í stéttir, 1930–1940

	<u>1930</u>		<u>1940</u>	
Stéttir	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hástétt	5837	12,3	6283	12,0
Smáborgarar	4277	9,0	4279	8,1
Miðstétt	5430	11,4	8132	15,5
Lágstétt*	32100	67,4	33827	64,4
Alls	47644	100	52521	100

*Heimilishjú einnig talin með.

Heimild: Jón Gunnar Grjetarsson (1993:245)

Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2017) sýna þróun starfsstéttaskiptingarinnar frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag í bókinni *Ójöfnuður á Íslandi: Skipting tekna og eigna í fjölþjóðlegu samhengi*. Þeir styðjast við hefðbundnar skilgreiningar á „millistétt“ (hvítflibbastörf, án líkamlegrar erfiðisvinnu) og „verkamannastétt“ (bláflibbastörf, líkamleg erfiðisvinna) og skilgreina þar að auki „yfirstétt“ (atvinnurekendur, embættismenn og aðrir stjórnendur). Með fyrirvara um samanburðarhæf störf yfir svona langt tímabil og lýsandi, fremur en fræðilegt, stéttalíkan, sýnir Mynd 1 að þróunin frá byrjun 20. aldar og fram á okkar dag einkennist fyrst og fremst af vexti millistéttarinnar og samsvarandi fækkun í röðum verkamanna. Hafa ber í huga að millistéttin hefur orðið fjölbreyttari með tíð og tíma (Oesch, 2006, 2008).



Heimild: Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson 2017:399)

Mynd 1: Skipting vinnandi fólks í meginstarfsstéttir frá 1910 til 2011

Fjölgun millistéttarstarfa og aukin menntun ýtti undir félagslegan hreyfanleika upp á við (e. *upward social mobility*), sérstaklega á fyrstu áratugunum eftir seinna stríð, enda sköpuðust með fjölguninni tækifæri fyrir einstaklinga úr verkamannastétt til að vinna sig upp í samfélaginu (Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Þórolfur Þórlindsson, 1988; Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson, 1993). Í þessu tilviki stjórnaðist aukinn félagslegur hreyfanleiki aðallega af breyttri formgerð (e. *structural mobility*), þ.e.a.s. af vexti millistéttarinnar samfara hærra atvinnustigi og auknum kaupmætti (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013; Guðmundur Jónsson, 2001). Breytt stéttahlutföll sköpuðu „hreyfanleika í krafti kjölsogs“ (e. *mobility updraft*) þar sem nýjar stöður ofarlega í stéttakerfinu sköpuðu aukið rými sem sogaði upp þá sem voru neðar (Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Stefán Ólafsson, 1982; Gilbert, 2017).

Stækkun millistéttarinnar jók jöfnuð í tekju- og eignaskiptingunni, enda buðu nýju millistéttarstörfin betri kjör en þau sem almennu verkafólki buðust áður. Þessi þróun, ásamt vexti velferðarkerfisins, lagði grunn að íslenska jafnaðarsamfélaginu, sem var við lýði frá lokum seinna stríðs og fram á miðjan 10. áratuginn (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Í seinni tíð hefur þó ákveðin skauthverfing (e. *polarization*) einkennt vöxt hinnar hefðbundnu millistéttar. Annars vegar höfum við fjölgun háskólamenntaðra sérfræðinga og hins vegar fjölgun ófaglærðs þjónustufólks, sem margir telja hina nýju verkalýðsstétt (t.d. Kalleberg, 2013). Enn fremur hafa launakjör sumra hefðbundinna millistéttarstarfa dregist saman:

Framan af eftirstríðsárunum batnaði víða hagur millistéttafólks umfram verkafólk, þar á meðal á Íslandi. Hins vegar hefur dregið saman á ný með verkafólki og lægri þrepum millistéttarinnar þegar litið er til tekna fyrir launavinnu. Millistéttin skiptist núorðið að umtalsverðu leyti í meira og minna menntaða hluta og kjörin taka mið af því (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017:402).

Sem dæmi fékk 1) almennt verkafólk, 2) þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk og 3) skrifstofufólk nær sömu heildarlaun á tímabilinu 1998 til 2014. Hlutfallsleg kjararýrnun

skrifstofufólks, birtingarmyndar klassísku millistéttarinnar (Mills, 1951), er sérstaklega áhugaverð í þessu sambandi (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Samhliða stækkun hinnar hefðbundnu millistéttar hérlendis dróst verkamannastéttin saman. Að sama skapi fækkaði hlutfallslega í yfirstéttinni (þ.e. stjórnendur, atvinnurekendur og embættismenn) á tímabilinu. Tekjur og eignir yfirstéttarinnar jukust engu að síður mun örur en hjá hinum stéttunum. Í dag samanstendur yfirstéttin af hlutfallslega færri einstaklingum en fyrr á árum en viðkomandi eru mun efnaðri en áður fyrr. Ójafnaðarþróunin á vinnumarkaðnum síðustu 20–25 árin birtist aðallega í því að: „Topparnir hafa siglt fram úr öllum öðrum á meðan staða sumra meðal menntuðu millistéttarinnar hefur versnað miðað við stjórnendur og verkafólk og lægri millistétt er orðin tryggilega tengd launakjörum verkafólks“ (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017:405).

Einnig tíðkast, ekki síst meðal hagfræðinga, að greina stéttagerð og ójafnaðarþróun á grundvelli tekjustétta. Finnur Geirsson (1977) var frumkvöðull hvað þetta varðar hér á landi. Nýrra dæmi um þessa nálgun er skýrsla Hagfræðistofnunar, *Tekjuskipting á Íslandi: þróun og ákvörðunarvaldar* (Ásgeir Jónsson, Ásta H. Hall, Gylfi Zoega og Marta G. Skúladóttir, 2001). Heildstæðasta yfirlitið yfir ójafnaðarþróun hér á landi m.t.t. tekjustétta er hins vegar að finna í bókinni *Ójöfnuður á Íslandi* (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Hagstofa Íslands birtir einnig reglulega margvíslegar upplýsingar um tekjudreifingu og ójafnaðarþróun. Þá opnaði forsætisráðuneytið fyrr á þessu ári vefinn *Tekjusagan* sem hefur að geyma ýmsar upplýsingar um tekjur á Íslandi. *Tekjusagan* er unnin upp úr skattframtölum á tímabilinu 1991–2017 (Forsætisráðuneytið, 2019; sjá einnig Kolbeinn Stefánsson, 2019b, 2019c, 2019d, 2019e).

Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2017) skilgreina fimm tekjustéttir hér á landi út frá miðtekjum (e. *median income*): Undir fátækramörkum (minna en 50% af miðtekjum); neðri millistétt (50–75% af miðtekjum); millistétt (75–125% af miðtekjum); efri millistétt (125–200% af miðtekjum) og yfirstétt (200% eða meira af miðtekjum). Stéttagreining á þessum grunni sýnir að millistéttin dróst aftur úr efri stéttunum frá árinu 1992 til 2012, þ.e. það fækkaði hlutfallslega í millistéttinni (úr 55% í 47%) og fjölgaði í neðri millistétt (úr 16% í 22%) á tímabilinu. Hlutfall fátækra var svipað í upphafi og lok tímabilsins en það fjölgaði í yfirstéttinni úr 3 í 6%. Skauthverfingin á milli tekjustéttanna – bilið á milli efri og neðri hópa – jókst á tímabilinu (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Stéttalíkon Stefáns og Arnaldar Sölva (2017) hér að ofan eru dæmi um lýsandi líkön þar sem rannsakendur velja saman áþekkar starfsstéttir eða tekjustéttir, draga stéttamörk og raða stéttunum í stigveldi. Starfsstétt og launatekjur gefa góða hugmynd um kjör og þjófélagsstöðu og hafa einnig fylgni við mikilvæga þætti á borð við heilsu, tækifæri til menntunar, kosningahegðun o.s.frv. (Lareau og Conley, 2008). Sem fyrr segir byggja stéttalíkon sem þessi á stigveldisröð sem ræðst af magni tiltekinna gæða (s.s. tekna). Hins vegar byggja þessi stéttalíkon ekki á fræðilegum grunni.

Þeir sem notast við stéttalíkon sem byggja á fræðilegum grunni, sér í lagi kenningum Marx og Webers, gera það í krafti þess að líkönin fangi samskipti og tengsl milli stétta. Útbreiddasta stéttalíkanið af þessu tagi er Goldthorpe-stéttalíkanið, sem byggir á stéttakenningu Webers (Erikson og Goldthorpe, 1993). Líkanið notar atvinnustöðu, fjölda undirmanna og valdsvið til þess að flokka saman einstaklinga með svipaða markaðs- og atvinnustöðu og lífsmöguleika (Weber, 1978).

Á grundvelli Goldthorpe-stéttalíkansins og tveggja spurningalistakannana dró Guðmundur Oddsson (2018) upp mynd af stéttagerð Íslands á árabílinu 2008 til 2010. Notast var við þriggja stétta útgáfuna af Goldthorpe-stéttalíkaninu, sem samanstendur af þjónustustétt (e. *service class*), millistétt (e. *intermediate class*) og verkamannastétt (e. *working class*). Niðurstöðurnar sýna að 45% landsmanna tilheyra þjónustustétt, 40% eru í millistétt og 15% í

verkamannastétt. Tekið skal fram að líkanið nær einungis til aðila sem eru 18 ára eða eldri og eru á vinnumarkaði.

Svissneski félagsfræðingurinn Daniel Oesch (2006) hefur gagnrýnt Goldthorpe-stéttalíkanið fyrir að vera barn síns tíma. Það var upphaflega hannað með Bretland 8. áratugarins í forgrunni. Síðan þá hefur þjónustugeirinn þanist út á kostnað iðnaðar, velferðarkerfið stækkað og atvinnuþátttaka kvenna aukist mjög mikið. Allt þetta hefur haft áhrif á starfsstéttaskiptingu Vestur-Evrópulanda. Aukin menntun og menntunarkröfur hafa ýtt undir fjölgun millistéttarfólks á föstum launum. Á hinum endanum hefur samdráttur í iðnaði höggvið stórt skarð í raðir ófaglærðs verkafólks og fábreyttum þjónustustörfum hefur fjölgað. Starfsstéttaskiptingin er orðin flóknari og það kallar á uppfærð stéttalíkön (sjá einnig Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005).

Tafla 2: Stéttagerð Íslands árið 2016 samkvæmt Oesch-stéttalíkaninu

Vinumarkaðsstaða	Stéttir	Fjöldi	%
Eigendur/Sjálfstætt starfandi	Stórir atvinnurekendur / sjálfstætt starfandi sérfræðingar	38	3,4
Eigendur/Sjálfstætt starfandi	Eigendur smærri fyrirtækja	71	6,3
Launuð störf (millistétt)	Tæknar / tækni-sérfræðingar	80	7,1
Launuð störf (millistétt)	Stjórnendur, yfirmenn	110	9,7
Launuð störf (millistétt)	Starfsfólk í félags- og menningargeirum	162	14,3
Launuð störf (verkamannastétt)	Skrifstofufólk (fag- og ófaglært)	74	6,5
Launuð störf (verkamannastétt)	Starfsfólk í framleiðslu (fag- og ófaglært)	123	10,9
Launuð störf (verkmannaastétt)	Starfsfólk í þjónustu (fag- og ófaglært)	138	12,2
Utan vinnumarkaðar	Eftirlaunaþegar, öryrkjar, nemendur, osfrv.	334	30
Alls		1130	100

Heimild: Jón Gunnar Bernburg og Guðmundur Oddsson (2019)

Í ljósi ofangreinds hefur Oesch (2006) sett fram stéttalíkan sem ætlað er að fanga betur flækjustig breyttrar stéttagerðar, þ.m.t. bæði lóðréttá vídd stéttaskiptingar (vald innan stofnunar og eftirsóttá hæfni á markaði) og lárétta (mismunandi verkefni). Útgangspunktur Oesch-líkansins er sá að hvorki sé til einsleit og samstæð millistétt né verkamannastétt, heldur ríki fjölbreytni innan hversrar stéttar sem ræðst af vinnureynslu einstaklinga. Vinnureynsla byggir jafnframt á ákveðinni vinnunálgun sem hefur mótandi áhrif á tilhneigingar og hegðun fólks, t.d. á stjórn málasviðinu (Oesch, 2006, 2008). Stéttalíkan Oesch samanstendur af átta stéttum, sem má sjá í Töflu 2. Í töflunni má einnig sjá samsvarandi stéttagerð Íslands sem byggir á svörum lýsandi úrtaks í Íslensku kosningarannsókninni árið 2016 (Jón Gunnar Bernburg og Guðmundur Oddsson, 2019).

Stéttastjórnsmál

Stéttastjórnsmál (e. *class politics*) vísa til „athæfis, frá stéttakosningu til samhentra aðgerða [e. *collective action*], einstaklinga sem hafa sameiginlega efnahagslega hagsmuni. Vitund þeirra um sameiginlega hagsmuni knýr þá til þess að styðja við útkomur – svo sem endurdreifingu tekna, eigna og pólitísku valds – sem auka velferð stéttar þeirra“ (Hechter, 2004:402; sjá einnig Sartori, 1969). Meðal helstu birtingarmyndar stéttastjórnsmála eru stéttasamtök á borð við stjórnsmálaflökka og stéttarfélag, stéttakosning, algengi stéttarfélagsaðildar (e. *unionization*) og verkfallstíðni.

Stéttastjórnsmál náðu ákveðnu hámarki á Vesturlöndum á fyrstu áratugum 20. aldar en fræðimenn greinir á um hvort dregið hafi úr tengslum stéttarstöðu og stjórnsmálaskoðana og –

hegðunar í seinni tíð eða hvort um sé að ræða órætt flökt (e. *trendless fluctuation*) (Hout, Brooks og Manza, 1995; Clark og Lipset 2001). Burtséð frá því er engum blöðum um það að fletta stéttaskipting mótar enn stjórnmal í kapitalískum lýðræðisríkjum Vesturlanda. Rannsóknir sýna t.a.m. stéttamun þegar kemur að stjórnmalapáttöku, flokkshollustu og kosningahegðun, auk þess sem stjórnmalaflokkar draga alla jafna taum sumra stétta umfram aðrar. Þá hafa stéttir mismikinn pólitískan slagkraft og þ.a.l. mismikil tók á því að móta samfélagið í sinni mynd (Evans, 1999; Manza og Brooks, 2008).

Stéttir og stéttastjórnmal settu í upphafi 20. aldar afgerandi svip á flokkakerfi Evrópulanda. Íslands var engin undantekning hvað þetta varðar, sér í lagi eftir að landið varð fullvalda (Ólafur Ragnar Grímsson, 1976; Ólafur Ragnar Grímsson og Þorbjörn Broddason, 1977; Svanur Kristjánsson, 1979; Auður Styrkársdóttir, 1999). Kunnasta félagsfræðikenningin þessa efnis kveður á um að evrópsku flokkakerfin endurspegli félagslega klofningsþætti þegar kosningaréttur varð almennur í byrjun 20. aldar, þ.m.t. stéttaklofning milli verkamanna og fjármagnseigenda. Flokkakerfin hafi svo „frosið“ og haldist að mestu óbreytt þrátt fyrir miklar þjóðfélagsbreytingar (Lipset og Rokkan, 1967). Íslenska flokkakerfið er gott dæmi. Stjórnmalaflokkarnir sem skipa hinn s.k. „fjórflókk“, sem nær einokaði íslensk stjórnmal frá 4. áratugnum og fram að hrúni, voru upphaflega stofnaðir til þess að berjast fyrir tilteknum stéttarhagsmunum og eiga sér hliðstæður í nágrannalöndunum. Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – grænt framboð eiga rætur sínar að rekja til annars vegar Alþýðuflokksins og hins vegar Kommúnistaflokks Íslands, sem báðir voru stofnaðir sem verkamannaflokkar að erlendri fyrirmynd. Sjálfstæðisflokkurinn dregur taum atvinnurekenda og fjármagnseigenda og Framsóknarflokkurinn hefur sögulega barist fyrir hagsmunum bænda og landsbyggðarinnar (Ólafur Þ. Harðarson, 1995; Viðar Þorsteinsson, 2016).

Sjálfstæðisflokkurinn hefur skyggt á önnur stjórnmalaoöfl hérlendis frá stofnun hans árið 1929. Flokkurinn hefur lengst af verið með mest kjörfylgi, verið lengst við stjórnartaumana og haft mest ítök og völd í samfélaginu. Flokkurinn hefur reynt að höfða til breiðs hóps kjósenda og stéttasamvinnu, sbr. kjörordið „stétt með stétt“. Stefnumál flokksins beinast þó aðallega að því að standa vörð um óbreytt valdahlutföll í bland við aukna markaðsvæðingu í seinni tíð, sem greiðir helst götu fjármagnseigenda (Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson, 2009; Piketty, 2014). Sjálfstæðisflokkurinn var t.d. helsti kyndilberi nýfrjálshyggjuvæðingar (e. *neoliberalization*) fyrir hrún, sem jók ójöfnuð með einkavæðingu, regluslökun (e. *de-regulation*), frjálssara flæði lánsfjár og lækkun skatta á hátekjufólk, fyrirtæki og fjármagnseigendur (Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2005; Guðmundur Magnússon, 2008; Kolbeinn Stefánsson, 2010; Wade og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, 2010; Durrenberger og Gísli Pálsson, 2015; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Fjölmargin í alþjóðlega literátúrnum rennir stoðum undir orð Milbrath að „burtséð frá því hvernig stéttarstaða er mæld sýna rannsóknir staðfastlega að einstaklingar sem standa hærra í stéttakerfinu eru líklegri til þess að taka þátt í stjórnmalum en fólk af lægri stéttarstöðu“ (1965:116; sjá einnig Verba og Nie, 1972; Brady, Verba og Schlozman, 1995). Stéttamunurinn eykst eftir því sem þátttakan kallar á meiri skuldbindingu af viðkomandi, t.a.m. krefst það meira að ganga í stjórnmalaflokk en að kjósa (Beeghley, 1986; Manza og Brooks, 2008). Ýmislegt bendir hins vegar til þess að umræddur munur sé minni á Norðurlöndunum en víða annars staðar (Manza og Brooks, 2008). Á Íslandi hefur t.a.m. lengi verið mikil kjörsókn í alþjóðlegum samanburði (Bengtsson, Hansen, Ólafur Þ. Harðarson, Narud og Oscarsson, 2014), en engu að síður er nokkur munur á kjörsókn eftir menntun og tekjum meðal svarenda í Íslensku kosningarannsókninni, sem Ólafur Þ. Harðarson hefur staðið fyrir fyrir frá árinu 1983 (Íslenska kosningarannsóknin e.d.). Í óvigtuðum gögnum (þar sem kjörsókn er yfirleitt ofmetin um 10–15%) úr nýjustu umferð Íslensku

kosningarannsóknarinnar sögðust til dæmis 98% svarenda í efsta tekjufimmtungi hafa kosið í Alþingiskosningunum árið 2017 en 92% í neðsta tekjufimmtungi gerðu slíkt hið sama. Í sömu könnun sögðust um 97% svarenda með háskólapróf hafa kosið en 93% svarenda með grunnskólapróf. Munurinn í báðum tilvikum er tölfraðilega marktækur en mælist að öllum líkindum minni en hann er í raun og veru vegna úrtaksskekkju og rangra upplýsinga frá svarendum, auk þess sem kjörsókn hérlendis er mikil fyrir (Viktor Orri Valgarðsson, stjórn málafræðingur, tölvupóstur, 13. nóvember 2019). Niðurstöður alþjóðlegra rannsókna á kjörsókn sýna staðfastlega að fólk með hærri tekjur og meiri menntun er líklegra til þess að mæta á kjörstað (Evans, 1999; Manza og Brooks, 2008).

Varðandi stéttasamsetningu hérlendra stjórn málaflókka sýna niðurstöður rannsóknar Skafta Ingimarssonar, Kjartans Ólafssonar, Hermanns Óskarssonar og Guðmundar Oddssonar (óbirt handrit) að hlutfall verkafólks á móti millistéttarfólki var lægra í Sameiningarflokki alþýðu – Sósíalístaflokknum frá 1938 til 1960 en samsvarandi hlutfall á vinnumarkaði árið 1960 (n.t.t. 1,6 á móti 2,3). Hér ber að hafa í huga vöxt millistéttarinnar á rannsóknartímabilinu. Við greininguna bera Skafti og kollegar marxíska stéttaflokkun niðurstöður sínar fyrir Sósíalístaflokkinn saman við sambærilegar niðurstöður Ingimars Einarssonar (1987), sem greindi manntalið fyrir 1960. Það að stéttarstaða móti með þessum hætti þátttöku í verkamannaflokki á mesta jafnaðarskeiði eins mesta jafnaðarþjóðfélags í heimi á þessum tíma sýnir fram á jákvæð tengsl stéttarstöðu og stjórn málaþátttöku. Efniviðurinn í rannsókn Skafta Ingimarssonar og kollega kemur úr doktorsritgerð Skafta (2018). Nánar tiltekið er byggt á lýðfræðilegri greiningu Skafta á félagaskrá Sósíalístaflokksins, en í doktorsrannsókn sinni skoðar Skafti einnig Kommúnístaflokk Íslands (1930–1938). Rannsókn Skafta er hin fyrsta sinnar tegundar á félagaskrá hérlendra stjórn málaflókka. Notast er við frumheimildir sem varpa nýju ljósi á samfélagslega stöðu flokksmanna og félagssamsetningu umræddra flokka.

Greining Hauks Arnþórssonar (2019) á gagnagrunni Alþingis frá árunum 1991 til 2018 sýnir enn fremur að alþingismenn koma að langmestu leyti úr „yfirstétt“ (63%) þrátt fyrir að einungis 8% landsmanna teljist til hennar. Yfirstétt er hér skilgreind sem einstaklingur sem á foreldra sem eru landsfrægir eða í leiðandi stöðu í þjóðfélaginu (n.t.t. í atvinnulífi eða stjórnsýslu) og er skyldur eða tengist öðrum alþingismönnum fjölskylduböndum (Haukur Arnþórsson, 2019:115–116). Þessi skilgreining á stétt er óvenjuleg út frá sjónarhóli hefðbundinnar stéttgreiningar og á meira skylt við stöðuhóp (e. *status group*) í anda lagskiptingarkenningar Weber (1978). Hins vegar fanga skilgreiningar sem byggja á þjóðfélagsstöðu og ættartengslum einstaklinga í valdastöðu ágætlega félags- og menningarlegar víddir stéttaskiptingar (Warner, Meeker og Eels, 1949; Bourdieu 1987) og eiga vel rétt á sér, enda mikið notaðar við elíturannsóknir (Dahl, 1963; Ólafur Ragnar Grímsson, 1976; Þorsteinn Magnússon, 1979; Ólafur Þ. Harðarson, 2000; Christiansen, Munk, Møller og Togeby, 2001; Ruostetsaari, 2006; Magnús Þór Torfason, Þorgerður Einarsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, 2017; Gunnar Helgi Kristinsson, 2018). Ýmsar skilgreiningar eru til á elítum en almennt vísa þær til hóps eða hópa einstaklinga sem hafa völd umfram fjölda sinn (Haukur Arnþórsson, 2019:87). Stéttgreinendur einblína fremur á ráðandi stöðu þrengri hóps fjármagnseigenda í valdakerfinu en elítur, sem eru óræðari hópur (Sweezy, 1968).

Það að fjöldi alþingismanna úr yfirstétt sé óhóflegur miðaður við stærð stéttarinnar bendir til þess að stéttin hafi óvenju mikil tæk á því að hafa áhrif á löggjafarvaldið og þ.a.l. á samfélagið (Haukur Arnþórsson, 2019). Alþjóðlegur samanburður bendir aukinheldur til þess að styrkur yfirstéttarinnar á Alþingi sé langt umfram það sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum (Christiansen o.fl., 2001; Ruostetsaari, 2006). „[S]terk staða yfirstéttar á Alþingi er einsdæmi í norrænum stjórnmálum“ (Haukur Arnþórsson, 2019:116).

Niðurstöður Hauks (2019) kallast á við rannsóknir Ólafs Ragnar Grímssonar (1970, 1976). Hinar síðarnefndu útlista hvernig sama elítan var ráðandi á öllum sviðum íslensks mannlífs (þ.e. stjórnámálum, efnahagsmálum og menningar- og skólámálum) frá árinu 1800 og fram á 20. öld. Umrædd elíta einkenndist af einsleitni og skyldleika, m.ö.o. endurskapaði íslensk yfirstétt sig að mestu innan frá á 19. öld og fram á 20. öld. Ólafur Ragnar ályktar að fjölhyggja (e. *pluralism*) hafi að einhverju leyti veikt ættarveldi elítunnar eftir því sem leið á 20. öldina og birtist m.a. í því að völd héldust fremur innan ætta en fjölskyldna. Enn fremur segir hann að tilkoma fjórflokksins hafi skapað samkeppni milli stjórnámálflokka og stétta sem hafi breytt samsetningu elítunnar.

Gunnar Helgi Kristinsson (2018) gerði nýlega rannsókn á átta elítum á Íslandi, þ.m.t. stjórnámáaelítunni (e. *political elite*). Hann heggur í sama knérunn og Ólafur Ragnar og dregur þá ályktun að fjölhyggja hafi með tímanum veikt elítisma. Gunnar Helgi setur fram kenningaramma sem á að endurspegla þróunina frá hefðbundnum elítisma (e. *traditional elitism*) yfir í samkeppnielítisma (e. *competitive elitism*) og loks faglega fjölhyggju (e. *professional pluralism*). Líkt og Ólafur Ragnar segir Gunnar Helgi að íslenska elítan hafi á öldum áður einkennst af hefðbundnum elítisma, sem birtist í því að einstaklingar fæðast inn í elítu eða tengjast henni sterkum fjölskylduböndum. Á millistríðsárunum hafi samkeppniselítismi tekið við samhliða uppgangi stéttastjórnamála. Samkeppniselítismi hérlendis einkennist af samkeppni innan fjórflokksins og endurspeglaði hagsmuni þeirra stétta sem studdu flokkana. Á seinni hluta 20. aldar hafi ákveðin fagleg fjölhyggja flækt elítumyndunina. Þá hafi elítur myndast í ríkari mæli á faglegum grunni og verðleikum. Þessu fylgdi að stjórnámálamenn þurftu að gefa eftir völd sín á fleiri sviðum eftir því sem menntun og sérhæfing almennings jókst. Gunnar Helgi ályktar að menntun og sérhæfing einkenni elítur samtímans, sem séu orðnar nokkuð sjálfstæðar, og að hugarheimur þeirra byggist í auknum mæli á sjálfstæðum forsendum. Líkt og Ólafur Ragnar (1976) telur Gunnar Helgi þó að hefðbundinn elítismi sé enn til staðar og samtvinnnaður samkeppniselítisma. Hins vegar telur Gunnar Helgi að ekki sé til staðar ráðandi elíta (e. *ruling elite*) í íslensku þjóðfélagi (sbr. Mills, 1956; Domhoff, 1990).

Niðurstöður Hauks Arnþórssonar (2019) eru að ýmsu leyti ekki í takt við þróunina sem Ólafur Ragnar (1976) og Gunnar Helgi (2018) lýsa. Greining Hauks á ættartengslum þingmanna á tímabilinu 1991 til 2018 sýnir t.a.m. að 37,8% þingmanna hafa ættartengsl við aðra sem hafa setið á Alþingi. Ef slembival réði því hverjir sætu á Alþingi ættu einungis 7,2% þingmanna að vera skyldir öðrum þingmönnum. „Gögnin benda tvímælalaust til þess að hér geti stjórnámáaelítan byggst að einhverju leyti á ættartengslum og því að ákveðnar fjölskyldur verji stöðu sína svipað og á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar“ (Haukur Arnþórsson, 2019:106). Vísbendingar eru um að ættarveldið hafi eitthvað gefið eftir á rannsóknartímabilinu en óvíst er hvort áframhald verði á því (sjá einnig Einar Olgeirsson, 1958).

Greining Hauks (2019) bendir enn fremur til þess að íslenska stjórnámáaelítan sé mun lokaðri en gengur og gerist á Norðurlöndunum, þ.e.a.s. hérlendis skipta ættartengsl og sterk þjóðfélagsstaða fjölskyldu meira máli. Haukur túlkar niðurstöður sínar þannig að íslenska stjórnámáaelítan sé félagslega einsleitur forréttindahópur og gerir því skóna að hópvitund þingmanna sé nokkuð mikil og samfélagssýn þeirra einsleit. Aðrar rannsóknir benda jafnframt til þess að talsverður samgangur og hópvitund sé milli elítuhópa hérlendis (Magnús Þór Torfason o.fl., 2017; Gunnar Helgi Kristinsson, 2018). Niðurstöður Gunnars Helga (2018) sýna t.d. að meðlimir í öðrum elítuhópum hérlendis hafa mikil félagsleg samskipti við stjórnámáaelítuna. Þá sýna Magnús Þór Torfason og meðhöfundar (2017) fram á talsverð innbyrðis tengsl milli einstaklinga í viðskipta- og atvinnulífselítunni og tengsl við aðrar elítur, s.s. elítur félags- og hagsmunasamtaka og stjórnámáaelítuna. Sem dæmi er búsetueinsleitni stjórnámáaelítunnar fjórum sinnum meiri en þeirra sem taka ekki þátt í stjórnmalastarfi. Haukur Arnþórsson (2019:129) ályktar að elítur á Íslandi séu „ótvírætt samloðandi“ og að

stjórn málaelítan hafi einsleita samfélagssýn og deili henni með samtengdum elítum. Slíkt ástand er stórvarasamt, enda hleypir það þeirri hættu heim að hinir hæst settu og voldugustu í samfélaginu hafi óeðlileg áhrif á löggjafann og skari þannig eld að eigin köku. Ýmsar bækur sem hafa komið út frá hrúni varpa ljósi á samgang hinna valdamiklu hér á landi (t.d. Guðmundur Magnússon, 2008, 2012; Jóhann Hauksson, 2011; Magnús Halldórsson og Þórður Júlíusson, 2013; Guðrún Johnsen, 2014; Ingi Vilhjálmsson, 2014; Eiríkur Bergmann, 2014).

Stéttir hafa einnig mótandi áhrif neðan frá, s.s. í gegnum stéttar- og verkalýðsfélög, jafnaðar- og verkamannaflokka og önnur samantekin ráð þeirra sem reyna að rétta hlut þeirra sem eru í neðri hluta stéttakerfisins. Undir lok 19. aldar glæddist félagsvitund með íslensku þjóðinni og ýmis félagasamtök voru stofnuð til að gæta hagsmuna einstakra hópa. Hér skipti mestu máli greinilegri stéttaskipting samfara þróun kapítalísks hagkerfis við sjávarsíðuna en „[m]eð þéttbýlismyndun eflist stéttarvitund meðal einstaklinga úr neðstu lögum samfélagsins og forsendur sköpuðust fyrir samtakamætti þeirra“ (Ólöf Garðarsdóttir, 2006:25). Vaxandi verkamannastétt þróaði smám saman með sér stéttarvitund, sem hlutgerðist í stéttbundnum skipulagsheildum á borð við stéttarfélag; baráttutækjum verkamanna í stéttabaráttunni (Ólafur Ásgeirsson, 1988; Hyman, 2001).

Prentarar voru brautryðjendur í verkalýðsbaráttu á Íslandi og víðar og stofnuðu fyrsta stéttarfélagið hérlendis árið 1887 (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1997). Óslitin saga verkalýðs- og stéttarfélaga hófst svo með stofnun Bárufélagsins árið 1894, en áður en verkafólk tók höndum saman var það allt að því réttlaut (Ólafur R. Einarsson, 1970; Sumarliði R. Ísleifsson, 2013). Ýmislegt ávannst á fyrstu árum verkalýðsbaráttunnar en risaskref var tekið með stofnun Alþýðusambands Íslands (ASÍ) árið 1916:

[E]n með því má segja að stéttastjórnsmál hafi stigið fyrir alvöru inn á leiksvið íslenskra stjórnsmála. Um miðjan annan áratug 20. aldar var svo komið að stofnun og starfsemi félagasamtaka, stjórnsmálaflokka og hagsmunasamtaka byggðist ekki lengur á afstöðunni til sjálfstæðismálsins, heldur hagsmunum hinna ýmsu stétta, sem höfðu mismunandi mat á skiptingunni hinna efnalegu gæða (Jón Gunnar Grjetarsson 1993:234).

Hið sama ár var Alþýðuflokkurinn stofnaður sem stjórnsmálaafli verkafólks. Þetta tvennt ber auknum styrk verkamannastéttarinnar á fyrstu áratugum 20. aldar sterkt vitni. „Áfram voru konur þó jaðarsettar í hinu nýja valdakerfi og gildi þá einu hvort um var að ræða stéttarfélag, pólitíska flokka eða stjórnkerfið“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2010:31; sjá einnig Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 1995 og Auður Styrkarsdóttir, 1999).

Árið 1930 klufu róttækir meðlimir sig úr Alþýðuflokknum og stofnuðu Kommúnistaflokk Íslands, sem seinna myndaði Sósíalístaflokkinn árið 1938 með öðru klofningsbroti úr Alþýðuflokknum. Arftakar þessara flokka hafa haldið áfram að klofna, sameinast og umbreytast fram á þennan dag. Þessi átakasaga hefur vafalaust haft þau áhrif að íslenskir jafnaðar- og verkamannaflokkar hafa ekki haft jafn mikil áhrif á vettvangi stjórnsmálanna og á hinum Norðurlöndunum, þar sem þeir lögðu grunninn að norræna samfélagslíkaninu. Einkenni líkansins er viðamikil velferðarkerfi, öflugt lýðræði, sterk launþegahreyfing og óvenju jöfn skipting tekna og annarra lífsgæða (Esping-Andersen, 1990). Ingólfur V. Gíslason (2006) telur að skortur á öflugum pólitískum bakhjörllum fyrir verkamannastéttina sé „meginskýring þess að íslensk alþýða hefur búið við ívið lakari félagsleg og borgaraleg réttindi en alþýða hinna Norðurlandanna“ (bls. 16). Það er að þessu leyti sem íslenska kerfið sker sig að nokkru leyti frá norræna samfélagslíkaninu (Stefán Ólafsson, 1999)

Kjarabaráttu verkafólks hérlendis birtist á margvíslegan hátt í byrjun 20. aldar. Fyrst um sinn snerist baráttan að miklu leyti um tilverurétt stéttar- og verkalýðsfélaga, samningsréttinn, aukna stéttarfélagasáðild, forgang til starfa og peningaborgun launa (Svanur Kristjánsson, 1976). Stéttarfélag og önnur launþegafélög eflust með tímanum og aukin harka færðist í stéttaátök. Sérstaklega voru kreppuárin tímabil mikils atvinnuleysis, uppbota og verkfalla. Þrátt fyrir erfiða tíma var verkalýðshreyfingin eftir sem áður öflugur málsvari vaxandi verkamannastéttar. Til dæmis þá kallaði Einar Olgeirsson tímabilið 1930 til 1942 „hetjutímabil verkalýðshreyfingarinnar“ og jafnframt „skeið hörðustu stéttabaráttunnar, sem háð hefur verið á síðustu öldum og endar með sigrinum og lífskjarabyltingunni 1942“ (1968:202; 1983). Í kjölfar vaxandi styrks verkamannastéttarinnar og pólitísku arms hennar, Alþýðuflokksins, voru samþykkt lög um verkalýðsfélög og vinnudeilur árið 1938 að norrænni fyrirmynd. Þar með fengu verkalýðsfélög viðurkenningu atvinnurekenda og ríkisvalds og samningsrétturinn var formlega staðfestur (Ragnheiður Kristjánsdóttir, 2008; Sumarliði R. Ísleifsson, 2013).

Á eftirstríðsárunum voru íslensk stéttar- og verkalýðsfélög orðin öflugri en víðast hvar á Vesturlöndum (Svanur Kristjánsson, 1977). Að sama skapi þróuðust einnig öflug samtök atvinnurekenda og vinnumarkaðurinn einkenndist lengi vel af miklum átökum atvinnurekenda og launþega. Stéttaátökin brutust m.a. út í hörðum vinnudeilum og tíðum verkföllum, en verkfallstíðni hérlendis var um tíma ein sú mesta innan landa Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og langt umfram það sem tíðkaðist á hinum Norðurlöndunum (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013; Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2006; Stefán Ólafsson, 1982). Stéttaátökin hafa einnig verið skýrð með því að frá og með 4. áratugnum hafi íslenskt verkafólk verið með mikla stéttarfélagasáðild en ekki haft nægilega sterka bakhjarla á þingi (Guðmundur Jónsson, 2014). Einnig má álykta að mikil stéttaátök megi skýra með takmörkuðu atvinnulýðræði hérlendis, einkum framan af (Þorleifur Friðriksson og Gestur Guðmundsson, 1990; Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1992).

Þrátt fyrir að skort hafi á styrk m.t.t. stjórn mála, ríkisvalds og fjölmiða, hefur íslenska verkalýðshreyfingin verið öflug ef litið er til þátttöku launafólks í stéttar- og verkalýðsfélögum og einnig ef miðað er tækifærin til að beita samningsrétti sínum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum (Stefán Ólafsson, 1999; Ingólfur V. Gíslason, 1994, 2006; Sumarliði R. Ísleifsson, 2013; Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2019). Fyrir vikið hefur Ísland, þrátt fyrir nokkra sérstöðu, getað fylgt norrænni samfélagsþróun að mörgu leyti. Þá hafa íslenskir jafnaðar- og verkamannaflokkar og verkalýðshreyfingin alla jafna litið til hinna Norðurlandanna eftir fyrirmyndum við að gæta hagsmuna milli- og lægri stétta. Heilt yfir má þó gera því skóna að íslenska verkamannastéttin sé að einhverju leyti fórnarlamb eigin velgengni, því sigrar hennar (s.s. aukin efnahagsleg velsæld og öflugra velferðarkerfi) hafa dregið úr stuðningi við jafnaðar- og verkamannaflokka (Esping-Andersen, 1990; Evans, 2017). En þrátt fyrir að dregið hafi úr stéttarfélagasáðild víða í Evrópu sl. 20 ár hefur hún haldist nokkuð stöðug hérlendis. Árið 2016 var stéttarfélagasáðild 87% og er ein sú mesta sem þekktist í Evrópu og þó víðar væri leitað (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2019). Samkvæmt nýlegri rannsókn Guðmundar Oddssonar og Kolbeins Stefánssonar (2019) er stuðningur við stéttarfélag mjög almennur á Íslandi en þó ívið meiri í efri millistétt. Rannsóknir hafa einmitt sýnt fram á tengsl milli viðhorfa einstaklings til stéttarféлага og vilja þeirra að ganga í stéttarfélag (t.d. Charlwood, 2002).

Áhrif stéttaskiptingar á stjórn málasviðinu birtast einnig í kosningahegðun, enda hefur kosningakerfinu verið líkt við „lýðræðislega stéttabaráttu“ (e. *democratic class struggle*) (Anderson og Davidson, 1943; Korpi, 1983). Stéttakosning (e. *class voting*) vísar til tilhneigingar einstaklinga í tiltekinni stétt að kjósa ákveðinn stjórn málaflokk eða frambjóðanda umfram aðra kosti, samanborið við einstaklinga í annarri stétt (Evans, 2017:177). Síðgild staðhæfing Lipset undirstrikar hefðbundin tengsl stéttarstöðu og

kosningahegðunar: „Mikilvægasta einstaka staðreyndin um fylgi stjórnmalaflokka er sú að í nánast öllum efnahagslega þróuðum löndum kjósa þeir tekjulágu einkanlega vinstri flokka, en þeir tekjuháu kjósa einkanlega hægri flokka“ (Lipset, 1981:223–224). Í gegnum tíðina hafa rannsakendur á þessu sviði hins vegar mestmegnis notast við stéttalíkön sem byggja á grófri starfsstéttaskiptingu, sér í lagi tvískiptingu hinnar hefðbundnu verkamannastéttar (e. *manual workers*) og hinnar hefðbundnu millistéttar (e. *non-manual workers*), til að mæla hefðbundna stéttakosningu (Evans, 2017). Frægasti mælikvarði hefðbundinnar stéttakosningar er Alford-kvarðinn sem sýnir muninn á hlutfalli verkafólks sem kys vinstri flokka og hlutfalli millistéttarfólks sem kys vinstri flokka (Alford, 1964).

Rannsóknir benda til þess að hefðbundin stéttakosning hafi verið öflug á Íslandi framan af 20. öldinni en veikst mikið síðan (Svanur Kristjánsson, 1977; Ólafur Þ. Harðarson, 1979; 1995; 2004; Gunnar Helgi Kristinsson, 1991). Með öðrum orðum: Framan af kaus verkafólk vinstri flokka í mun ríkari mæli en millistéttin. Niðurstöður rannsóknar Ólafs Þ. Harðarsonar (1995), þar sem m.a. var spurt um kosningahegðun foreldra svarenda í æsku, benda til þess að stéttakosning hafi verið sterk á 4. og 5. áratugnum en að dregið hafi úr henni á 6. og 7. áratugnum. Ólafur (1995, 2003) notast við Alford-kvarðann í seinni rannsóknum og benda niðurstöður hans til þess að stéttakosning á Íslandi hafi verið veikburða á 9. áratugnum og vart merkjanleg í kosningunum 1995. Niðurstöður Bengtsson og kollega (2014:36) sýna svipaða niðurstöðu fyrir stéttakosningu í byrjun 21. aldar. Enn fremur sýna niðurstöðurnar að íslenska flokkakerfið sé minnst skauthverft á Norðurlöndum með tilliti til hægri-vinstri fjarlægðar milli kjósenda. Í ljósi þessa staðhæfa rannsakendur að stéttaskipting skipti minna máli fyrir kosningahegðun hérlendis en víða annars staðar og að málefni og samhengi tiltekinna kosninga vegi þyngra (Indriði H. Indriðason, Eva H. Önnudóttir, Hulda Þórisdóttir og Ólafur Þ. Harðarson, 2017; Eva H. Önnudóttir, Schmitt og Ólafur Þ. Harðarson, 2017).

Það ætti ekki að undra að dregið hafi úr hefðbundinni stéttakosningu samfara því sem stéttakerfið hefur umbreytt (Oesch, 2006; Kalleberg, 2013). Rannsóknir sýna þó að stéttaskipting hefur enn áhrif á kosningahegðun þótt hún geri það ekki lengur á hefðbundinn hátt (Manza og Brooks, 2008). Það er til að mynda munur á kosningahegðun lágtekjufólks sem býr við takmarkað atvinnuöryggi og skert tækifæri og hátekjufólks í öruggum störfum með mikil tækifæri (Evans, 2000). Ítarleg stéttalíkön á borð við Goldthorpe-líkanið (Erikson og Goldthorpe, 1993) og Oesch-líkanið (Oesch, 2006) þykja þ.a.l. heppilegri til að mæla stéttakosningu en líkön sem byggja á einfaldri tvískiptingu, s.s. þeirra sem vinna líkamlega erfiðisvinnu og hinna (Evans, 2017).

Agnar Freyr Helgason (2018) notast við fyrrnefnt Oesch-stéttalíkan (Oesch, 2006) til þess að rannsaka þróun stéttakosningar á Íslandi frá 1999 til 2016 með langtímagögnum úr Íslensku kosningarannsókninni. Niðurstöður Agnars Freys (2018) benda til þess að stéttaskipting móti enn kosningahegðun Íslendinga og að stéttakosning hafi aukist í kjölfar efnahagshrunsins. Enn fremur virðist sem kreppan sem fylgdi í kjölfarið hafi spilað lykilhlutverk við eflingu stéttakosningar, vegna uppákoma og átaka í tengslum við efnahagsleg málefni. Einnig greiddi niðursveiflan götu nýrra stjórnmalaflokka. Niðurstöðurnar sýna að Sjálfstæðisflokkurinn var mest skauthverfður á rannsóknartímabilinu, þ.e. stéttamunur í kosningahegðun var mestur þegar kom að honum. Enn fremur jókst þessi munur í kjölfar efnahagshrunsins. Þá virðist sem nýir stjórnmalaflokkar hafi aukið stéttakosningu, en svipaður stéttamunur var hjá Pírötum í kosningunum árið 2016 og hjá Sjálfstæðisflokknum. Niðurstöðurnar benda til þess að stéttaskipting skipti enn máli fyrir kosningahegðun Íslendinga og að umrót í kjölfar efnahagshrunsins hafi aukið áhrifin.

Niðurstöður Agnars Freys Helgasonar (2018) kallast á við rannsókn Jóns Gunnars Bernburg og Guðmundar Oddssonar (2019) á fjöldamótum gegn efnahagsforréttindum í kjölfar uppljóstrana um hin s.k. „Panamaskjöl“, sem sýndu að u.þ.b. 600 Íslendingar, þ.m.t. háttsettir stjórnmalamenn á borð við þáverandi forsætisráðherra, földu fé í skattaskjólum

(Þorvaldur Gylfason, 2019). Jón Gunnar og Guðmundur notast við Oesch-stéttalíkanið og niðurstöður þeirra sýna að stéttarstaða mótar stuðning við samtímamótmæli gegn efnahagsforréttindum. Nánar tiltekið: Félags- og menningarstarfsmenn (e. *socio-cultural professionals*) studdu mótmælin frekar en fyrirtækjaeigendur/sjálfstætt starfandi (e. *employers/self-employed*) studdu mótmælin síður. Stuðningur jókst enn fremur með aukinni menntun og þeir sem áttu í fjárhagserfiðleikum voru líklegri en aðrir til þess að styðja mótmælin.

Niðurstöður Jóns Gunnars Bernburg og Guðmundar Oddssonar (2019) eru í samræmi við aðra rannsókn Jóns Gunnars Bernburg (2019) á breytingum á drifkröftum mótmælahegðunar á Íslandi í kjölfar hrunsins, sem átti upphaf sitt í fjármálageiranum og leiddi til efnahagskreppu, seinna til niðurskurðar og loks pólitískrar kreppu. Jón Gunnar greindi mótmæli á tímabilinu 2003 til 2016 og meðal helstu niðurstaðna hans er að óánægja með stöðu lýðræðisins og berskjölduð efnahagsstaða lágtekjufólks og yngra fólk urðu sterkari forspárþættir eftir hrun. Þá urðu miðjumenn einnig líklegri til þess að mótmæla en hægrimmenn eftir hrun, en vinstrimmenn voru alltaf líklegri til þess að taka þátt í mótmælum en hægrimmenn á rannsóknartímabilinu. Áhrif stéttarstöðu á mótmælahegðun voru ósamkvæm yfir tímabilið en niðurstöður benda þó til meiri stuðnings meðal sérfræðinga sem eru ekki í stjórnunarstöðum (e. *non-managerial professionals*) miðað við aðrar starfsstéttir (sjá einnig Jón Gunnar Bernburg, 2016).

Stéttaójöfnuður

Birtingarmyndir stéttaskiptingar eru margvíslegar. Þegar fræðimenn kortleggja hins vegar stéttaskiptingu í samfélaginu í heild skoða þeir aðallega stéttaójöfnuð (e. *class inequality*), sem vísar til þess að hve miklu leyti ýmsum gæðum er misskipt milli stétta, hvernig svo sem þær eru skilgreindar (Zhou og Wodtke, 2018). Hér má helst nefna hlutlæga mælikvarða á borð við skiptingu tekna og eigna og hreyfanleika milli stétta, og huglægar víddir eins og viðhorf fólks til ójafnaðar og tækifæra (Lareau og Conley, 2008).

Tekjudreifing (e. *income distribution*) – sem mótar lífskjör fólks og tækifæri – gefur mikilvægar upplýsingar um stéttaskiptingu. Rannsóknir Stefáns Ólafssonar og Arnaldar Sölva Kristjánssonar (2017) sýna að tekjum á Íslandi var mjög misskipt á millistríðsárunum – þegar íslenska stéttasamfélagið var ört að taka á sig mynd – líkt og algengt var í Evrópu á þessum tíma. Árið 1927 var t.d. tekjuhlutdeild efstu 10% framteljenda af heildartekjum allra fyrir skatt 42% (Jón Blöndal, 1942; Finnur Geirsson, 1977; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Gini-stuðull ráðstöfunartekna fyrir skatt var jafnframt 0,56. Gini-stuðullinn er algengur mælikvarði á tekjuójöfnuð, en hann dregur ójöfnuð í tiltekinni dreifingu saman í eina tölu á bilinu 0 til 1. Eftir því sem ójöfnuður er meiri færast gildi hans nær hámarksgildinu 1 (sbr. þegar allar tekjur falla einum aðila í hlut).

Tekjuójöfnuður hér á landi minnkaði aðeins milli 1927 og 1937 og heilmikið á eftirstríðsárunum samfara vexti millistéttarinnar og eflingu velferðarkerfisins. Hluttur efstu 10% framteljenda af heildartekjum lækkaði til að mynda í 24–25% á tímabilinu 1963–1975. Tekjuójöfnuður hélst lágur í alþjóðlegum samanburði frá 1945 til 1995, en á tímabilinu ríkti einhver mesti jöfnuður í heimi í íslensku samfélagi (Stefán Ólafsson, 1982, 1990, 1999; Atkinson, Rainwater og Smeeding, 1995). Aukinn jöfnuður á umræddu tímabili réðst ekki síst af því að kjör milli- og lágtekjuhópa bötnuðu örar en hátekjuhópa. Hér gætti engu að síður svipaðrar stéttaskiptingar og á hinum Norðurlöndunum, bæði hvað varðar tekjuskiptingu og hreyfanleika milli stétta (Stefán Ólafsson, 1982). Hins vegar urðu umskipti um miðjan 10. áratuginn, en frá þeim tíma bötnuðu kjör hátekjuhópanna hérlendis mun örar en hjá öðrum hópum.

Tekjuójöfnuður jókst hröðum skrefum frá miðjum 10. áratugnum í krafti örrar hnatt- og nýfrjálshyggjuvæðingar samfélagsins (e. *neoliberal globalization*) (Guðmundur Oddsson, 2014, 2016). Ein vísbending þessa er sú að 1% tekjuhæstu fjölskyldna fékk í sinn hlut 4,2% af heildartekjum á Íslandi árið 1993. Árið 2007 var hlutfallið hins vegar komið í 19,8%. Enn fremur jókst Gini-stuðull ráðstöfunartekna úr 0,26 árið 1993 upp í 0,44 árið 2007. Ójafnaðaraukningin sem um ræðir er sú mesta á jafn skömmum tíma sem sögur fara af meðal landa innan OECD. Á árunum 1995 til 2007 fór tekjuskipting á Íslandi frá því að vera sú jafnasta á Norðurlöndunum og upp í að vera sú ójafnasta. Rétt fyrir hrun hafði dregið verulega saman með Íslandi og Bandaríkjunum m.t.t. tekjuhlutdeildar tekjuhæstu 1% og 10% hópanna (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Tekjuójöfnuður hríðféll í kjölfar hruns en hefur aukist hægum skrefum frá 2011. Hlutfall tekjuhæstu 10% af heildartekjum allra hækkaði sem dæmi úr um 32% árið 2011 upp í um 34% árið 2015, sem er meiri hlutdeild en á hinum Norðurlöndunum, svo dæmi sé tekið. Svipaða sögu segir þróun tekjuhlutdeildar tekjuhæsta 1% af heildartekjum allra, en það var einmitt tekjuaukning tekjuhæstu hópanna – aðallega í formi aukinna fjármagnstekna (e. *capital gains*) – sem keyrði áfram geigvænlega tekjuójafnaðaraukningu á árunum fyrir hrun (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Gini-stuðull á grunni skattagagna sýnir að tekjuójöfnuður ráðstöfunartekna hérlendis jókst úr 25 árið 2010 í 27 árið 2015 (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Ítreka þarf að tölur um tekjuskiptingu út frá skattagögnum vanmeta, ef eitthvað er, tekjuójöfnuð því þær ná ekki til erlendra skattaskjóla. Í þessu sambandi má nefna að u.þ.b. 600 Íslendingar voru í Panamaskjölunum, sem einungis láku úr einu fyrirtæki í einu landi (Þorvaldur Gylfason, 2019). Gini-stuðullinn vanmetur einnig almennt ójöfnuð því hann er of næmur fyrir tekjum í miðri tekjudreifingunni og er ekki nógu næmur fyrir tekjum hæstu og -lægstu hópanna (Cobham, Schlögl og Sumner, 2015).

Tekjuójöfnuður hefur áhrif á fjölmarga þætti er varða einstaklinga og samfélög (Wilkinson og Pickett, 2009). Rannsóknir sýna t.a.m. að vellíðan íslenskra ungmenna hrakaði samfara auknum ójöfnuði fram að hruni (Inga Dóra Sigfúsdóttir, Bryndís B. Ásgeirsdóttir, Jón F. Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson, 2008) og að hamingja jókst um leið og ójöfnuður hrapaði í kjölfar hruns (Dóra G. Guðmundsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Felicia A. Huppert, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Unnur A. Valdimarsdóttir og Arna Hauksdóttir, 2015). Rannsókn Rögnu Benediktu Garðarsdóttur, Bond, Arndísar Vilhjálmisdóttur og Dittmar (2018) sýnir jafnframt að minnkandi tekjuójöfnuður í kjölfar hruns hafði mismunandi áhrif eftir félagshagfræðilegri viðkomandi. Huglæg vellíðan hóps (sem mældist með veikari félagshagfræðilegri stöðu og meiri efnishyggju í upphafi) jókst með tímanum en huglæg vellíðan betur setta hópsins minnkaði yfir rannsóknartímabilið. Þetta styður við tilgátuna um stöðukvíða (e. *status anxiety*), sem kveður á um að áhyggjur fólks af stöðu sinni í samfélaginu aukist eftir því sem ójöfnuður eykst, einkum í ríkum samfélögum og sér í lagi meðal þeirra sem standa hallari fæti (Ehrenreich, 1990; Wilkinson og Pickett, 2017).

Í samræmi við kenninguna um afstæðan skort (e. *relative deprivation*) (Runciman, 1966) má gera því skóna að aukinn ójöfnuður og sýnileiki efnaðs fólks á árunum fyrir hrun hafi ýtt undir óhagstæðan samanburð meðal almennings, en samkvæmt kenningunni mótar samanburður við annað fólk upplifun einstaklinga af skorti. Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2009) sýna t.a.m., á grundvelli spurningalistagagna sem safnað var árið 2006, að áhrif efnahagslegs skorts (e. *economic deprivation*) á huglæga þjóðfélagsstöðu fjölskyldunnar voru veikari meðal ungmenna þar sem almennur efnahagslegur skortur var útbreiddari í skólahverfinu.

Aukinn tekjuójöfnuður á uppgangstíma nýfrjálshyggjunnar fram að hruni fór síður en svo framhjá Íslendingum, þrátt fyrir að ýmsir áhrifamenn og stjórnámamenn þrættu fyrir að ójöfnuður hefði aukist (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012). Rannsóknir

Guðmundar Oddssonar (2014, 2016) á stéttaorðræðu frá 1986 til 2012 í *Morgunblaðinu* og á Alþingi sýna til að mynda að umfjöllun um stéttamun jókst verulega samfara stórauknum tekjuójöfnuði frá miðjum 10. áratugnum og fram að hruni. Enn fremur breyttist inntak orðræðunnar eftir því sem á leið og tók fólk almennt dýpra í árinna hvað varðar stéttamun eftir því sem ójöfnuður jókst.

Umræddar niðurstöður Guðmundar (2016) eru í góðu samræmi við rannsókn Arnaldar Sölva Kristjánssonar (2009) sem sýnir t.a.m. að 84% svarenda töldu árið 2009 að bilið á milli hæstu og lægstu tekna hefði breikkað mikið áratuginn á undan en 12% töldu það hafa breikkað aðeins. Þá sýna kannanir Félagsvísindastofnunar HÍ frá 1986 til 2010 að mikill meirihluti landsmanna (um 90%) álítur að launamunur hérlendis sé alltof mikill (Ásgeir Jónsson o.fl., 2001; Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2012). Um mitt tímabilið, árið 1997, samsinnu aukinheldur 82% landsmanna staðhæfingunni að launamunur á Íslandi væri orðinn það mikill að tvær þjóðir byggju nú í landinu. Hinir launalægstu tóku helst undir þá staðhæfingu (86–88%) en þeir launahæstu síst (59%) (Gallup, 1997). Heilt yfir benda viðhorfskannanir hérlendis til þess að þeim sem eru eldri, með lægri tekjur og minni menntun finnst helst launamunur of mikill. Þá er fólk líklegra til þess að segja launamun of mikinn í niðursveiflum og þegar atvinnuleysi og tekjuójöfnuður eykst (Ásgeir Jónsson o.fl., 2001).

En hver á launamunurinn milli starfsstétta hérlendis að vera? Rannsókn Jóns Gunnars Bernburg og Sigrúnar Ólafsdóttur (2012) á upplifun Íslendinga af raunverulegum launaójöfnuði sýnir að landsmenn vilja minni launaójöfnuð en þeir telja hann vera í raun. Svarendur töldu að heildarlaun hálaunastarfa væri 5,2 sinnum hærri (að meðaltali) en þeirra láglaunastarfa sem þeir voru beðnir að leggja mat á en þeir vildu að munurinn væri aðeins 2,8 (að meðaltali). „Athygli vekur hve mikil samstaða er um æskilegan launamun, en þrír af hverjum fjórum svarendum telja æskilegt að hátt settu störfín hafi um tvisvar til þrisvar sinnum hærri laun en lágt settu störfín“ (Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2012:293–294). Hér ber að hafa í hug að rannsóknin tekur einungis til atvinnutekna. Fjármagnstekjur, sem falla að langmestu leyti í hlut hátekjufólks, magna upp tekjuójöfnuð og ekki síst hér á landi (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Tekjur og eignir (e. *wealth*) eru nátengdar af því að tekjur umfram eyðslu geta leitt til eignamyndunar. Með eignum, eða auði, er átt við fjáreignir og aðrar eignir (s.s. fasteignir). Eðli málsins samkvæmt eiga hinir tekjuhærri mesta mögulega á því að safna eignum til lengri tíma. Jafnframt skiptast eignir almennt mun ójafnar milli fólks en tekjur. Eignir eru enn fremur afdrifaríkar fyrir endursköpun ójafnaðar. Miklar eignir eru ávísun á frekari auðsöfnun auk þess sem eignir erfast milli kynslóða. Hinir eignamestu hafa fyrir vikið alla jafna forskot á aðra, enda aukast eignir og tekjur af þeim örar í venjulegu árferði en atvinnutekjurnar sem langflestir reiða sig á (Piketty, 2014). Ísland hefur aldrei verið undantekning hvað þetta varðar. Hérlendis er eignaskiptingin mun ójafnari en tekjuskiptingin (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Þetta skýrist að hluta til af því að fjármagnseigendur geta með auðveldum hætti fjárfest erlendis og ávaxtað sitt pund en launþegar eru fastir í krónuhagkerfinu. Þessi aðstöðumunur magnar upp ójöfnuð í eignaskiptingunni, sem er mun meiri en tekjuójöfnuður: „Þannig eiga ríkustu tíu prósentin um 70% framtalinna eigna en samsvarandi hópur er einungis með nærri 25% heildartekna fyrir skatta. Bilið á milli ójafnaðarstigisins í eigna- og tekjuskiptingunni nú er enn meir[a] en [það] var t.d. á árunum fyrir seinni heimsstyrjöld“ (Gylfi Zoega, 2018).

Eignir eru alla jafna mældar sem samanlagðar fjáreignir og aðrar eignir á markaðsvirði að frádregnum skuldum, sbr. „hreina eign“ (e. *net wealth*) (Piketty og Zucman, 2014). Rétt eins og með tekjur var eignum afar misjafnt skipt á Íslandi á millistríðsárunum. Ríkustu 10% áttu 82% allra eigna og næstu 9% áttu rest, sem þýðir að hin 81% voru eignalaus (Jón Blöndal, 1942). Þetta þýðir jafnframt að ójöfnuðurinn í eignaskiptingunni var tvöfalt meiri en í tekjuskiptingunni. Enn fremur var eignaójöfnuðurinn á þessum tíma enn meiri en í

ójafnaðarsamfélaginu Bandaríkjunum. Eignaskiptingin jafnaðist örlítið milli 1927 og 1937 en ekki eru til haldbær gögn um þróunina frá 1938 til 1991. Hins vegar gefur þróun tekjuskiptingarinnar vísbendingu um að eignaskiptingin hafi jafnast umtalsvert á áratugunum eftir stríð samfara almennri uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og svo í kjölfar stofnunar og uppbyggingar almennra lífeyrissjóða eftir 1970 (Stefán Ólafsson, 1990).

Rétt eins og með tekjuskiptinguna jókst eignaójöfnuður samfara hnatt- og nýfrjálshyggjuvæðingu samfélagsins frá miðjum 10. áratugnum og fram að hrúni (Guðmundur Oddsson, 2014, 2016). Mest varð aukningin milli 2005 og 2010, þegar hlutdeild efnuðustu 10% jókst úr 56% í 87%. Auðsæ birtingarmynd þessarar þróunar og hinnar geigvænlegu aukningar tekjuójafnaðar var aukið bil milli ríkra og fátækra samfara fjölgun nýríkra Íslendinga og myndun ofurríkrar yfirstéttar „þverþjóðlegra kapítalista“ (e. *transnational capitalist class*) (Sklair, 2001; Ívar Jónsson, 2008, 2012; Guðmundur Magnússon, 2008; Guðmundur Oddsson, 2016). Síðan hefur hlutdeild ríkustu 10% lækkað og tölur fyrir árið 2018 sýna að ríkustu 10% landsmanna eiga 58% allra hreinna eigna (Hagstofa Íslands, 2019a; sjá einnig Þórður Snær Júlíusson, 2018a, 2018b, 2019).

Afgerandi skref í átt að nýfrjálshyggju og auknum eigna- og tekjuójöfnuði hérlendis var tekið árið 1991 þegar kvótakerfið var fest í sessi. Í raun einkavæddi þessi aðgerð fiskinn í kringum landið, verðmætustu náttúruauðlindina og þjóðareign. Síðan hefur kvótinn og auður færst á sífellt færri hendur (s.k. „kvótakónga“), auk þess sem fjarað hefur undan litlum sjávarbyggðum (Einar Eyþórsson, 1997; Gísli Pálsson og Agnar S. Helgason, 1995, 1996; Stefán Ólafsson, 2011; Níels Einarsson, 2015; Viðar Þorsteinsson, 2016). Önnur vatnaskil urðu um miðjan 10. áratuginn þegar Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ýttu nýfrjálshyggju tilraun Íslands úr vör fyrir alvöru auk þess sem landið gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) (Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 2004). EES-aðild veitti Íslendingum aðgang að innri markaði Evrópusambandsins og frjálsum flæði 1) fólks, 2) varnings, 3) þjónustu og 4) fjármagns. Erlent lánsfé leyfði Íslendingum að útvíkka atvinnustarfsemi sína frá fiskveiðum og álbræðslu og yfir í alþjóðlega fjármálastarfsemi. Samhliða þessu einkavæddi ríkisstjórnin margvísleg ríkisfyrirtæki, þ.m.t. fjarskiptafyrirtæki, orkufyrirtæki og ríkisbankana. Eignaskattur var afnuminn auk þess sem skattar á fyrirtæki og fjármagn urðu einhverjir þeir lægstu í Evrópu. Þetta í bland við afreglun og almenna afskiptaleysisstefnu (e. *laissez-faire*) gagnvart atvinnulífinu, knúði aukinn eigna- og tekjuójöfnuð og bjó til ofurríka stétt „útrásarvíkinga“ sem haslaði sér völl erlendis sem hérlendis (Guðmundur Magnússon, 2008; Wade, 2009). Á hátindi hins skuldadrifna bóluhagkerfis sagði bandaríski hagfræðingurinn Arthur Laffer: „Árangur Íslendinga í efnahagsmálum er framúrskarandi og ætti landið að vera fyrirmynd annarra“ (Ofhitnun ekki hættuleg, 2007). Ári síðar reið hrúnið yfir (Guðni Th. Jóhannesson, 2009).

Samanburður á eignaójöfnuði milli landa er vandmeðfarinn því gögn mismunandi landa eru ekki nógu samhæfð og stöðluð. Af þessum sökum þarf að hafa ákveðna fyrirvara á slíkum samanburði. Með fyrirvara um gæði gagna er Ísland rétt undir meðaltali þegar kemur að eignaójöfnuði ef miðað er við hlutdeild ríkustu 10% af hreinum eignum samkvæmt nýjustu útgáfu „Global Wealth Databook“ fyrir árið 2018. Tuttugu og sjö af þeim fjörutíu löndum sem eru til skoðunar eru með meiri eignajöfnuð út frá þessum mælikvarða en Ísland. Hafa verður þó í huga að nokkur þessara landa eru s.k. „þróunarlönd“ (e. *developing countries*), en þau eru jafnan plöguð af mikilli misskiptingu og fátækt. Þá er Ísland með meiri eignaójöfnuð, samkvæmt þessari mælingu, en Bretland, Frakkland og Kanada (Credit Suisse, 2018).

Hinn póll stéttaójafnaðar birtist neðst í stéttagerðinni í formi fátæktar (e. *poverty*), sem er flókið hugtak en vísar til ástands einstaklings sem hefur ekki efni á grunnþörfum (Rowntree, 1901; Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir, 2017; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Umfram lágmarks aðföng sem þarf til þess að draga fram lífið er hins vegar þrautinni þyngri að skilgreina hvað grunnþarfir eru, enda breytast þær

samfara þjóðfélagsbreytingum. Hér endurspeglast munurinn á algildri fátækt (e. *absolute poverty*) og afstæðri fátækt (e. *relative poverty*). Fyrri hugtakið vísar til þeirra tekna sem fólk þarf til þess að uppfylla grunnþarfir en það síðara til fyrirfram skilgreinds hlutfalls af tekjum tiltekins viðmiðunarhóps (s.s. miðtekna). Sem dæmi um mælingu á algildri fátækt má nefna að samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands bjuggu 5,5% Íslendinga við skort á efnislegum lífsgæðum árið 2014 (Hagstofa Íslands, 2019b). Lágtekjumörk (áður fátæktarmörk) eru dæmi um afstæða mælingu á fátækt en árið 2016 voru 8,8% einstaklinga undir lágtekjumörkum á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2019c). Báðar mælingarnar eru lágar í alþjóðlegum samanburði (Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir, 2017).

Fátækt hefur ekki verið rannsökuð sem skyldi af stéttgreinendum, m.a. vegna þess að erfitt er að henda reiður á þeim sem eru í stopulum tengslum við vinnumarkaðinn með hefðbundnum stéttalíkönunum sem byggja á starfsstéttaflokkunum (Fantasia, 1995). Hér verður hins vegar ekki fjallað nánar um fátækt, enda eru rannsóknum á fátækt á Íslandi gerð skil í greininni „Velferðarríkið og hin íslenska leið: Framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna“ í fyrri sérhefti *Íslenska þjóðfélagsins* um íslenska félagsfræði (Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnadóttir, 2017). Þeim sem vilja fræðast meira um fátækt á Íslandi er bent á bækurnar *Fátækt fólk* eftir Tryggva Emilsson (1976), *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar – Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins* eftir Hörpu Njáls (2003), *Ójöfnuð á Íslandi* eftir Stefán Ólafsson og Arnald Sölva Kristjánsson (2017) og nýlegar úttektir Hagstofu Íslands (2019b, 2019c).

Annar mælikvarði á stéttaójöfnuð er að skoða hversu „opin“ stéttakerfi eru, þ.e.a.s hversu mikill hreyfanleiki er innan kerfisins og hvaða líkur einstaklingar hafa á að færast milli stétta. Aukinn almennur félagslegur hreyfanleiki eykur samgang milli stétta, dregur úr stéttamun og minnkar líkur á stéttaátökum (Sorokin, 1927; Heath, 1981; Clement og Myles, 1994). Lítil hreyfanleiki bendir til ójafna tækifæra og þess að stéttaskipting sé að festa sig í sessi. Eldri rannsóknir benda til þess að Íslendingar leggi meira upp úr hreyfanleika, þ.e. jöfnum tækifærum til að vinna sig áfram (e. *equality of opportunity*), en því að allir búi við svipuð kjör (e. *equality of conditions*) (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991). Hægt er að skoða félagslegan hreyfanleika milli kynslóða (e. *inter-generational social mobility*) og innan kynslóðar (e. *intra-generational social mobility*) og er það alla jafna gert á grundvelli hlutlægrar eða huglægrar stéttarstöðu, starfsstéttar eða tekna. Að sama skapi er hægt að skoða algildan hreyfanleika (e. *absolute mobility*) og afstæðan hreyfanleika (e. *relative mobility*).

Algildur hreyfanleiki slær máli á hversu stór hluti fólks í samfélaginu hefur hreyfst upp eða niður (0–100%) á tilteknu tímabili. Algildur hreyfanleiki endurspeglar lóðréttan hreyfanleika sem kemur til vegna formgerðarbreytinga (e. *structural changes*) í samfélaginu, s.s. fjölgunar millistéttarstarfa í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar (Hout, 1988; Beller, 2009). Aukinn algildur hreyfanleiki dregur úr óánægju og stéttaátökum – hvort heldur er meðal þeirra sem hafa færst upp eða þeirra sem ekki hafa gert það – og festir hugmyndir um opið samfélag (e. *open society*) í sessi (Marx, 1894; Sorokin, 1927, 1959).

Afstæður hreyfanleiki vísar til þess hversu jöfn tækifæri fólk hefur til þess að komast áfram í samfélaginu. Mikill afstæður félagslegur hreyfanleiki þýðir að það er lítið um tækifærishindranir (e. *opportunity barriers*), sem eykur líkurnar á færslum milli stétta (Guðmundur Oddsson og Jón Gunnar Bernburg, 2018). Með öðrum orðum: Því meiri afstæður félagslegur hreyfanleiki, þeim mun jafnari tækifæri hefur fólk til þess að vinna sig upp í samfélaginu. Afstæður hreyfanleiki mælir hversu „opið“ samfélagið er m.t.t. þess hvaða áhrif upprunastaða hefur á líkur fólks til að vinna sig upp (Breen og Jonsson, 2007). Goldthorpe (2013) segir afstæðan félagslegan hreyfanleika „bera saman líkur einstaklinga af ólíkum stéttauppruna á að enda í mismunandi stéttum“ (2013:432).

Láréttur hreyfanleiki (e. *lateral mobility*) vísar til færslu innan sömu stéttar (s.s. þegar einstaklingur skiptir um starf sem hefur svipuð launakjör og tækifæri og fyrra starf). Lóðréttur

hreyfanleiki (e. *vertical mobility*), vísar til hreyfingar einstaklings eða hópa milli stétta, hvort sem það er upp eða niður stéttakerfið. Eitthvað var um láréttan hreyfanleika í stífu og stöðnuðu bændasamfélaginu fyrir innreið nútímans en lítið var um lóðréttan hreyfanleika enda engin raunveruleg millistétt, í nútímalegum skilningi, fyrir hendi og yfirstéttin fámenn (Loftur Guttormsson, 1989; Guðmundur Hálfðánarson, 1991; Halldór Bjarnason, 2006; Gunnar Karlsson, 2008). Þess í stað endurskapaði efri hluti stéttagerðarinnar – embættismenn, stórbændur og stórir landeigendur – sig mestmegnis kynslóð fram af kynslóð (Ólafur Ragnar Grímsson, 1976; Gustafsson, 1985).

Jóhannes Nordal (1953) lýsir vel þeim félagslegu breytingum sem urðu á íslensku samfélagi á 18. og 19. öld og fólu m.a. í sér „hnignun hinnar gömlu höfðingjastéttar og hægfara minnkun stéttamunar“ (2004:15). Aukinn stéttajöfnuður birtist í auknum félagslegum hreyfanleika og meiri samgangi milli stétta, sem greiddi götuna fyrir nútímavæðingu (Jóhannes Nordal, 1953). Félagsglegur hreyfanleiki upp á við varð aldrei mikill á 19. öld, en rannsókn Guðmundar Hálfðánarsonar (1993) á félagslegum hreyfanleika milli kynslóða sýnir t.a.m. að uppruni embættismanna og presta um miðja öldina var fyrst og fremst í sömu stéttum. Rannsóknir Ólafs Ragnars Grímssonar (1970, 1976) á íslenskri valdastétt á 19. öld og fram á 20. öld bera að sama brúnni.

Félagsglegur hreyfanleiki tók að aukast hraðar samfara nútímavæðingu Íslands á 20. öld. Fræðimenn hafa gert því skóna að stóraukinn félagsglegur hreyfanleiki upp á við, samfara vexti millistéttarinnar í krafti uppgangs í efnahagslífinu og styrkingu velferðarkerfisins, hafi gefið hugmyndum um stéttleysi Íslendinga byr undir báða vængi (Þorbjörn Broddason og Webb, 1975; Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Stefán Ólafsson, 1982; Þórólfur Þórlindsson, 1988). Þorbjörn Broddason og Keith Webb (1975) benda hinsvegar á að mýtan um stéttleysi Íslands eigi ekki við rök að styðjast, m.a. á grundvelli langtímagagna um félagslegan uppruna menntamanna (þ.e. lækna, lögfræðinga og presta) frá því fyrir 1915 og fram á 8. áratug síðustu aldar (sjá þó Þórólfur Þórlindsson, 1988). Seinni tíma rannsóknir staðfesta einnig að talsverð félagsgleg lokun einkenndi efri lög íslensks samfélags á seinni hluta 20. aldar (Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Stefán Ólafsson, 1982) og að auður hafi þá, sem fyrr, haft afgerandi áhrif á félagslegan hreyfanleika innan og milli kynslóða (Halldór Bjarnason, 1988, 2006).

Sigurjón Björnsson og samstarfsmenn (1977) gerðu um miðjan 7. áratuginn merka rannsókn á geðheilsu og námsárangri ungs fólks í Reykjavík eftir stéttaruppruna (e. *class origin*). Rannsóknin byggði á könnun sem náði til 1.100 ungmenna á aldrinum 5 til 15 ára, þar sem m.a. var safnað upplýsingum um starfstétt foreldra, afa og amma. Gögnin voru m.a. notuð til að greina félagslegan hreyfanleika milli kynslóða. Á grundvelli niðurstaðna sinna drógu rannsakendurnir þá ályktun að íslenskt samfélag á 20. öldinni hafi framan af einkennt af miklum félagslegum hreyfanleika upp á við.

Stefán Ólafsson (1982) byggði á sömu gögnum og Sigurjón og kollegar (1977) í doktorsrannsókn sinni og bar Ísland m.a. saman við Svíþjóð m.t.t. stéttagerðar og hreyfanleika á milli stétta. Stefán komst að þeirri niðurstöðu að algildur hreyfanleiki væri svipaður á Íslandi (41%) og í Svíþjóð (42%). Aðrar rannsóknir sýna að Svíar voru með meiri hreyfanleika en lönd eins og England og Frakkland á þessum tíma (Erikson, Goldthorpe og Portocarero, 1979). Hærra hlutfall fólks en í Svíþjóð (25%) hafði jafnframt færst upp á við á Íslandi (29%), sem skýrist ekki síst af örum vexti millistéttarinnar hérlandis á þessum tíma. Þetta endurspegladist m.a. í því að uppruni einstaklinga í efstu stétt og millistétt á Íslandi var tiltölulega fjölbreyttur m.t.t. stéttaruppruna. Aftur á móti einkenndist íslenska verkamannastéttin af mikilli einsleitni og sjálfsendursköpun (e. *class reproduction*). Sem dæmi endursköpuðu tveir þriðju hlutar sona verkamanna stéttarstöðu feðra sinna. Þetta skýrist m.a. af fækkun í röðum verkamanna samhliða örum vexti millistéttarinnar. Heilt yfir virðist þó sem Íslendingar hafi átt auðveldara með að færast á milli stétta en Svíar.

Skoðun Stefáns Ólafssonar (1982) á afstæðum félagslegum hreyfanleika, sem tekur formgerðarbreytingar á stéttagerðinni út fyrir sviga, sýndi hins vegar að einstaklingar með mismunandi stéttabakgrunn héraðs hafa ekki jöfn tækifæri til þess að vinna sig upp. Skýrustu dæmin um þetta er að finna hvort á sínum enda stéttagerðarinnar. Synir háskólamenntaðra sérfræðinga (e. *professionals*) voru 150 sinnum líklegri til þess að enda í sömu stétt á fullorðinsaldri en synir verkamanna (e. *manual workers*). Þá höfðu synir athafnamanna og stjórnenda annars vegar og tækna, millistjórnenda og kennara hins vegar meira en tíu sinnum meiri líkur á því að endurskapa stéttarstöðu föður síns en að synir verkamanna ynnu sig upp í umræddar stéttir. Þessar niðurstöður bera vott um stéttamun og tækifærishindranir. Mesta áhyggjuefnið er hins vegar að verulegur hluti þeirra sem tilheyra neðsta hluta íslenska stéttakerfisins er rótgróinn á sínum stað og endurskapar stéttarstöðu sína kynslóð fram af kynslóð.

Niðurstöður Stefáns Ólafssonar (1982) sem varða hreyfanleika milli stétta eru í góðu samræmi við rannsóknir á félagslegum hreyfanleika héraðs m.t.t. menntunar. Þórolfur Þórlindsson (1988) rannsakaði t.a.m. félagslegan hreyfanleika í Reykjavík milli kynslóða m.t.t. formlegrar menntunar og sýndu niðurstöður hans að efstu lög menntastigans eru tiltölulega opin fólki með margvíslegan bakgrunn en neðstu lög einkennast af ákveðinni lokun og sjálfs-endursköpun. Enn fremur hafa börn foreldra með mismunandi menntun ekki sömu möguleika að ganga menntavegin. Aðrir hafa einnig sýnt að menntasókn (e. *educational attainment*) og þ.m.t. félagslegur hreyfanleiki m.t.t. menntunar tengist stéttaruppruna (Sigurjón Björnsson o.fl., 1977).

Sem dæmi um félagslegan hreyfanleika innan sömu kynslóðar hér á landi má nefna rannsókn Ásgeirs Jónssonar o.fl. (2001) á efnahagslegum hreyfanleika, þ.e.a.s. hreyfanleika milli tekjustétta (n.t.t. tekjutíunda), á tímabilinu 1988–2000. Niðurstöðurnar benda til þó nokkurs efnahagslegs hreyfanleika (e. *economic mobility*) héraðs. Mestur er hreyfanleikinn um miðja tekjudreifinguna en hann er mun minni í efstu og neðstu tekjustéttunum. Hins vegar færast einstaklingar þó yfirleitt ekki langt. Sem dæmi voru 50% líkur á því að einstaklingur héldist í efstu tekjutíund yfir allt tímabilið 1988–2000 og samtals 81% líkur á að viðkomandi héldist í efstu þremur tekjustéttunum. Á hinn bóginn voru milli 52% og 58% líkur á að einstaklingar í neðstu þremur tekjustéttum héldust þar yfir allt tímabilið. Að sama skapi hafði einstaklingur í næstefstu tekjustétt í upphafi tímabilsins 21% líkur á að komst í efstu tekjustétt árið 2000 en einstaklingur í næstneðstu stétt einungis 3% líkur. Jafnframt voru karlar líklegri til þess að haldast í efsta tekjuprepi yfir allt tímabilið og færast upp um tekjuprep óháð byrjunarreit. Þá voru konur líklegri til þess að haldast í neðri tekjuprepunum. Niðurstöður Ásgeirs o.fl. (2001) koma heim og saman við það sem má lesa úr gögnunum á vefnum *Tekjusagan*, sem hefur að geyma ýmsar upplýsingar um tekjur á Íslandi frá 1991–2017. Þar er m.a. hægt að skoða efnahagslegan hreyfanleika innan kynslóðar m.t.t. tekna og staðreyna hið fornkvæða að í lífsgæðakapflaupinu er best að byrja sem næst toppnum (Savage, 2015; Forsætisráðuneytið, 2019; Kolbeinn Stefánsson, 2019a).

Nýjustu gögn sem leyfa okkur að bera félagslegan hreyfanleika á Íslandi saman við önnur lönd koma úr *International Social Survey Programme* (ISSP) fyrir árið 2010. Curtis (2016) notar t.a.m. gögn um stéttarstöðu til að skoða algildan hreyfanleika milli kynslóða í 33 löndum, þ.m.t. Íslandi. Niðurstöðurnar sýna að Ísland er með fimmta mesta algilda hreyfanleikann (74%) á eftir Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Slóvakíu. Rannsókn Margrétar Valdimarsdóttur, Sigrúnar Ólafsdóttur og Jóns Gunnars Bernburg (óbirt handrit) á viðhorfum til velferðarkerfisins, á grunni sömu ISSP-gagna og mælikvarða um huglægan félagslegan hreyfanleika, sýnir að 38% Íslendinga telja sig hafa upplifað félagslegan hreyfanleika upp á við miðað við starfsstétt föður en 23% niður á við. Jafnframt sýnir samanburðarrannsókn Steele (2015) á 38 löndum að í sautján löndum telur herra hlutfall sig hafa færst upp á við en

á Íslandi og í 20 löndum var heildarhreyfanleikinn jafnmikill eða meiri. Taka ber fram að íslensku ISSP-gögnunum var safnað í umróti efnahagskreppunnar.

Þrátt fyrir að stór hluti Íslendinga telji að tækifæri til þess að vinna sig upp í samfélaginu séu tiltölulega jöfn (Þórólfur Þórlindsson, 1988; Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2012) og að samfélagið bjóði upp á félagslegan hreyfanleika (Fischer, 2009), sýna nýjar rannsóknir að landsmenn trúu vissulega á tilvist ýmissa tækifærishindrana. Áttatíu og eitt prósent svarenda í rannsókn Guðmundar Oddssonar og Jóns Gunnars Bernburg (2018) segir það mikilvægt eða mjög mikilvægt að „þekkja rétta fólkið“ til að komast áfram í íslensku samfélagi. Þá segja 49% slíkt hið sama um pólitísk tengsl og 41% segir það mikilvægt eða mjög mikilvægt að eiga efnaða foreldra til að komast áfram. Þótt stór hluti telji tækifærin ójöfn og að efnislegum gæðum á borð við tekjur sé ójafnt skipt, segir einungis 21% Íslendinga að staða þeirra í samfélaginu sé óréttlát og 22% að þau verði stundum reið eða pirruð yfir þjóðfélagsstöðu sinni. Niðurstöður Guðmundar og Jóns Gunnars (2018) sýna jafnframt að einungis trúin á tækifærishindranir í formi kynferðis og pólitískra tengsla auka óréttlætistilfinningu Íslendinga yfir stöðu sinni í samfélaginu, sér í lagi meðal þeirra sem eru í neðri hluta stéttakerfisins. Höfundar álykta að einungis tækifærishindranir sem er haldið á lofti sem mikilvægum hafi marktæk áhrif á óréttlætisupplifun fólks.

Nýleg spurningakönnun Maskínu fyrir *Stundina* sýnir loks að rúmlega 87% landsmanna telja að sumir hafi meiri möguleika en aðrir til að komast áfram í íslensku samfélagi (Ingi Vilhjálmsson, 2018). Rúm 66% telja að sumir hafi meiri möguleika en aðrir á að mennta sig, tæp 86% telja að sumir fái betri tækifæri en aðrir til að afla sér tekna og tæp 89% telja að á Íslandi hafi sumir meiri möguleika en aðrir til að klífa metorðastigann og komast í góð störf. Stjórnmalaskoðanir hafa afgerandi áhrif á viðhorf fólks. Þeir sem segjast ætla að kjósa Sjálfstæðisflokk og Viðreisn sjá fyrir sér opnara og réttlátara samfélag en kjósendur VG, Pírata og Samfylkingarinnar. Hér má nefna að hugmyndafræðin um jöfn tækifæri hefur lengi verið hluti af pólitískri hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins (Svanur Kristjánsson, 1977). Heimilistekjur hafa einnig marktæk áhrif, en tekjuhærri einstaklingar eru ólíklegri til þess að trúu á ójöfn tækifæri (Ingi Vilhjálmsson, 2018). Rannsóknir benda einmitt til þess að eftir því sem ofar dregur í stéttakerfinu séu einstaklingar líklegri til þess að neita tilvist stéttaskiptingar, enda „skiptir stéttarstaða meira máli fyrir þá sem eru heftir af henni en þá sem njóta góðs af henni“ (Jackman og Jackman, 1983:51).

Stéttarvitund

Stéttarvitund (e. *class consciousness*) vísar til samvitundar þjóðfélagsstéttar um sameiginlega hagsmuni og stöðu innan stéttakerfisins (Lukács, 1974). Stéttarvitund hjálpar einstaklingum af sömu stéttarstöðu að taka höndum saman og berjast fyrir stéttarhagsmunum sínum. Hugtakið á rætur sínar að rekja til kenninga Marx (1955:195), sem lagði á það ofurkapp að verkamannastéttin áttaði sig á því að það væri hennar hagur að steypa fjármagnseigendum af stóli og umbylta hinu óréttláta kapítalíska hagkerfi í þágu alþýðunnar. Ungverski heimspekingurinn og marxistinn György Lukács (1923/1974) notaði fyrstur sjálft hugtakið stéttarvitund. Hann lagði á það eindregna áherslu að stéttarvitund væri ekki einstaklingsbundið fyrirbrigði heldur samvitund stéttar. Seinni tíma fræðimenn halda sig fæstir við jafn þrönga skilgreiningu á stéttarvitund og hafa rannsakað hana frá ýmsum fræðilegum sjónarhornum (Bulmer, 1975; Wright, 1989; Goldthorpe og Marshall, 1992; Pérez-Ahumada, 2014). Frá því í árdaga félagsfræðinnar hafa fræðimenn rannsakað ýmsar birtingarmyndir stéttarvitundar og tengsl hennar við þætti á borð við stéttarmyndun, stéttastjórnmal og félagshreyfingar (Eidlin, 2014).

Fræðimenn hafa greint mismunandi stig stéttarvitundar (t.d. Lockwood, 1958; Giddens, 1973; Mann, 1973). Samkvæmt Giddens (1973) er hægt að greina stéttarvitund í

þrjú stig. Frumstig stéttarvitundar (e. *class consciousness*) er stéttavitund (e. *class awareness*), sem felur í sér vitund um stéttakerfið og að maður tilheyrir tiltekinni stétt (Vannemann, 1980). Það að einstaklingar séu meðvitaðir um þjóðfélagsstéttir er grunnforsenda stéttarvitundar. Án hins fyrnefnda geta einstaklingar ekki samsamað sig ákveðinni þjóðfélagsstétt og sem hópur öðlast stéttarvitund. Hvað sem því líður er ekki grundvöllur fyrir því að leggja þessi tvö hugtök að jöfnu (Scott og Marshall, 2005).

Næsta stig stéttarvitundar er stéttaátakavitund (e. *conflict consciousness*), sem felst í viðurkenningu fólks á því að stéttir hafi andstæðra hagsmuna að gæta og þurfi að berjast fyrir þeim. Þetta stig samsvarar því sem kallað hefur verið „stéttarfélagsvitund“ (e. *trade union consciousness*). Hástig stéttarvitundar er loks byltingarvitund (e. *revolutionary consciousness*), sem felst í almennri viðurkenningu á möguleikum þess að hægt sé að umbylta kerfinu og það með beinum stéttaaðgerðum (e. *class action*) (Giddens, 1973; sjá einnig Lopreato og Hazelrigg, 1972; Mann, 1973).

Það er ekki hlaupið að því að rannsaka hið margþætta fyrirbæri stéttarvitund. Jafnframt er best að hugsa um stéttarvitund sem ferli fremur en endastöð (Thompson, 1968). Í þessum efnum er gott að hafa í huga orð Lopreato og Hazelrigg (1972:117):

Fullgerð stéttarvitund líkt og Marx ritaði um er rokgjarnt, óstöðugt ástand í eðli sínu, og varir sjaldnast lengi, ef hún hlutgerist nokkurn tíma. Þess vegna, og líka m.t.t. hagkvæmni þegar bein stéttaátök eru rannsökuð, er erfitt að fanga gögn um stéttarvitund nema eftir á í gegnum augu og minni félagssagnfræðinga. Hins vegar er hægt að auðkenna og greina nokkur af þeim stigum sem mögulega leiða til stéttaaðgerða. Meðan einungis er hægt í undantekningartilfellum að skoða „stétt sem sameinaðan hóp“ er hægt að skoða hóp fólks sem er *meðvitaður um stétt* að mismiklu leyti (upphafleg áhersla).

Sagnfræðilegar rannsóknir sýna að stéttarvitund kviknaði meðal íslensks verkafólks er kapítalískt markaðssamfélag skaut rötum hérlendis á fyrstu áratugum 20. aldar og stéttaandstæður skerptust (Stefán Ólafsson, 1982; Magnús S. Magnússon, 1985; Ingimar Einarsson, 1987; Ólafur Ásgeirsson, 1988; Finnur Magnússon, 1990; Jón Gunnar Grjetarsson, 1993). Aukin stéttarvitund birtist m.a. í fyrstu skipulagsþreifingum verkafólks, aukinni röttækni, stofnun stéttarféлага, ört vaxandi stéttarfélagsaðild, myndun heildarsamtaka verkafólks, stofnun stjórn málafls sem baráttutækis verkamannastéttarinnar, auknum styrk verkalyðshreyfingarinnar og auknum stéttaátökum á vinnumarkaði. Einn mælikvarði á stéttarvitund er t.a.m. aðild að heildarsamtökum verkafólks, ASÍ. Árið 1920 voru rétt rúmlega 23% félagsbundinna verkamanna meðlimir í ASÍ, tæp 35% árið 1930 og rúm 80% árið 1940 (Magnús S. Magnússon, 1985). Þetta gefur sterka vísbendingu um aukna stéttarvitund á tímabilinu. Há verkfallstíðni á 4. áratugnum (kreppuárunum) ber einnig að sama brunn sem og aukinn stuðningur við jafnaðar- og verkamannaflokka í kosningum. Samkvæmt þessum mælikvörðum jókst stéttarvitund meðal íslensks verkafólks á fyrstu áratugum 20. aldar og fram á þann fimmta (Jón Gunnar Grjetarsson, 1993).

Ýmislegt bendir til þess að dregið hafi úr stéttarvitund verkamannastéttarinnar á áratugunum eftir stríð samhliða hærra atvinnustigi, auknum hagvexti, vexti millistéttarinnar og samsvarandi fækkun í röðum verkamanna. Þessi þróun birtist m.a. í minnkandi efnahagslegum ójöfnuði og stéttamun auk þess sem félagslegur hreyfanleiki upp á við jókst. Hér hjálpaði mikið að velferðarkerfið styrktist og hækkaði grunnlínu ójafnaðar, auk þess sem öflugra menntakerfi fyrir almenning veitti fleirum tækifæri (sbr. Mann, 1848/1997). Jöfnuður m.t.t. tekju- og eignaskiptingar hefur jafnframt aldrei verið meiri hérlendis en á árunum 1945–1995. Mögulega var hvergi meiri jöfnuður á heimsvísu á tímabilinu (Stefán Ólafsson og

Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Þegar leið á jafnaðartímabilið skaut sú hugmynd föstum rótum að Ísland væri tiltölulega stéttlaust samfélag (Guðmundur Finnbogason, 1971; Tomasson, 1980; Guðmundur Magnússon, 2008; Guðmundur Oddsson, 2016). Guðmundur Oddsson (2016) byggir á Bourdieu (1977) og staðhæfir að hin „sjálfsögðu sannindi“ (e. *doxa*) að Ísland sé tiltölulega stéttlaust samfélag hafi á þessum tíma orðið grundvallarþáttur í „þjóðveruhætti“ (e. *national habitus*) landsmanna, m.ö.o. menningu. Samkvæmt kenningum Bourdieu (1977) endurspeglar sjálfsögð sannindi hagsmuni ráðandi hópa, sem afneita t.a.m. stéttaskiptingu.

Guðmundur Oddsson (2014) hefur undirstrikað mikilvægi útvíkkunar þegnréttar (e. *social citizenship*) fyrir minnkandi stéttavitund samfara vexti íslenska velferðarkerfisins. „Þegnréttur er margþætt hugtak sem notað er til að skýra og skilja forsendurnar fyrir fullri aðild einstaklinga að samfélagi“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2010:30). Þegnréttur dregur ekki bara úr stéttaójöfnuði (Marshall, 1950), heldur leikur hann lykilhlutverk við að auka félagslega samheldni (e. *social solidarity*) (Lockwood, 1996). Enn fremur dregur þegnréttur úr upplifun á stéttamun (Barbalet, 1993). Marshall (1950:103) talar um stéttasamruna (e. *class fusion*) í þessu samhengi, m.ö.o. hvernig þegnréttur „birtist í nýrri sameiginlegri reynslu“ þar sem komið er eins fram við alla þegna, í grófum dráttum. Hin „sameiginlega þjóðarreynsla“ (e. *common national experience*) dregur úr upplifun fólks af félagslegri fjarlægð milli þegna og þ.a.l. úr upplifun fólks af stéttamun. Enn fremur staðhæfir Guðmundur Oddsson (2014) að heildstæður þegnréttur í sósíal-demókratískum löndum (Esping-Andersen, 1990), sbr. norræna líkanið, dragi frekar úr upplifun af stéttamun en í öðrum samfélagslíkönum. Rannsóknir sýna einmitt að félagsleg samheldni er mest í sósíaldemókratískum löndum, þar sem fólk er líklegast til að sjá samborgara sína sem hluta af millistéttarþjóðfélagi (e. *middle class society*) og minnst skauthverfing er m.t.t. stéttasjálfsmynda (Andersen og Curtis, 2012; Curtis, 2013; Evans, Kelley og Sikora, 2013; Larsen, 2016).

Fræðimönnum hættir til að greina ekki á milli fullgerðrar stéttarvitundar (e. *class consciousness*) í marxískum skilningi (Lukács, 1974) og hugtaka sem lýsa byrjunarstigum stéttarvitundar, s.s. stéttaauðkenningar (e. *class identification*), stéttasjálfsmynda (e. *class identity*), stéttavitundar (e. *class awareness*) og stéttamynda (e. *class imagery*) (Scott og Marshall, 2005:74). Stéttarvitund felur hins vegar fleira í sér en að geta tilgreint stéttir, vita hvaða stétt maður tilheyrir og hafa mynd af stéttagerðinni í kollinum (Grusky og Sørensen, 1998). Seinni tíma fræðimenn rannsaka fyrst og fremst síðastnefndu birtingarmyndirnar, þ.e.a.s. almenna stéttavitund eða „skilgreiningu og túlkun á stétt í vitund almennings“ (Scott og Marshall, 2005:72). Þetta á einnig við íslenska fræðimenn.

Stéttavitund er tvíþætt. Fyrir það fyrsta vísar hugtakið til þess hversu meðvitað fólk er um stéttakerfið sjálft, tilvist þess, fjölda og stærð stétta, hvað greinir eina stétt frá annarri, stéttamun, stéttaátök o.s.frv. (Vanneman og Cannon, 1987; Kelley og Evans, 1995; Stuber, 2006; Guðmundur Oddsson, 2016, 2018). Í öðru lagi fangar hugtakið hversu meðvitað fólk er um eigin stöðu í stéttakerfinu, sbr. samsvörun huglægrar stéttarstöðu (e. *subjective class*) og hlutlægrar stéttarstöðu (e. *objective class*) (Centers, 1949; Guðmundur Oddsson, 2010b).

Fyrstu rannsóknir á hugmyndum Íslendinga um stéttir og stéttaskiptingu undir lok 8. áratugarins benda til þess stéttavitund Íslendinga á þeim tíma hafi verið af skornum skammti. Dóra S. Bjarnason (1974, 1976) ályktaði út frá viðtalsgögnum sínum að landsmenn vilji ekki viðurkenna tilvist stéttaskiptingar héraendis þrátt fyrir vitneskju þeirra um aðstöðumun og efnahagslegan ójöfnuð. Þorbjörn Broddason og Webb (1975) gerðu grein fyrir margvíslegum ójöfnuði hér á landi en settu ekki spurningarmerki við staðhæfingar Dóru S. Bjarnason (1974) um veika stéttavitund. Viðmælendur Sigurjóns Björnssonar og kollega (1977) sögðu almennt að Ísland væri stéttlaust samfélag og túlkuðu ekki efnahagslegan mismun sem stéttaskiptingu. Að mati Sigurjóns og meðhöfunda (1977) trúu Íslendingar almennt ekki á tilvist stéttaskiptingar í þjóðfélaginu. Þá staðhæfir Tomasson (1980) að jafnaðarandinn (e.

egalitarianism) sé helsta menningararfleifð Íslendinga og byggir það aðallega á því að landsmenn sýna lítinn mannþing í samskiptum sínum milli (e. *deference*). Tomasson ályktar, líkt og umræddir fræðimenn, að stéttavitund sé lítil héraendis. Stefán Ólafsson (1982) vill þó meina að réttara væri að segja að Íslendingar geri lítið úr stöðumun (sbr. virðingarstöðu), frekar en að stéttavitund héraendis sé hverfandi.

Börn átta sig tiltölulega snemma á eigin stéttarstöðu og annarra. Rannsóknir sýna t.a.m. að börn geta flokkað m.t.t. stéttarstöðu, einkum og sér í lagi á grundvelli efnislegra gæða (Leahy, 1983; Ramsey, 1991). Niðurstöður rannsókna benda til þess að íslensk börn hafi svipaðan skilning á lagskiptingu þjóðfélagsins og erlendir jafningjar (Friðrik H. Jónsson, 1985; Friðrik H. Jónsson, Anna Huld Óskarsdóttir og Hulda Guðmundsdóttir, 1993). Við tíu ára aldur nota íslensk börn svipuð hugtök og viðmið og fullorðnir til þess að átta sig á lagskiptingu. Enn fremur eru tíu ára börn nokkuð góð í því að áætla tekjur og eignir einstaklinga í efri stétt, millistétt og verkamannastétt.

Nýlegar rannsóknir benda enn fremur til þess að Íslendingar séu mun meðvitaðri um stéttskiptingu íslensks þjóðfélags og hvar þeir standa í stéttakerfinu en eldri rannsóknir gefa til kynna (Guðmundur Oddsson, 2010a, 2010b, 2010c, 2012, 2014, 2016, 2018; Guðmundur Oddsson og Jón Gunnar Bernburg, 2018). Guðmundur Oddsson rekur aukna vitund Íslendinga um stéttamun öðru fremur til stóraukins efnahagslegs ójafnaðar á uppgangstíma nýfrjálshyggjunnar frá miðjum 10. áratugnum og fram að hrúni, myndunar áberandi og ofurríkrar stéttar þverþjóðlegra kapítalista (sbr. útrásarvíkingar) og mikils innflutnings erlends láglaunafólks (Guðmundur Oddsson, 2016; sjá einnig Magnús Þór Torfason o.fl., 2017). Niðurstöður rannsókna Guðmundar (2014, 2016) sýna sterka fylgni milli vitundar um stéttaskiptingu og raunverulegs tekjuójafnaðar. Samfara auknum tekjuójöfnuði frá 1995 og fram að hrúni jókst vitund almennings um stéttamun. Ítarleg eigindleg greining stéttaröðræðu á hinum pólitíska vettvangi sýnir að á uppgangstíma nýfrjálshyggjunnar fjarðaði undan þeim sjálfsögðu sannindum að Ísland sé tiltölulega stéttlaust þjóðfélag. Þessi þróun gekk að nokkru leyti til baka eftir hrún. Líklegar skýringar þessa eru að hinir ofurríku misstu stóran spón úr aski sínum við hrúnið, tekjuskíptingin jafnaðist og ný ríkisstjórn, sem lofaði meiri jöfnuði, tók við völdum (Guðmundur Oddsson, 2016).

Aðrar rannsóknir benda jafnframt til þess að öldurót efnahagshrunsins hafi að einhverju leyti ýtt undir félagslega samheldni (Berglind Ragnarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2013) sem getur unnið á móti stéttavitund. Þá jók efnahagshruðið fjárhagserfiðleika meira hjá neðri millistéttinni – fjölmennustu tekjustéttinni – en í öðrum stéttum þrátt fyrir að fjárhagserfiðleikarnir hjá hinum fátæku og harkarastéttinni séu alltaf mestir. Þessi aðþrenging millistéttarinnar (e. *middle class squeeze*) fremur en aukin skauthverfing milli hinna ríku og fátæku (Whelan, Nolan og Maitre, 2017) gæti hafa ýtt undir hugmyndir um að „allir“ landsmenn væru í sama báti og slegið á skynjun stéttamunar (Berglind Ragnarsdóttir o.fl., 2013).

Niðurstöður rannsókna á huglægri stéttarstöðu skömmu eftir hrún benda til þess að stéttavitund á Íslandi sé töluvert mikil (Guðmundur Oddsson, 2010b, 2011, 2018). Flestir svarendur kannast við stéttarheiti og eru fúsir til þess að segja til um hvaða þjóðfélagsstétt þeir tilheyra. Þá eru Íslendingar talsvert meðvitaðir um stéttarstöðu sína. Þetta sýnir m.a. sterk jákvæð fylgni huglægrar stéttarstöðu og hlutlægrar stéttar annars vegar og einstaklingstekna, heimilistekna og menntunar hins vegar. Í samræmi við kenningar um viðmiðunarhópa (e. *reference groups*) hneigjast landsmenn sterklega til að sjá sig í „millistétt“ (Runciman, 1966; Evans, Kelley og Kolosi, 1992; Evans og Kelley, 2004). Þá hafa Íslendingar meiri „millistéttarsýn“ á eigin stéttarstöðu og sjá sig almennt hærra í stéttakerfinu en víðast annars staðar (Guðmundur Oddsson, 2010b, 2010c). Þessi „millistéttarskekkja“ (e. *middle class identity bias*) er þekkt í fræðunum og hefur m.a. verið skýrð með því að fólk miði sig við fjölskyldu, vini og samstarfsfólk og telji sig yfirleitt í meðallagi statt miðað við það (Evans og

Kelley, 2004; Curtis, 2013). Þá telja sumir „öruggara“ að segjast vera í millistétt, þar sem það kalli síður á frekari útskýringar. Þá benda erlendar rannsóknir til þess að fólk í verkamannastétt hneigist til þess að sjá sig ofar í stéttakerfinu en efni standa til meðan fólk í efri millistétt geri minna úr forréttindum sínum (Sosnaud, Brady og Frenk, 2013; sjá einnig Alma Mjöll Ólafsdóttir, 2019).

Naumur meirihluti landsmanna sér Ísland fyrir sér sem millistéttarsamfélag (Larsen, 2016; Guðmundur Oddsson, 2018), þ.e.a.s. þjóðfélag þar sem meirihluti landsmanna er í millistétt eða ofar. Ný rannsókn (Hertel og Schöneck, 2019) á 27 OECD löndum sýnir jafnframt að einungis á Íslandi og í Danmörku, Noregi og Sviss, sér hærra hlutfall landsmanna fyrir sér millistéttarsamfélag en sem nemur hlutfalli heimila með millitekjur. Nánar tiltekið sjá 50% íslenskra svarenda Ísland fyrir sér sem millistéttarsamfélag en 43% tilheyra heimilum með millitekjur (75–125% af miðtekjum) (Hertel, félagsfræðingur, tölvupóstur, 1. desember 2019). Sama rannsókn sýnir jafnframt að Íslendingar upplifa ekki mikil stéttaátök, samanborið við hin löndin (Hertel og Schöneck, 2019). Nýleg rannsókn Guðmundar Oddssonar (2018) sýnir enn fremur að það að sjá Ísland fyrir sér sem millistéttarsamfélag dregur úr tengslum milli heimilistekna og huglægrar þjóðfélagsstöðu (e. *subjective social position*). Heilt yfir sýna niðurstöður Guðmundar að landsmenn sáu stéttakerfið „fletjast út“ (verða jafnara) í kjölfar efnahagshrunsins og huglæga þjóðfélagsstöðu sína batna, jafnvel þó að efnahagskreppan hafi dýpkað milli spurningakannanna tveggja sem liggja til grundvallar greiningunni. Niðurstöðurnar endurspeglar hve hratt og örugglega tekjuójöfnuður minnkaði í kjölfar efnahagshrunsins.

Ný rannsókn Guðmundar Oddssonar (óbirt handrit) sýnir að menntun, heimilistekjur og hlutlæg stéttarstaða hafa mest forspárgildi fyrir hvort einstaklingar sjá sig í millistétt eða ofar. Höfundur getur sér til um að tengsl heimilistekna og huglægrar stéttarstöðu (og þjóðfélagsstöðu) muni almennt styrkjast hér á landi á næstu árum samfara auknum tekjuójöfnuði, en blikur eru á lofti hvað þetta varðar (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Staða gagnvart vinnumarkaði og breyting á lífskjörum í kjölfar efnahagshrunsins skipta einnig máli fyrir huglæga stéttarstöðu. Öryrkjar og þeir sem telja sig hafa farið illa efnahagslega út úr hruninu hafa marktækt minni líkur á að sjá sig í millistétt eða ofar en þeir sem eru í fullri vinnu annars vegar og þeir sem upplifðu ekki skert lífskjör eftir hrun hins vegar. Þeir sem eru í þjóðernislegum minnihlutahópi (e. *ethnic minorities*) hafa marktækt minni líkur á að sjá sig í millistétt eða ofar en aðrir, þó búið sé að taka tillit til annarra þátta. Erlent þjóðerni dregur m.ö.o. úr áhrifum hlutlægrar stéttarstöðu á huglæga stétt.

Upplifun og vitneskja um fordóma og ójöfn tækifæri í íslensku samfélagi gæti skýrt af hverju þeir sem eru í þjóðernislegum minnihlutahópi skirrast frekar við að sjá sig í millistétt eða ofar en þeir sem eru að fullu „innfæddir“ (Guðrún Pétursdóttir, 2013; Kristín Loftsdóttir, 2015a). Ný rannsókn Þorgerðar Einarsdóttur, Thamar M. Heijstra og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2018) sýnir jafnframt að innflytjendur skipa sér marktækt lægra en innfæddir m.t.t. huglægrar þjóðfélagsstöðu. Aðhvarfsgreining leiðir jafnframt í ljós að tekjur, lengd menntunar í árum, aldur og hvort viðkomandi sé í launaðri vinnu hefur jákvæð tengsl við huglæga þjóðfélagsstöðu. Þessu tengt má nefna að það kom fram í viðtalsrannsókn Lindu Sólveigar- Guðmundsdóttur (2018) að hinsegin (e. *queer*) innflytjendur frá Mið- og Austur-Evrópu á Íslandi reyna markvisst að aftengja (e. *dis-identify*) sig frá verkamannastéttinni. Þetta tengist því að viðhorf Íslendinga til Pólverja og annarra innflytjenda litast af stéttarlegum fordómum (Kristín Loftsdóttir, 2015b; sjá einnig Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019).

Niðurstöður nýlegrar spurningakönnunar Maskínu fyrir *Stundina* renna stöðum undir þá staðhæfingu að hin mikla ójafnaðaraukning á árunum fyrir hrun hafi grafið undan hinum sjálfsögðu sannindum um tiltölulegt stéttleysi íslensks samfélags og aukið stéttavitund frá því sem áður var (Guðmundur Oddsson, 2016; Ingi Vilhjálmsson, 2018). Niðurstöðurnar sýna að

mikill meirihluti, 75% aðspurðra, telur að stéttaskiptingin hafi aukist mikið eða nokkuð síðastliðin 20 ár. Einungis 10% telja að stéttaskiptingin hafi minnkað nokkuð eða minnkað mikið. Þá telja 56% svarenda mikla stéttaskiptingu vera á Íslandi og 15% mjög mikla. Hugmyndir Íslendinga um stéttaskiptingu mildast þó aðeins þegar þeir eru beðnir um að bera Ísland saman við önnur lönd að þessu leyti. Þá telja 34% að stéttaskiptingin á Íslandi sé mikil, 43% í meðallagi og 23% telja að hún sé lítil eða engin. Þeir sem lengst eru til hægri í hinu pólitíska litrófi eru langlíklegastir til að telja stéttaskiptingu litla sem enga af þeim sem svöruðu (Ingi Vilhjálmsson, 2018). Samanlagt lýsa fyrrgreindar niðurstöður ekki samfélagi þar sem stéttavitund er hverfandi.

Loks bendir ýmislegt annað til þess að stéttavitund á Íslandi sé þó nokkur. Hér má t.d. nefna að stéttarfélagasáðild á Íslandi árið 2016 var 87% og er einhver sú mesta á byggðu bóli (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2019). Þá er stuðningur við stéttarfélag hérlandis einn sá mesti í heimi miðað við gögn *International Social Survey Programme* fyrir árið 2015 (Guðmundur Oddsson og Kolbeinn Stefánsson, 2019). Aukin stéttakosning þykir aukinheldur bera vott um aukna stéttavitund, en stéttakosning jókst einmitt hérlandis í kjölfar efnahagsbrunsins (Agnar Freyr Helgason, 2018). Þá hefur veik efnahagsstaða sterkari forspárgildi fyrir mótmælahegðun eftir því sem lengra hefur liðið frá hruninu (Jón Gunnar Bernburg, 2019). Þá mótar stéttar- og þjóðfélagsstaða stuðning við mótmæli gegn efnahagsforréttindum í samtímanum og er stuðningnum m.a. miðlað í gegnum vinstrisinnuð pólitísk viðhorf, sem gæti mögulega verið ein birtingarmynd stéttavitundar (Jón Gunnar Bernburg og Guðmundur Oddsson, 2019). Loks má nefna aukna róttækni í verkalyðshreyfingunni síðustu ár, vasklega framgöngu stéttarféлага í nýlegum kjaraviðræðum og stofnun Sósíalístaflokks Íslands sem dæmi um aukna stéttavitund.

Stéttamenning

Með menningu (e. *culture*) er átt við „daglegar athafnir, gildi og hugmyndir, sem miðlað er milli kynslóða [og] lagaðar eru að breytingum á sögulegu og félagslegu samhengi“ (Finnur Magnússon, 1990:14). Ríkjandi menning (e. *dominant culture*) steypir hins vegar ekki alla þjóðfélagsþegna í sama mót og innan hvers samfélags eru menningarkimar (e. *sub-cultures*) sem einkennast af annars konar lífsstíl, gildismati (e. *values*) og viðmiðum (e. *norms*), og eiga rætur sínar í mismunandi félagslegum bakgrunni (þ.m.t. stéttarstöðu) og félagsmótun. Í stéttaskiptum samfélögum hafa t.d. hefðir og hugmyndir oft ólíka merkingu fyrir hópa sem hafa andstæðra hagsmuna að gæta og njóta mismikillar virðingar. Í þessu felst að einstaklingar eru félagsmótaðir á stéttagrunni, sem mótar sjálfsmynd viðkomandi og heimssýn. Stétt er í þessum skilningi eitthvað sem maður *er* og *gerir*. Á grundvelli stéttarstöðu lærum við ákveðið háttalag og þankagang sem börn og þróum hann áfram með okkur sem fullorðnir einstaklingar. Fjölskyldan og skólakerfið skipta miklu máli í þessu sambandi (Lareau, 2002). Rannsóknir sýna t.a.m. að skólar – sem millistéttarstofnanir – eiga einnig þátt í því að mynda og festa ójöfnuð í sessi (Bourdieu og Passeron, 1977; Bourdieu, 1998b). Stéttlæg félagsmótun (e. *class socialization*) opnar dyr fyrir ráðandi hópa en takmarkar tækifæri undirskipaðra. Enn fremur erfa börn félags- og menningarauð í samræmi við stéttarstöðu, sem er mikilvæg ástæða þess að stéttaójöfnuður endurskapast kynslóð fram af kynslóð (Bourdieu, 1984).

Það er t.d. vandkvæðum bundið að rannsaka stéttarvitund með spurningalistum og því um líku þar sem slíkar aðferðir slíta fyrirbærið frá beinum stéttaaðgerðum og sínu félags- og menningarlega samhengi (Fantasia, 1995). Lausn fræðimanna hefur m.a. verið að beita sögulegum aðferðum, þátttökurannsóknum o.þ.h. til að grafast fyrir um stéttlægar venjur (e. *class practices*), athafnir fólks á verksmiðjugólfinu og skipulagsþreifingar verkamanna (t.d. Burawoy, 1979; Finnur Magnússon, 1986, 1990). Helsti hvatamaðurinn að því að skoða hinar

félags- og menningarlegu víddir stéttaskiptingar var Thompson (1968), sem staðhæfði að stéttarvitund og stéttarmyndun hlutgerðust í alþýðusamtökum, stéttlægri afþreyingu o.s.frv. (Fantasia, 1995). Rannsóknir í þessum anda beinast m.ö.o. að stéttamenningu (e. *class culture*), sem vísar til þess hvernig stéttagerðin mótar vitund, reynslu og háttalag fólks á ólíkan hátt eftir stéttarstöðu viðkomandi. En samkvæmt Thompson myndast stétt þegar „nokkrir menn sem búa yfir svipaðri reynslu, hvort sem hún er áunnin eða meðfædd, finna og koma í orð sameiginlegum hagsmunum sínum hvað varðar innbyrðis tengsl og afstöðuna gagnvart öðrum mönnum með ólíka, og oftast gagnstæða, hagsmuni“ (tilvitnun í Jón Gunnar Grjetarsson, 1993:227).

Stéttarstaða vísar því ekki einungis til efnahagslegar staðsetningar í stéttagerðinni. Stéttarhugtakið tengist einnig „sameiginlegri vitund og reynslu fólks, m.a. um sérstöðu sína gagnvart öðrum þjóðfélagshópum“ (Magnús S. Magnússon, 1987:47–49). Þetta þýðir að stéttagerðin er félags- og menningarleg formgerð rétt eins og efnahagsleg. Enn fremur er stéttaskiptingu ekki einungis viðhaldið af stjórnmalastefnum og pólitískri hugmyndafræði (e. *political ideology*), heldur endurskapast stéttaójöfnuður ekki síst í gegnum hversdagsreynslu fólks (Bourdieu, 1987). Fræðimenn sem rannsaka stéttamenningu leggja fyrir vikið mest upp úr vitund og reynslu fólks og setja sérstöðu þess gagnvart öðrum þjóðfélagshópum á oddinn (Bottero, 2004; Bennett o.fl., 2008; Savage o.fl., 2013). Þeir sem hafa rannsakað menningu verkamannastéttarinnar (e. *working class culture*) í gegnum tíðina, sér í lagi framan af, hafa lagt sérstaka áherslu á stéttir sem gerendur í félags- og menningarlegu tilliti. Þar skiptir máli uppsöfnuð sameiginleg reynsla og hagsmunir hópsins, í andstöðu við aðra samfélagshópa (Finnur Magnússon, 1986, 1990; Jón Gunnar Grjetarsson, 1993).

Sagnfræðingar og aðrir lýstu lengi vel Íslandi til forna sem tiltölulega stéttlausu samfélagi með einsleita menningu (Durrenberger og Gísli Pálsson, 1989). Seinni tíma fræðimenn hafa sýnt fram á að íslensk menning var ekki einsleit áður en nútímann bar að garði. Þess í stað var menningin samofin lagskiptingu bændasamfélagsins og stétta- og stigveldismunur var á alþýðu- og elítumenningu (t.d. Ax, 2002, 2003, 2007). Rannsóknir sýna t.d. að meðlimir yfirstéttarinnar álitu sig æðri öðrum og þetta birtist í athöfnum þeirra, lífsstíl og viðhorfum (Lýður Björnsson, 1983; Gustafsson, 1985, 1997; Einar Hreinsson, 2003, 2005). Ýmislegt við samfélagsgerð gamla bændasamfélagsins dregur hins vegar dul á stéttaskiptingu, t.d. einsleitni atvinnuhátta, útbreidd fátækt, sameiginlegt tungumál, þjóðernisleg einsleitni og sameiginleg barátta fyrir sjálfstæði landsins.

Skortur á skýrum markalínum í íslensku samfélagi til forna gaf þeirri mýtu byr undir báða vængi að það hefði verið samfélag án stéttaandstæðna, goðsögn sem hefur verið nærð af þjóðernislega sinnuðum sagnariturum á fyrri hluta þessarar aldar. Að sjálfsögðu er þetta kolrangt, en ekki ósvipað og í iðnvæddum markaðssamfélögum nútímans voru þessar andstæður huldar, óformlegar og breytilegar (Gunnar Karlsson, 1987:141).

Stéttaandstæður skerptust er kapítalískt markaðssamfélag skaut rótum í kringum aldamótin 1900 og landlaust fólk tók að mynda nýja verkamannastétt við sjávarsíðuna. Finnur Magnússon (1990) sýnir t.a.m. hvernig krefjandi aðstæður hinnar nýju íslensku verkamannastéttar plægðu akurinn fyrir nýja verkalýðsmenningu, sem samanstóð af „hefðum, hugmyndum og athöfnum hóps fólks sem hefur sams konar reynslu af launavinnu“ (Finnur Magnússon, 1990:14). Menningin var andstæð menningu gamla bændasamfélagsins og upplifun verkamanna af undirskipun í ójafnaðarsamfélagi og átökum við kaupmenn og landeigendur ýtti undir stéttarvitund.

Þrátt fyrir að jöfnuður hafi aukist mikið hérlendis á áratugunum eftir seinni heimsstyrjöld sýna rannsóknir frá þeim tíma og fram á þennan dag ýmsan stéttamun þegar

kemur að menningarlegum þáttum. Stéttamunur m.t.t. menningar kemur fram snemma á lífsleiðinni og ræðst m.a. af mismunandi gildum, venjum, viðmiðum og uppeldisaðferðum foreldra, en fjölskyldan er alla jafna áhrifamesti félagsmótunaraðilinn (e. *agent of socialization*), en skólakerfið, jafningjar (e. *peers*) og fjölmiðlar hafa einnig mikil áhrif (Bourdieu og Passeron, 1977; Lareau, 2002).

Bandaríski félagsfræðingurinn Melvin Kohn (1963; Kohn Naoi, Schoenbach, Schooler og Slomczynski, 1990) var einn sá fyrsti til að hasla sér völl á þessu sviði en niðurstöður rannsókna hans sýna t.a.m. að foreldrar úr verkamannastétt leggja áherslu á önnur gildi í uppeldinu en millistéttarforeldrar. Á meðan foreldrar úr verkamannastétt leggja t.d. fremur áherslu á fylgispekt (e. *conformity*) og hlýðni (e. *obedience*), leggja millistéttarforeldrar meira upp úr sjálfstefnu (e. *self-direction*), áhugahvöt (e. *motivation*) og persónulegri ábyrgð barna. Rætur þessa segir Kohn (1963) liggja í mismunandi hversdagsreynslu viðkomandi foreldra á vinnumarkaðnum, sem rættar með þeim ákveðin einkenni (e. *characteristics*) og gildi (sjá einnig Lareau, 2002; Oesch, 2006).

Í ítarlegri rannsókn sinni á stéttlægru félagsmótun lýsti bandaríski félagsfræðingurinn Annette Lareau (2002) uppeldisaðferðum millistéttarforeldra sem skipulagðri ræktun (e. *concerted cultivation*) en sagði foreldra úr verkamannastétt leyfa börnum frekar að vaxa „náttúrulega“ úr grasi (e. *logic of natural growth*). Munurinn á uppeldisaðferðunum birtist aðallega í því að 1) millistéttarforeldrarnir höfðu þéttari og skipulagðari dagskrá fyrir börnin sín; 2) það var meira um samtal og rökræður á millistéttarheimilum; og 3) millistéttarforeldrar gerðu meira í því að kenna börnum sínum, beint og óbeint, að koma fram af sjálföruggi í samskiptum við einstaklinga í valdastöðu. Uppskera þessara ólíku uppeldisaðferða birtist m.a. í því að börn í verkamannastétt þróa frekar með sér hömlur (e. *emerging sense of constraint*), enda félagsmótuð, beint og óbeint, til að sýna valdinu undirgefni (e. *consent*). Skipulögð ræktun millistéttarforeldrana ýtir hins vegar undir ákveðna forréttindahugsun meðal barna þeirra (e. *emerging sense of entitlement*), sem birtist í því að þau eru óhræddari í samskiptum við fólk í valdastöðu og telja sig eiga rétt á að að þarfir þeirra séu uppfylltar.

Í samræmi við fyrrnefnt sýndi ítarleg rannsókn Sigurjóns Björnssonar og kollega (1977) fram á stéttamun m.t.t. gilda, félagsmótunar og uppeldisaðferða foreldra hér á landi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að foreldrar úr neðstu stétt lögðu mest upp úr fylgispekt og hlýðni hjá börnum sínum og höfðu minnstar væntingar til þeirra. Aftur á móti höfðu foreldrar úr efstu stétt mestar væntingar til barna sinna, voru skilningsríkastir og veittu börnunum meira ráðrúm. Sigurjón og meðhöfundar (1977) túlka niðurstöður sínar á þann veg að uppeldisaðferðir efri stéttanna ýti frekar undir áhugahvöt, forvitni, sjálfstefnu og góðan námsárangur. Niðurstöðurnar sýndu einnig fram á jákvæð tengsl milli stéttarstöðu og námsárangurs annars vegar og málgreindar hins vegar.

Tungumálið er hornsteinn allrar menningar því á menning sér stað í samskiptum manna í milli (Wittgenstein, 1953; Mead, 1967). Tungumálið á þ.a.l. einnig sinn þátt í því að skapa og endurskapa stéttaójöfnuð (Bourdieu, 1991; Ásgrímur Angantýsson, 2017). Fræg er kenning breska félagsfræðingsins Basil Bernstein (1971) um mállykla (e. *language codes*) sem kveður á um að stéttamunur í málfari endurspegli og endurskapi stéttamun. Í grófum dráttum segir Bernstein að málfar verkamannastéttarinnar og annarra af lægri stigum einkennist af knöppu málfari (e. *restricted speech code*) en málfar millistéttarinnar og betur settra af ítarlegu málfari (e. *elaborated speech code*). Enn fremur hafi þeir sem eru félagsmótaðir m.v. ítarlegt málfar margvíslegt forskot í skólum og öðrum millistéttarstofnunum og þannig endurskapist ójöfnuður kynslóð fram af kynslóð. Þessu tengt má nefna að nýleg grein Ásgríms Angantýssonar (2017) sýnir að íslenskir framhaldsskólanemar telja að það að ná góðum tókum á móðurmálinu gefi þeim ákveðinn menningarauð, sem veiti þeim ákveðið félags- og menningarlegt forskot á aðra. Ennfremur halda þessir sömu nemendur því fram að góður árangur að þessu leyti velti að miklu leyti á

uppeldisaðferðum foreldra. Grein Ásgríms byggir á rannsóknarverkefninu „Íslenska sem námsgrein og kennslutunga“ sem gerð eru skil bókinni *Íslenska í grunnskólum og framhaldsskólum* (Kristján Jóhann Jónsson og Ásgrímur Angantýsson 2018; sjá sérstaklega 5. kafla eftir Ásgrím Angantýsson, Finn Friðriksson og Sigurð Konráðsson).

Þórólfur Þórlindsson (1983) prófaði kenningu Bernstein um samband málfars, stéttarstöðu og námsárangurs og niðurstöðurnar benda til þess að kenning Bernstein eigi ekki við hér á landi. Á grunni þessa staðhæfir Þórólfur að málfar sé ekki stéttbundið á Íslandi, a.m.k. ekki eins og það er skilgreint af Bernstein. Niðurstöður Þórólfs sýna hins vegar tengsl milli stéttarstöðu og námsárangurs, en málfar miðlar ekki þessu sambandi, eins og kenning Bernstein (1971) segir til um. Önnur rannsókn Þórólfs (1987) á kenningum Bernsteins sýndi fram á stéttamun hér á landi m.t.t. samskipta innan fjölskyldna (uppeldisaðferða), málgreindar og námsárangurs, en áhrif málfars voru ekki í samræmi við kenningar Bernstein. Aðrar rannsóknir hafa þó sýnt fram á stéttamun hérlendis þegar kemur að máltilfinningu, óhefðbundinni málnotkun og viðhorfum til málbreytinga (Gísli Pálsson, 1979; Ásta Svavarsdóttir, 1982; Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson, 1984; Gísli Pálsson, 1987; Gíslason, 2003; Jóhannes Gísli Jónsson og Þórhallur Eypórsson, 2003; Finnur Friðriksson, 2008).

Það að niðurstöður Þórólfs Þórlindssonar (1983, 1987) sýni fram á tengsl stéttarstöðu og námsárangurs hérlendis er í samræmi við ýmsar aðrar rannsóknir hér á landi fyrir og síðar (t.d. Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Sigurjón Björnsson, 1980; Þórólfur Þórlindsson og Sigurjón Björnsson, 1983; Marks, 2005; Þorlákur Jónsson, 2015, 2019). Rannsókn Þorláks Axels Jónssonar (2019) á frammistöðu íslenskra nemenda í PISA-könnunum frá 2003 til 2015 sýnir t.a.m. sterk tengsl milli þjóðfélagsstöðu og námsárangurs. Jafnframt skýrir þjóðfélagsstaða í flestum tilfellum mun á námsárangri milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar (sjá einnig Jóhann Gísli Geirdal Gíslason, 2015). Þjóðfélagsstaða í rannsókn Þorláks vísar hér til PISA-kvarðans fyrir efnislega-, félagslega- og menningarlega stöðu heimilis (e. *the PISA Index of Economic, Social and Cultural Status, ESCS*). Kvarðinn er samsettur úr mælingum á menntun foreldra, atvinnustöðu foreldra og efnahagsstöðu heimilis.

Í rannsókn Nissinen, Ragnar F. Ólafssonar, Rautopuro, Almars M. Halldórssonar og Vettenranta (2018) á tengslum búsetu og frammistöðu á PISA kom fram að fjöldi bóka á heimili (sbr. menningarauð) hefur sterkust tengsl við námsárangur hérlendra nemenda, þar á eftir frammistöðuviðhorf, þá hlutfall nemenda og kennara og loks þjóðfélagsstaða. Rannsókn Amalíu Björnsdóttur, Baldurs Kristjánssonar og Barkar Hansen (2010) sýnir einnig að stéttarstaða móður hefur meiri áhrif en stéttarstaða föður á frammistöðu í samræmdum prófum í 4. og 7. bekk. Þá eru mest tengsl milli háskólamenntunar foreldra og námsárangurs á samræmdum prófum af þeim bakgrunnsbreytum sem Reykjavíkurborg skoðar (Helgi Grímsson og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, 2019). Ennfremur þá sýnir ný rannsókn að það er verulegur munur á námsárangri 15 ára nemenda eftir því hvort þeir eiga grunnskólamenntaða eða háskólamenntaða foreldra (Berglind Gísladóttir, Hans Haraldsson og Amalía Björnsdóttir, 2019). Hins vegar benda rannsóknir til þess að aðrir mælanlegir þættir menningarneyslu en formleg menntun, skýri ekki mikið af breytileika í námsárangri 15 ára nemenda á Íslandi (Guðbjörg Vilhjálmadóttir, 2004; Almar M. Halldórsson, 2006; sjá þó Nissinen o.fl., 2018).

Mikil gróska hefur verið í rannsóknum á tengslum stéttaskiptingar og menntunar hérlendis hin síðustu ár og eru rannsakendur á þessu sviði helst undir áhrifum frá kenningum Bourdieu (1984) (sjá t.d. Berglind Rós Magnúsdóttir, 2006; Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafðís Gísladóttir, 2017; Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, óbirt handrit; Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, óbirt handrit). Samkvæmt Bourdieu reiðir börnum lægri stétta verr af námslega því skólar eru millistéttarstofnanir og allt námsmat, venjur og gildismat skólanna taka mið af því (Gestur Guðmundsson, 2012; sjá einnig Berglind Rós Magnúsdóttir, 2006; Þórdís Þórðardóttir, 2015;

Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir, 2017; Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018). Kennarar eru t.d. gjarnari á að sjá börn og ungmenni sem eru skýrmælt, eiga auðvelt með samskipti við yfirboðara og hafa góða þekkingu á menningu sem góða nemendur. Börn betur settra standa alla jafna sterkar að vígi hvað þessa þætti varðar. Nemendur sem passa ekki inn í þennan ramma eru oft ekki metnir að verðleikum og líða fyrir það (Bourdieu og Passeron, 1977). Fyrir vikið segir Bourdieu (1984) að skýringar á stéttamun í námsárangri sé ekki að finna í eðlislægum þáttum eins og greind og málhæfni, sem hugmyndin um verðleikaræði (e. *meritocracy*) byggir á (Young, 1958). Þess í stað sé skólinn „sem stofnun sniðinn að menningu forréttindahópa og mælistikurnar sem hann beitir séu undirokuðum hópum til trafala“ (Gíslí Pálsson, 1979:192). Ráðandi hópar sem búa yfir miklu efnahags-, menningar- og félagslegu auðmagni eru hins vegar í essinu sínu innan skóla og annarra millistéttarstofnana. Þeir þekkja leikreglurnar og geta beitt valdi sínu til að auka veg sinn og sinna og endurskapa þar með leynt og ljóst stéttaskiptingu (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2006; Stuber, 2006).

Rannsóknir sýna jafnframt að stéttarstaða foreldra skiptir máli fyrir samskipti við skóla, þar sem millistéttarforeldrar eru frekar á heimavelli í skólakerfinu (Lareau, 2002; Reay, 2004). Foreldravirkni í skólastarfi þykir almennt fremur lítil í íslensku skólakerfi (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014) en þegar foreldrar eiga t.d. börn með fötlun og/eða sértækar menntunarþarfir neyðast þeir í auknum mæli til að leita til sérfræðinga og skólafólks. Niðurstöður Berglindar Rósar Magnúsdóttur og Helgu Hafdísar Gísladóttur (2017) sýna t.a.m. hvernig millistéttarmæður barna á einhverfurófi hér á landi standa betur í samskiptum við kennara og annað fagfólk á menntavettvangi (e. *field of education*). Hér skiptir meiri félags- og menningarauður millistéttarmæðranna höfuðmáli. Ólíkur menningarauður birtist t.d. í „mismiklu sjálfsöryggi í samskiptum, þekkingu á leikreglum menntavettvangsins og virkni í samskiptum við kennara og sérfræðinga“ (Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir, 2017:14).

Þeir sem rannsaka félags- og menningarlegar víddir stéttaskiptingar leggja á það áherslu að stétt sé ferli þar sem stéttarstaða er í sífelldri mótun á grundvelli orða og athafna (Thompson, 1968; Bourdieu, 1984). Ríkjandi stéttir hafa gnótt auðmagns og samsvarandi vægi til að leggja línurnar í samfélaginu um eftirsóttan smekk og lífsstíl, þ.m.t. þegar það kemur að vali á búsetu og menntun (Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magndís Auðardóttir, óbirt handrit). Erlendar rannsóknir sýna t.a.m. hvernig forréttindahópar nota búsetu gagnert til þess að aðgreina sig frá hópum sem njóta ekki sömu forréttinda (Butler, Hamnett, Ramsden og Webber, 2007; Reay, 2007). Ein helsta ástæða þessa er að búsetu- og skólaval eru mikilvægir liðir í stéttarímynd og sjálfsmyndarsköpun fólks, einkum meðal forréttindahópa sem eru best í stakk búnir til þess að geta valið hvar þeir búa og hvert þeir senda börn sín í skóla (Cunningham og Savage, 2015). Aukin stéttaaðgreining er talin mikið félagslegt vandamál því hún eykur og festir í sessi stéttaskiptingu (Savage, 2015). Þetta er m.a. ástæða þess að mörg sveitarfélög reyna að auka félagslega blöndun í hverfum (Reykjavíkurborg, 2014).

Rannsóknir Berglindar Rósar Magnúsdóttur og Auðar Magndísar Auðardóttur (óbirt handrit; sjá einnig Auður Magndís Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018) á sérvinnslugögnum frá Hagstofu Íslands sýna að misskipting milli best og verst stöddu skóláhverfanna á höfuðborgarsvæðinu – út frá efnahag, uppruna og menntun foreldra – jókst mikið á tímabilinu 1997 til 2016. Efnahagslegur ójöfnuður á Íslandi jókst einmitt heilmikið á fyrri hluta rannsóknartímabilsins (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Útgangspunktur greiningarinnar er að einblína á dreifingu foreldra sem eiga fjölskyldutengsl við Ísland, hafa hátt menntunarstig og tilheyra ríkasta fimmtungi foreldrahópsins. Ástæða höfunda fyrir þessu er að umræddur hópur hefur meira val um hverfi og skóla en aðrir og

hefur afgerandi áhrif á orðræðu um gæði skóla og hverfa (Bourdieu, 1984). Niðurstöðurnar sýna, sem fyrr segir, að stéttaaðgreining skólahverfa jókst umtalsvert á tímabilinu og birtist fyrst og fremst í aukinni samþjöppun (e. *concentration*) í búsetu forréttindahópa í tilteknum skólahverfum. Sex hverfi einkennast sér í lagi af síhækkandi hlutfalli ríkjandi auðs meðal foreldra á tímabilinu. Þrjú umræddra hverfa einkennast af auknum og ríkjandi auði á menningarsviðinu og þrjú hverfi skera sig úr varðandi efnahagsauð og stjórnmalaskoðanir til hægri. Loks einkennast önnur þrjú hverfi af miklum brottflutningi forréttindahópa og hækkandi hlutfalli fólks sem býr við krefjandi félags- og efnahagslegar aðstæður og hefur engin fjölskyldutengsl við Ísland (viðkvæm svæði). Niðurstöður Berglindar Rósar og Auðar Magnúsar benda ótvírætt til aukinnar félags- og menningarlegrar stéttaskiptingar héraendis samfara auknum efnahagslegum ójöfnuði, sem ganga mun hægar til baka en t.a.m. uppsveiflur í tekjuójöfnuði (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017).

Samkvæmt kenningum Bourdieu (1977, 1984) temja einstaklingar af sömu stéttarstöðu sér ósjálfrátt svipaðan veruhátt, þ.e.a.s. ákveðinn lífsstíl, venjur og viðhorf á grunni sams konar félagsmótunar og félagslegs bakgrunns (sjá einnig Gestur Guðmundsson, 2012). Rannsókn Berglindar Rósar Magnúsdóttur og Unnar Eddu Garðarsdóttur (2018) sýnir t.d. hvernig val nemenda á námi til stúdentsprófs hér á landi mótast af samspili veruháttar, vettvangs og auðmagns, sjálfsmyndar og aðgreiningar. Nemendurnir sjá m.ö.o. framhaldsskólaval sem mikilvægt fyrir sjálfsmyndarsköpun og aðgreiningu (sjá einnig Cunningham og Savage, 2015). Niðurstöðurnar benda til þess að val á framhaldsskóla hér á landi sé mikilvægur liður í endursköpun stéttarstöðu hjá rótgróinni millistétt. Íslenskar rannsóknir sýna jafnframt að ólíkur veruháttur skýrir mun á menningarneyslu unglunga (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004, 2008a, 2008b) en menningarneysla hefur áhrif á þróun starfsferils, starfsval og velgengni í starfi (Munson og Savickas, 1998). Munur á veruhætti tengist enn fremur hugmyndum um störf og starfsáform unglunga hér á landi (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2003, 2013).

Margar rannsóknir sýna ennfremur að stéttarstaða mótar menningarneyslu og viðhorf fullorðinna Íslendinga (t.d. Þorbjörn Broddason, 1973; Þórir Ólafsson, 1976; Gísli Pálsson, 1989; Wieland, 1989). Það er hins vegar athyglisvert að hugmyndir um hið stéttlausa íslenska samfélag eru alla jafna réttlættar með vísun í meinta menningarlega sérstöðu Íslands og „menningarlegt stéttleysi“ fremur en að hér fyrirfinnist ekki ójöfn skipting gæða og tækifæra (Guðmundur Oddsson, 2011). Sigurjón Björnsson og félagar (1977) draga hins vegar þá ályktun að hugmyndin um stéttleysi Íslendinga byggir á fölskum forsendum um menningarlega heildstæðni sem sé viðhaldið með því að „fela vitneskju um hið gagnstæða“ fyrir almenningi (bls. 153–154). Þó verður jafnframt að hafa í huga að Íslendingar leggja mikið upp úr jöfnuði (Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991; Stefán Ólafsson, 1996; Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, 2012). Hins vegar verður að gera greinarmun á þeim jafnaðargildum sem Íslendingar hafa í heiðri og þeim jafnaðarhugmyndum sem þeir hafa um þjóðfélag sitt (Þórólfur Þórlindsson, 1988). Þórólfur Þórlindsson (1988) dregur t.a.m. þá ályktun að jafnaðarhugmyndir Íslendinga beri að túlka sem svo að þeir álíti þjóðfélag sitt tiltölulega réttlátt.

Að sama skapi verður að hafa í huga að jafnaðargildi Íslendinga og íslensk menning byrgja landsmönnum einnig sýn á stéttaskiptingu eigin samfélags (Gísli Pálsson og Durrenberger, 1989, 1992, 1996). Rannsóknir sýna t.d. að Íslendingar vísa gjarnan til menningarlegra þátta s.s. þjóðkirkjunnar, samskipta, virðingar og sameiginlegs tungumáls til að rökstyðja þá ályktun að Ísland sé stéttlaust (Guðmundur Oddsson, 2011, 2016). Tungumálið skipar sérstakan sess í hugum fólks, enda hefur íslensk tunga nært jafnaðarhugmyndir landans svo frá ómunatíð. Þá hafa fræðimenn staðhæft að íslenska tungumálið viðhaldi hugmyndum um stéttleysi og að ríkjandi viðhorf rjúfi tengsl málsins við líf fólks sem býr við ólíkar aðstæður (Gísli Pálsson, 1995). Þorbjörn Broddason og Webb

(1975:57) segja, sem dæmi, að íslenskan geti ekki lýst lag- og/eða stéttskiptu þjóðfélagi á greinargóðan hátt, m.a. því orðið „stétt“ sé svo margrætt. Þó eru (mis)duldar vísanir í stéttaskiptingu í íslenskunni sem oft er gripið til (Gísli Pálsson, 1989).

Margt í hugmyndum um stéttleysi Íslands endurspeglar kenningar um sérstæði „nýrra samfélaga“ (e. *new societies*) eða landnemasamfélaga (e. *settler societies*), s.s. Ástralíu, Bandaríkjana og Kanada (Hartz, 1964; Lipset, 1973; Stefán Ólafsson, 2003). Útgangspunktur kenninganna er sá að sögulegar aðstæður í árdaga þessara þjóðfélaga marki enn djúp spor í menningu þeirra. Hér má t.d. nefna þegar fólk braust undan oki einvalda (e. *monarchy*), fluttist búferlum og nam land annars staðar, auk annarrar sameiginlegrar reynslu. Þessi reynsla á að hafa ræktað með þessum þjóðum svipaða landnemamenningu sem einkennist af einstaklingshyggju (e. *individualism*), sjálfstæði (e. *independence*) og jöfnuði m.t.t. virðingar (e. *status equality*). Þetta eru jafnframt hugmyndir sem byrgja mönnum sýn á stéttaskiptingu:

Áhersla Íslendinga á sjálfstæði einstaklingsins á kostnað hugmynda um samfélagið eru sérstaklega áberandi í afneitun stétta sem félagslegs fyrirbæris . . . Afneitun stétta á rætur að rekja til hugmyndafræði jafnaðar og einsleitni. Ef allir eru jafnir, þá geta ekki verið til neinar stéttir, enginn félagslegur munur og þar af leiðandi enginn hluti þess félagslega utan við einstaklinginn (Durrenberger, 1996:171).

Tomasson (1980) staðhæfði að Ísland væri fyrsta nýja samfélagið, í stað Bandaríkjana (Lipset, 1973), því Ísland er mun eldra samfélag. Hann fann ýmis dæmi um félags- og menningarleg einkenni nýrra samfélaga í íslensku þjóðfélagi. Enn fremur ályktaði Tomasson að jafnaðarandinn væri helsta menningararfleifð Íslendinga. Ísland er ennfremur eina Evrópulandið sem hefur aldrei haft formlegan aðal (e. *aristocracy*). Þó hlutu háttsettir íslenskir embættismenn og biskupar aðalstign (e. *nobility*) innan danska konungsveldisins eftir miðja 18. öldina. Íslensku aðalsmennirnir (e. *noblemen*) voru mjög meðvitaðir um sérstöðu sína en hún fór að miklu leyti framhá alþýðunni (Einar Hreinsson, 2003, 2005).

Framangreint er í góðu samræmi við hugmyndir Bourdieu (1987), sem gengur út frá því að það sé almennt lítil vitund um stéttamun meðal almennings. Lítið sé rætt um stéttir vegna þess að menning sérhvers samfélags og ráðandi hópar dragi dul á stéttaskiptingu og réttlæti hana með ýmsum hætti. Vegna þessa sjá flestir fyrir sér stéttaskiptingu samfélagsins sem eðlilega og sjálfsagða. Bourdieu segir jafnframt að þetta sé ein helsta ástæða þess að stéttaójöfnuður endurskapist kynslóð fram af kynslóð. Þetta sýni hins vegar að sjálfsagðar hugmyndir um stéttaskiptingu séu ekki hlutlausar heldur endurspegli þær hagsmuni ráðandi stétta, sem vilja helst enga umræðu um stéttaskiptingu. Orðræða, eða skortur á orðræðu, fær okkur m.ö.o. til þess að taka sumu sem sjálfsögðum hlut. Bourdieu kallar þetta sjálfsögð sannindi og skilgreinir það sem „hinar þegjandi forsendur sem við samþykkjum sem innfæddir í tilteknu samfélagi“ (2005:37).

Andspænis sjálfsögðum sannindum er „heimur þess sem hægt er að koma í orð, og þar af leiðandi að hugsa um“ (Bourdieu, 1977:169). Þessi „skoðanavettvangur“ (e. *field of opinion*) samanstendur af rétttrúnaði (e. *orthodoxy*) og villutrú (e. *heterodoxy*). Rétttrúnaður vísar til samþykktra skoðana, og villutrú gengur gegn viðurkenndum skoðunum. Þó verður að hafa í huga að „sjálfsögð sannindi eru ákveðið sjónarhorn, sjónarhorn hinna ráðandi, sem þröngvar sér fram sem hið algilda sjónarhorn“ (Bourdieu, 1998:57). Ríkjandi orðræða réttlætir t.a.m. ójöfnuð með því að móta og segja til um hvað má ræða og hvernig. Með því t.d. að ræða hvorki né viðurkenna stéttaójöfnuð réttlæta ráðandi hópar stéttaskiptingu sem ómarkverða.

Hinar undirokuðu stéttir hafa hag af því að ýta aftur hinum sjálfsögðu sannindum og afhjúpa hitt handahófskennda eðli þess sem teknu er sem sjálfsögðum hlut; hinir ráðandi hafa hag af því að verja hin sjálfsögðu sannindi eða, ef það tekst ekki, að festa í sessi ófullkomna varaskeifu, *réttrúnað* (Bourdieu, 1977:169, upphafleg áhersla).

Kreppur (e. *crises*) og rof í hversdagsleikann geta afhjúpað sjálfsögð sannindi þar sem veruhátturinn getur ekki aðlagast breyttum aðstæðum nógu hratt. Baráttan milli hinna ráðandi og hinna undirokuðu um hina ríkjandi heimssýn er enn fremur skýrust þegar kreppa ógnar núverandi þjóðfélagsskipan, þ.m.t. „tungumáli núverandi skipulags, aðstæður sem kalla á óvenjulegt orðfæri“ (Bourdieu, 1977:170).

Norbert Elias (2001) staðhæfir að einstaklingar séu undir áhrifum veruháttar hvers þess hóps sem þeir tilheyra og að þjóðerni hafi alla jafna sérstaklega mikið vægi. Á grundvelli þess setti Elias fram hugtakið „þjóðarveruháttur“ og skilgreindi það sem „þau einkenni sjálfsmyndar þjóðar – sem við köllum „þjóðareinkenni“ – og er lag samfélagslegs veruháttar og er kyrfilega byggður inn í persónuleika einstaklings“ (2001:183, 209). Guðmundur Oddsson (2016) heggur í sama knérunn og Elias (2001) og notar hugtakið þjóðarveruháttur til þess að lýsa sameiginlegu tilhneigingar-, hegðunar- og hugsanamynstri Íslendinga, sem skilyrðir hugmyndir sem landsmenn taka sem sjálfsögðum sannindum.

Guðmundur Oddsson (2014, 2016) staðhæfir í anda Bourdieu (1977) að hugmyndin um að Ísland sé tiltölulega stéttlaust hafi löngum verið grundvallaratriði í íslenska þjóðveruhættinum. Þetta kallar hann „hin sjálfsögðu sannindi um stéttleysi“ og skilgreinir það sem „hinar sjálfsögðu forsendur að tiltekið samfélag sé tiltölulega stéttlaust“. Andspænis hinum sjálfsögðu sannindum stendur annars vegar hin rétta skoðun að Ísland sé stéttlaust samfélag, þar sem engin stéttaskipting fyrirfinnst. Þetta var hin „opinbera“ skoðun sem mótaði alla almenna umræðu um stéttaskiptingu á seinni hluta 20. aldar (Guðmundur Magnússon, 2008). Hins vegar höfum við hina undirokuðu villutrú, sem er sú að Ísland sé ekki stéttlaust samfélag og að héraendis fyrirfinnst stéttaskipting. Leiðtogar og stjórnámálmenn sem eru vinstra megin í pólitíska litrófinu hafa helst haldið þessari skoðun á lofti í gegnum tíðina. Hinir ráðandi og hinir undirokuðu gangast hins vegar að mestu þegjandi inn á þau sjálfsögðu sannindi að Ísland sé tiltölulega stéttlaust, sér í lagi samanborið við önnur lönd. Þessi „þjóðlegu sannindi“ (e. *national doxa*) (Karner 2005:250) eiga rætur sínar að rekja til hugmyndafræðinnar um jöfnuð og einstaklingshyggju (Stefán Ólafsson, 1996) og hugmyndafræði sem hafnar tilvist stéttaskiptingar (Durrenberger, 1996).

Sjálfsagðar hugmyndir um stéttaskiptingu endurspeglar stéttabaráttuna „þar sem valdajafnvægið veltur á táknaðum auðmagninu sem þeir sem berjast fyrir sinni sýn hafa byggt upp og að hve miklu leyti þessar hugmyndir eiga sér stoð í veruleikanum“ (Bourdieu, 1987:16). Héraendis halda hinir ráðandi á lofti hugmyndinni um að Ísland sé stéttlaust samfélag og þessi orðræða „að ofan“ mótar hugmyndir um stéttleysi. Hluti skýringarinnar felst í því sem bandaríski félagsfræðingurinn Howard Becker (1970) nefnir „stigveldi trúverðugleikans“ (e. *hierarchy of credibility*), sem undirstrikar að valdhafar eru almennt taldir trúverðugri en þeir sem hafa minni völd.

Hugmyndin um stéttleysi er hins vegar ekki gripin algerlega úr lausu lofti því það ríkti tiltölulega mikill jöfnuður á Íslandi, í alþjóðlegum samanburði, frá lokum seinni heimstyrjaldar og fram á miðjan 10. áratuginn (Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017). Yfirstétt Íslands barst aukinheldur lengi vel ekki mikið á og ekki hefur verið mikið um sárafátækt á Íslandi í seinni tíð, auk þess sem félags- og menningarleg einsleitni styrkti frekar í sessi hin sjálfsögðu sannindi um tiltölulegt stéttleysi íslensks samfélags (Guðmundur Magnússon, 2008). Þetta er í samræmi við hugmyndir Bourdieu um

að sjálfsögð sannindi nái mestri rótfestu í einsleitum og stöðugum samfélögum „þar sem hið ráðandi flokkunarkerfi hefur enga keppinauta eða mótvægi“ (1977:164).

Rannsókn Guðmundar Oddssonar (2016) sýnir hins vegar að ör hnatt- og nýfrjálshyggjuvæðing íslensks þjóðfélags frá miðjum 10. áratugnum og fram að hrúni skók þjóðarveruhátt Íslendinga og jók þar með vitund landsmanna um stéttaskiptingu. Guðmundur rekur aukna vitund Íslendinga um stéttaskiptingu öðru fremur til stóraukins efnahagslegs ójafnaðar á uppgangstíma nýfrjálshyggjunnar, myndunar áberandi og ofurríkrar stéttar þverþjóðlegra kapítalista og mikils innflutnings erlends láglaunafólks. Hér skipti miklu máli sýndarneysla (e. *conspicuous consumption*) meðlima yfirstéttarinnar, en meðlimir hennar nota neysluna til þess að sýna vald sitt, marka sér sérstöðu og tryggja ráðandi stöðu sína í samfélaginu (Veblen, 1899; Ármann Þorvaldsson, 2009). Loks sýnir ítarleg eigindleg greining Guðmundar Oddssonar (2016) á stéttaorðræðu á hinum pólitíska vettvangi að á uppgangstíma nýfrjálshyggjunnar fjaraði undan þeim sjálfsögðu sannindum að Ísland sé tiltölulega stéttlaust þjóðfélag. Orð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur árið 2006 eru lýsandi dæmi: „Hvað er það að vera Íslendingur? Hvernig er sjálfsmynd Íslendinga, í hverju felst hún? Hún felst í því að vera hluti af litlu samfélagi þar sem fólk deilir kjörum hvert með öðru, örlögum og kjörum og er jafnvel talað um íslenskt samfélag sem stéttlaust samfélag. Við getum ekki talað þannig lengur“ (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 2006).

Niðurlag

Stéttagreining hefur frá upphafi verið eitt helsta sjónarhorn alþjóðlegrar félagsfræði. Þetta endurspeglast í fleygum orðum bandaríska félagsfræðingsins Arthurs Stinchcombs: „Félagsfræði hefur einungis eina óháða breyту, stétt“ (Wright, 1979:3) og þeirri staðhæfingu breska félagsfræðingsins Anthony Giddens að „aðalviðfangsefni félagsfræðinnar hverfist um stéttir og stéttabaráttuna“ (1973:19, upphafleg áhersla). Hér er tekið djúpt í árinna – auk þess sem Stinchcombe var hálf í hvoru að grínast. Ummælin undirstrika hins vegar að þjóðfélagsstétt er, sögulega séð, eitt mest notaða hugtak félagsfræðinnar. Fyrir þessu eru margar ástæður en sú helsta er hversu afgerandi áhrif stéttaskipting hefur á gangverk og þróun samfélaga. Fáir orsakabættir – ef nokkrir – móta jafnframt möguleika fólks í lífinu meira en stéttarstaða (Lareau og Conley, 2008). Það er því ekki að undra að stéttagreining skipi sérstakan heiðursess í félagsfræði, enda hverfist fræðigreinin um rannsóknir á gagnkvæmum tengslum einstaklinga og samfélags með sérstaka áherslu á upptök og afleiðingar félagslegs ójafnaðar (Guðmundur Oddsson, 2019).

Fræðilega stéttagreiningu má rekja aftur til miðrar 19. aldar þegar Marx og fleiri rýndu í þær breytingar sem iðnbyltingin og uppgangur kapítalismans höfðu á samfélagsgerðina (Crompton, 2008). Doktorsritgerð Jóhannesar Nordal (1953) markar ákveðið upphaf að stéttagreiningu á íslensku nútímasamfélagi. Rannsókn hans lýsir félagslegum breytingum á 18. og 19. öld, einkum m.t.t. félagslegs hreyfanleika, sem greiddu götuna fyrir innreið kapítalismans og stéttasamfélagi hérlendis – í nútímalegum skilningi. Stéttagreining á íslenskum samtíma náði hins vegar ekki fótfestu fyrr en undir lok 8. áratugarins og fram á þann níunda. Þessar fyrstu íslensku stéttarannsóknir yfirfærðu og aðlöguðu aðferðir og kenningar alþjóðlegrar stéttagreiningar að íslenskum veruleika og skoðuðu m.a. stéttagerðina og stéttaskiptingu og sögulega þróun hennar á 20. öld, og báru Ísland saman við önnur vestræn lönd (t.d. Dóra S. Bjarnason, 1974, 1976; Þorbjörn Broddason og Webb, 1977; Sigurjón Björnsson o.fl., 1977; Stefán Ólafsson, 1982; Ingimar Einarsson, 1987; Þórolfur Þórlindsson, 1988). Hvatinn til að fletta ofan af mýtum og draga fram í dagsljósið það sem er falið er innbyggður í hið félagsfræðilega sjónarhorn (Mills, 1959; Berger, 1963; Bourdieu, 1998a). Það skal því engan undra að fyrstu íslensku félagsfræðingarnir skyldu takast á við goðsögnina um hið stéttlausa Ísland.

Ekki var mikið um stéttgreiningu á íslenskum samtíma frá miðjum 9. áratugnum og fram að efnahagshruninu 2008. Flestar stéttarannsóknir á þessu tímabili voru enn fremur sögulegs eðlis og horfðu til mótunartíma stéttasamfélagsins í kringum aldamótin 1900 (t.d. Magnús S. Magnússon, 1985, 1987; Ingimar Einarsson, 1987; Finnur Magnússon, 1986, 1990; Ingólfur V. Gíslason, 1990; Jón Gunnar Grjetarsson, 1993; Hermann Óskarsson, 1996, 1997). Telja má að „stéttafælni“ íslensks félagsvísindafólks ráði nokkru um hve lítið var um stéttgreiningu á íslenskum samtíma á þessu tímabili (Guðmundur, Oddsson 2010b; Hermann Óskarsson, 2011). Stéttafælni vísar til þess að forðast, leynt og ljóst, að rannsaka og ræða stéttaskiptingu þar sem jöfnuður er í hávegum hafður, a.m.k. í orði kveðnu (Stefán Ólafsson, 1982; Guðmundur Oddsson, 2010b).

Þær stéttarannsóknir sem voru gerðar á íslenskum veruleika frá upphafi nútímavæðingar og fram að efnahagshruninu samsvara meira og minna þeim viðfangsefnum sem ég hef tíundað hér að framan, þ.e. stéttagerð, stéttastjórnsmál, stéttaójöfnuður, stéttarvitund og stéttamenning. Við þessa upptalningu má bæta rannsóknum á fjölbreyttum áhrifum stéttarstöðu á lífsmöguleika (s.s. heilsu, hreyfingu, langlífi og vellíðan) (t.d. Hólmfríður K. Gunnarsdóttir og Vilhjálmur Rafnsson, 1992; Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, 1997, 2005a, 2005b; Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson, 1998; Matthías Halldórsson, Cavelaars, Kunst og Mackenbach, 1999; Rúnar Vilhjálmsson, 2000, 2001; Guðrún Kristjánsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2001; Hermann Óskarsson, 2005, 2006, 2007, 2008; Hólmfríður K. Gunnarsdóttir, Kristinn Tómasson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2004). Síðastnefndu rannsóknirnar skara m.a. svið atvinnulífsfélagsfræði (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2004, 2017), heilsufélagsfræði (Sigrún Ólafsdóttir, 2004), lýðfræði (Stefán Hrafn Jónsson, 2004, 2017) og velferðarrannsókna (Guðný Björk Eydal, 2004; Guðný Björk Eydal og Steinunn Hrafnisdóttir, 2017).

Aukin áhersla hefur verið lögð á stéttgreiningu á íslenskum samtíma frá hruni. Stórauðinn efnahagslegur ójöfnuður á uppgangstíma nýfrjálshyggjunnar, myndun áberandi og ofurríkrar stéttar og mikill innflutningur erlends láglaunafólks hafa óneitanlega verið kveikjan að aukinni virkni á þessu sviði (Guðmundur Oddsson, 2010b, 2016; Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2017; Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019). Viðfangsefni íslenskra stéttarannsókna eftir hrun eru margvísleg og samþætting sviðsins við önnur svið er heilmikil. Meðal helstu viðfangsefna má nefna þróun efnahagslegs ójafnaðar m.t.t. stéttaskiptingar, einkum tekjuójafnaðar (t.d. Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, 2012, 2017; Guðmundur Oddsson, 2014, 2016). Þá hefur höfundur skrifað talsvert um huglægar víddir stéttaskiptingar og áhrif ójafnaðar á hugmyndir Íslendinga um stéttaskiptingu (t.d. Guðmundur Oddsson, 2010b, 2010c, 2011, 2012, 2014, 2016, 2018, óbirt handrit; sjá einnig Þorgerður Einarisdóttir, Thamar M. Heijstra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2018). Að sama skapi hefur talsvert verið lagt upp úr því að skoða áhrif stéttaójafnaðar á hugmyndir og vellíðan (t.d. Arndís Vilhjálmsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2016; Arndís Vilhjálmsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2018; Arndís Vilhjálmsdóttir, Bart De Clercq, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2019; Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2009; Guðmundur Oddsson og Jón Gunnar Bernburg, 2018; Ragna Benedikta Garðarsdóttir o.fl., 2018). Mikil gróska er jafnframt í rannsóknum á tengslum stéttaskiptingar og menntunar og ýmsu er snýr að starfsframa (t.d. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004, 2008a, 2008b; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2003, 2013; Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir, 2017; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, óbirt handrit). Ýmsir hafa í auknum mæli beint sjónum sínum að samtvinnun (e. *intersection*) stéttaskiptingar og annarra vídda félagslegs ójafnaðar, s.s. þjóðernis, kynvitundar og fötlunar

(t.d. Kristín Björnsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2008; Linda Sólveigar- Guðmundsdóttir, 2018; Þorgerður Einarsdóttir, Thamar M. Heijstra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2018; Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska, 2019; Guðmundur Oddsson, óbirt handrit). Loks hafa íslenskir fræðimenn skoðað áhrif, uppgang og innbyrðis tengsl efri stétta (t.d. Guðmundur Magnússon, 2008; Ívar Jónsson, 2008, 2012; Magnús Þór Torfason o.fl., 2017; Gunnar Helgi Kristinsson, 2018; Haukur Arnþórsson, 2019).

Ljóst er að íslenskar stéttarannsóknir standa á mun styrkari stoðum en fyrir nokkrum árum. Sem dæmi um það má nefna að við ritun bókarinnar *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 2004) þótti ekki ástæða til þess að hafa sérkafla tileinkaðan stéttarannsóknnum. Þetta er merkilegt í ljósi þess að rannsóknir á stéttaskiptingu eru eitt af meginviðum norrænnar félagsfræði (Allardt, 1989). Að sama skapi sést á yfirferðinni hér að ofan að íslenskar stéttarannsóknir einskorðast ekki við félagsfræði. Í þessari yfirlitgrein hef ég fjallað um stéttarannsóknir frá hinum ýmsu fræðasviðum og notað þær til að draga upp mynd af því hvernig stéttaskipting hefur birst á Íslandi frá upphafi nútímavæðingar í kringum aldamótin 1900, sér í lagi m.t.t. stéttagerðar, stéttastjórnsmála, stéttaójafnaðar, stéttarvitundar og stéttamenningar.

Alþjóðleg stéttagreining hefur gengið í gegnum ákveðna endurnýjun síðustu áratugi og hefur jafnframt sótt í sig veðrið undanfarin ár í umróti niðursveiflunnar miklu 2007 til 2008 (e. *the Great Recession*) og í ljósi þess að efnahagslegur ójöfnuður eykst á heimsvísu um þessar mundir (Alvaredo, Chancel, Piketty, Saez og Zucman, 2018). Stéttagreining á íslenskum samtíma hefur að sama skapi fest traustari rætur, en betur má ef duga skal. Rannsóknarefnið eru óþrjótandi, s.s. að kortleggja íslenska stéttakerfið og þróun þess í ljósi örra þjóðfélagsbreytinga, rannsaka félagslegan hreyfanleika innan og milli kynslóða, skoða áhrif stéttarstöðu á afdrif, hegðun og viðhorf fólks á grunni fræðilegra stéttalíkana og greina frekar samtvinnun stéttaskiptingar við aðrar víddir félagslegs ójafnaðar. Helsta verkefni alþjóðlegrar stéttagreiningar er að útvíkka stéttagreiningu út fyrir mörk þjóðríkisins (Breen og Rottman, 1998; Beck, 2007) og þar getur íslenskt fræðafólk lagt lóð á vogarskálarnar (Guðmundur Oddsson, 2014). Saga félagsfræðinnar hefur fram að þessu verið saga stéttagreiningar, að miklu leyti. Fátt bendir til annars en að svo verði áfram.

Þakkir

Höfundur vill Berglindi Rós Magnúsdóttur, Hermanni Óskarssyni, Oddi Ævari Guðmundssyni og Stefáni Ólafssyni fyrir góðar athugasemdir við fyrri útgáfur af þessari grein. Jafnframt fá ritrynar þakkir fyrir uppbyggilega gagnrýni.

Heimildir

- Agnar Freyr Helgason. 2018. The Great Recession and New Class Voting in Iceland. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 14, 3, 159–182.
- Alford, Robert R. 1964. *Party and Society: The Anglo-American Democracies*. London: Rand McNally.
- Allardt, Erik. 1989. Recent Developments in Scandinavian Sociology. *Annual Review of Sociology*, 15, 31–45.
- Alma Mjöll Ólafsdóttir. 2019. Þegar ég trúði því að ég væri í millistétt. *Stundin*, 5. febrúar. Sótt 2. október 2019 af <https://stundin.is/grein/8270/>.

- Almar M. Halldórsson. 2006. *Lesskilningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárþættir – Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Alvaredo, Facundo, Lucas Chancel, Thomas Piketty, Emmanuel Saez og Gabriel Zucman (ritstj.). 2018. *World Inequality Report (WIR)*. Cambridge: Harvard University Press.
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. 2010. Tengsl námsárangurs við viðhorf nemenda og foreldra til skólagöngu og við félagslegan bakgrunn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 7, 60–76.
- Anderson, Dewey og Percy Davidson. 1943. *The Democratic Class Struggle*. Stanford: Stanford University Press.
- Andersen, Robert og Josh Curtis. 2012. The Polarizing Effect of Economic Inequality on Class Identification: Evidence from 44 Countries. *Research in Social Stratification and Mobility*, 30, 1, 129–141.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson. 2009. Viðhorf Íslendinga til tekjuskiptingar. Bls. 923–935 í Gunnar P. Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Arnaldur Sölvi Kristjánsson og Stefán Ólafsson. 2009. Heimur hátekjuhópanna: Um þróun tekjuskiptingar á Íslandi 1993–2007. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 5, 1, 93–121.
- Arndís Vilhjálmsdóttir, Bart De Clercq, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2019. *International Journal of Public Health*, 64, 2, 253–263.
- Arndís Vilhjálmsdóttir, Jón Gunnar Bernburg, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2018. Community Income Inequality and Adolescent Emotional Problems: A Population-Based study. *Journal of Community Psychology*, 46, 6, 715–733.
- Arndís Vilhjálmsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2016. Neighborhood Income Inequality, Social Capital and Emotional Distress Among Adolescents: A Population-Based Study. *Journal of Adolescence*, 51, 6, 92–102.
- Atkinson, Anthony B. og Andrea Brandolini. 2013. On the Identification of the Middle Class. Bls. 77–100 í Janet C. Gornick og Markus Jäntti (ritstj.), *Income Inequality: Economic Disparities and the Middle Class in Affluent Countries*. Stanford: Stanford University Press.
- Atkinson, Anthony B., Lee Rainwater og Timothy M. Smeeding. 1995. Income Distribution in OECD Countries. *OECD Social Policy Studies* No. 18.
- Atkinson, Will. 2017. *Class in the New Millennium: Structure, Homologies and Experience in Contemporary Britain*. London: Routledge.
- Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. 2018. „Það er auðvitað ekki þverskurðurinn af þjóðfélaginu sem býr hér“: Um vaxandi stétta- og menningaraðgreiningu í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins á árunum 1997–2016. Erindi á Þjóðarspeglinum, Háskóli Íslands, 26. október.
- Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. Óbirt handrit. (Not) This Kind of People. Exploring the Narratives of Middle-Class Mothers in Privileged or Disadvantaged Neighbourhoods in Iceland.
- Auður Styrkárdsdóttir. 1999. *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Iceland, 1908–1922*. Doktorsritgerð. Umeå: Umeå University.

- Ax, Christina F. 2002. Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar. *Saga XL*, 1, 63–90.
- Ax, Christina F. 2003. *De uregerlige: Den islandske almue og ovrighedens reformforsøg 1700–1870*. Doktorsritgerð. Copenhagen: University of Copenhagen
- Ax, Christina F. 2007. Incorporating New Ideas in a Local Community. *Scandinavian Journal of History*, 32, 2, 119–140.
- Axel Kristinsson. 2018. *Hnignun, hvaða hnignun?* Reykjavík: Sögufélag.
- Ármann Þorvaldsson. 2009. *Ævintýraeyjan: Uppgangur og endalok fjármálaveldis*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Ásgeir Jónsson, Ásta H. Hall, Gylfi Zoega og Marta G. Skúladóttir. 2001. *Tekjuskipting á Íslandi: Þróun og ákvörðunarvaldar*. Reykjavík: Hagfræðistofnun.
- Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. 2018. Ólíkur félagslegur og menntapólítískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla: Nám til stúdentsprófs í 20 ár af sjónarhóli framhaldsskólakennara og -stjórnenda. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 2. október 2019 af http://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/12.pdf.
- Ásgrímur Angantýsson. 2017. Linguistic proficiency as cultural capital in school environments. *Beyond Philology*, 14, 1, 163–179.
- Ásta Svavarsdóttir. 1982. Þágufallsýki: Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 4, 19–62.
- Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. Fall er fararheill: Um fallnotkun með ópersónulegum sögnum. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 6, 33–55.
- Barbalet, Jack. M. 1993. Citizenship, Class Inequality, and Resentment. Bls. 36–56 í Bryan S. Turner (ritstj.), *Citizenship and Social Theory*. London: Sage.
- Bauman, Zygmunt. 2000. *Liquid Modernity*. Cambridge: Polity Press.
- Beck, Ulrich. 2007. Beyond Class and Nation: Reframing Social Inequalities in a Globalizing World. *The British Journal of Sociology*, 58, 4, 679–705.
- Becker, Howard. 1970. *Sociological Work: Method and Substance*. Chicago: Aldine Publishing Company.
- Beeghley, Leonard. 1986. Social Class and Political Participation: A Review and an Explanation. *Sociological Forum*, 18, 1, 496–513.
- Beller, Emily. 2009. Bringing Intergenerational Social Mobility Research into the Twenty-First Century: Why Mothers Matter. *American Sociological Review*, 74, 507–528.
- Bengtsson, Ása, Kasper Hansen, Ólafur Þ. Harðarson, Hanne Marthe Narud og Henrik Oscarsson. 2014. *The Nordic Voter: Myths of Exceptionalism*. Colchester: ECPR Press.
- Bennett, Tony, Mike Savage, Elizabeth Bortolaia Silva, Alan Warde, Modesto Gayo-Cal og David Wright. 2008. *Culture, Class, Distinction*. London: Routledge.
- Berger, Peter L. 1963. *Invitation to Sociology: A Humanistic Approach*. New York: Doubleday.
- Berglind Gísladóttir, Hans Haraldsson og Amalía Björnsdóttir. 2019. Samband menntunar foreldra við frammistöðu þátttakenda í PISA-könnuninni á Norðurlöndum. *Netla –*

- Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 2. október 2019 af http://netla.hi.is/serrit/2019/altjodlegar_menntakannanir/03.pdf.
- Berglind Ragnarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir. 2013. The Global Financial Crisis and Individual Distress: The Role of Subjective Comparisons after the Collapse of the Icelandic Economy. *Sociology*, 47, 4, 755–775.
- Berglind Rós Magnúsdóttir. 2006. Námshegðun leiðtoga í unglingabekk í ljósi rannsókna og kenninga um menningarauðmagn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 42–59. Sótt 2. október 2019 af http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/4_berglind1.pdf.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. 2018. „Þessi venjulegu íslensku börn verða kannski hálfpartinn undir“: Um vaxandi þjóðernisbrothvarf og þyrpingar barnafjölskyldna í krefjandi aðstæðum í ákveðnum skólahverfum höfuborgarsvæðisins. Erindi á Menntakviku, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. Óbirt handrit. Auðmagnshverfi og viðkvæm hverfi verða til í íslensku borgarlandslagi: Samþjöppun auðs og vanefna út frá efnahag, uppruna og menntun foreldra 1997-2016.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Helga Hafdís Gísladóttir. 2017. „Þá er gott að fá einhvern utanaðkomandi...sem borin er virðing fyrir“: Þjargráð mæðra við skólagöngu einhverfra barna sinna í ljósi stéttakenningar Bourdieu. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 2. október 2019 af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/08>.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir. 2018. „Bara ekki mínar týpur!“: Sjálfsmyndarsköpun, félagsleg aðgreining og framhaldsskólalaval. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 2. október 2019 af http://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/13.pdf.
- Bernstein, Basil 1971. *Class, Codes and Control: Theoretical Studies Towards a Sociology of Language*, Vol. 1. Routledge & Kegan Paul.
- Bolender, Douglas J. 2006. *The Creation of a Propertied Landscape: Land Tenure and Agricultural Investment in Medieval Iceland*. Doktorsritgerð. Evanston: Northwestern University.
- Bolender, Douglas J. 2012. Dividing Land and Creating Class: The Development of a Landlord-Tenant Political Economy in Medieval Iceland. Bls. 65–83 í E. Paul Durrenberger (ritstj.), *The Anthropological Study of Class and Consciousness*. Boulder: University Press of Colorado.
- Bolender, Douglas J., John M. Steinberg og Paul E. Durrenberger. 2008. Unsettled Landscapes: Settlement Patterns and the Development of Social Inequality in Northern Iceland. Bls. 217–238 í Lisa Cliggett og Christopher A. Pool (ritstj.), *Economies and the Transformation of Landscape*. Lanham: AltaMira Press.
- Bottero, Wendy. 2004. Class Identities and the Identity of Class. *Sociology*, 38, 5, 985–1003.
- Bourdieu, Pierre. 1977. *Outline of a Theory of Practice*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Bourdieu, Pierre. [1979] 1984. *Distinction: A Social Critique of the Judgment of Taste*. London: Routledge and Kegan Paul.
- Bourdieu, Pierre. 1987. What Makes a Social Class? On the Theoretical and Practical Existence of Groups. *Berkeley Journal of Sociology*, 32, 1–18.

- Bourdieu, Pierre. 1991. *Language and Symbolic Power*. Cambridge: Harvard University Press.
- Bourdieu, Pierre. 1998a. *On Television*. London: New Press.
- Bourdieu, Pierre. 1998b. *The State Nobility: Elite Schools in the Field of Power*. Cambridge: Polity Press.
- Bourdieu, Pierre og Passeron, Jean Claude. 1977. *Reproduction in Education, Society and Culture*. London: Sage.
- Brady, Henry E., Sidney Verba og Kay Lehman Schlozman. 1995. Beyond SES: A Re-source Model of Political Participation. *American Political Science Review*, 89, 2, 271–294.
- Bragi Guðmundsson. 1985. *Efnamenn og eignir þeirra um 1700. Athugun á íslenskum gósseigendum í jarðabók Árna og Páls og fleiri heimildum*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun.
- Breen, Richard. 2005. Foundations of Neo-Weberian Class Analysis. Bls. 31–50 í Erik O Wright (ritstj.), *Approaches to Class Analysis*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Breen, Richard og David Rottman. 1995. Class Analysis and Class Theory. *Sociology*, 29, 3, 453–473.
- Breen, Richard og David Rottman. 1998. Is the National State the Appropriate Geographical Unit for Class Analysis? *Sociology*, 32, 1, 1–21.
- Breen, Richard og Jan O. Jonsson. 2007. Explaining Change in Social Fluidity: Educational Equalization and Educational Expansion in Twentieth-Century Sweden. *American Journal of Sociology* 112, 6, 1775–1810.
- Bulmer, Martin (ritstj.). 1975. *Working-Class Images of Society*. London: Routledge.
- Burawoy, Michael. 1979. *Manufacturing Consent: Changes in the Labor Process under Monopoly Capitalism*. Chicago: University of Chicago Press.
- Butler Tim, Chris Hamnetta, Mark Ramsdena og Richard Webber. 2007. The Best, the Worst and the Average: Secondary School Choice and Education Performance in East London. *Journal of Education Policy*, 22, 1, 7-29.
- Centers, Richard. 1949. *The Psychology of the Social Classes*. Princeton: Princeton University Press.
- Chan, Tak W. og John H. Goldthorpe. 2007. Class and Status: The Conceptual Distinction and its Empirical Relevance. *American Sociological Review*, 72, 512–532.
- Charlwood, Andy. 2002. Why Do Non-Union Employees Want to Unionize? Evidence From Britain. *British Journal of Industrial Relations*, 40, 3, 463–491.
- Christiansen, Peter Munk, Birgit Møller og Lise Togeby. 2001. *Den danske elite*. København: Hans Reitzels Forlag.
- Clark, Terry N. og Seymour M. Lipset (ritstj.). 2001. *The Breakdown of Class Politics: A Debate on Post-Industrial Stratification*. Baltimore: John Hopkins University Press.
- Clement, Wallace og John Myles. 1994. *Relations of Ruling: Class and Gender in Postindustrial Societies*. Montreal: McGill–Queen’s University Press.
- Cobham, Alex, Lukas Schlögl og Andy Sumner. 2015. Inequality and the Tails: The Palma Proposition and Ratio Revisited. *Department of Economic & Social Affairs, DESA Working Paper No. 143*.

- Credit Suisse. 2018. *Global Wealth Report; Global Wealth Databook 2018*. Sótt 8. nóvember 2019 af <https://www.credit-suisse.com/corporate/en/research/research-institute/global-wealthreport.html>.
- Crompton, Rosemary. 2008. *Class and Stratification* (3. útgáfa). London: Polity.
- Cunningham, Niall og Mike Savage. 2015. The Secret Garden? Elite Metropolitan Geographies in the Contemporary UK. *The Sociological Review*, 63, 2, 321–348.
- Curtis, Josh. 2013. Middle Class Identity in the Modern World: How Politics and Economics Matter. *Canadian Review of Sociology and Anthropology*, 50, 2, 203–226.
- Curtis, Josh. 2016. Social Mobility and Class Identity: The Role of Economic Conditions in 33 Societies, 1999–2009. *European Sociological Review*, 32, 1, 108–121.
- Dahl, Robert A. 1963. *Modern Political Analysis*. Inglewood Cliffs: Prentice Hall.
- Domhoff, William H. 1990. *The Power Elite and the State: How Policy is Made in America*. New Jersey: Transaction Publishers.
- Dóra S. Bjarnason. 1974. *A Study of the Intergenerational Difference in the Perception of Stratification in Urban Iceland*. Meistararitgerð. Keele: University of Keele.
- Dóra S. Bjarnason. 1976. *Jafnræði í lagskiptu samfélagi*. Reykjavík.
- Dóra G. Guðmundsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Felicia A. Huppert, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Unnur A. Valdimarsdóttir og Arna Hauksdóttir. 2015. How Does the Economic Crisis Influence Adolescents' Happiness? Population-Based Surveys in Iceland in 2000–2010. *Journal of Happiness Studies*, 17, 3, 1219–1234.
- Durrenberger, E. Paul. 1996. Every Icelander a Special Case. Bls. 171–190 í Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger (ritstj.), *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts*. Iowa City: University of Iowa Press.
- Durrenberger, E. Paul og Gísli Pálsson (ritstj.) *The Anthropology of Iceland*. Iowa: University of Iowa Press.
- Durrenberger, Paul E. og Gísli Pálsson (ritstj.). 2015. *Gambling Debt: Iceland's Rise and Fall in the Global Economy*. Boulder: University Press of Colorado.
- Ehrenreich, Barbara. 1990. *Fear of Falling: The Inner Life of the Middle Class*. New York: Pantheon Books.
- Eidlin, Barry. 2014. Class Formation and Class Identity: Birth, Death, and Possibilities for Renewal. *Sociology Compass*, 8, 8, 1045–1062.
- Einar Eypórssón. 1997. Coastal Communities and ITQ Management: The Case of Icelandic Fisheries. Bls. 107–120 í Gísli Pálsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstj.), *Social Implications of Quota Systems in Fisheries*. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.
- Einar Hreinsson. 2003. *Nätverk och nepotism. Den regionala förvaltningen på Island 1770–1870*. Doktorsritgerð. Göteborg: Göteborgs Universitet.
- Einar Hreinsson. 2005. Noblesse De Robe in a Classless Society. *Scandinavian Journal of History*, 30, 3, 225–237.
- Einar Olgeirsson. 1958. *Ættarsamfélag og ríkisvald*. Reykjavík: Mál og menning.
- Einar Olgeirsson. 1968. Halldór Pétursson: Kreppan og hernámsárin. *Réttur*, 51, 4, 202.
- Einar Olgeirsson. 1983. *Kraftaverk einnar kynslóðar*. Reykjavík: Mál og menning.

- Eiríkur Bergmann. 2014. *Iceland and the International Financial Crisis. Boom, Bust and Recovery*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Elias, Norbert. 2001. *The Society of Individuals*. Oxford: Basil Blackwell.
- Erikson, Robert og John H. Goldthorpe. 1993. *The Constant Flux. A Study of Class Mobility in Industrial Societies*. Oxford: Clarendon Press.
- Erikson, Robert, John H. Goldthorpe og Lucianne Portocarero. 1979. Intergenerational Class Mobility in Three Western European Societies: England, France, and Sweden. *British Journal of Sociology*, 30, 4, 415–430.
- Esping-Andersen, Gösta. 1990. *The Three Worlds of Welfare Capitalism*. Princeton: Princeton University Press.
- Eva H. Önnudóttir, Hermann Schmitt og Ólafur Þ. Harðarson. 2017. Critical Election in the Wake of an Economic and Political Crisis: Realignment of Icelandic Party Voters? *Scandinavian Political Studies*, 40, 2, 157–181.
- Evans, Geoffrey. 1999. *The End of Class Politics?: Class Voting in Comparative Context*. Oxford: Oxford University Press.
- Evans, Geoffrey. 2000. The Continued Significance of Class Voting. *Annual Review of Political Science*, 3, 1, 401–417.
- Evans, Geoffrey. 2017. Social Class and Voting. Bls. 177–198 í Kai Arzheimer, Jocelyn Evans og Michael S. Lewis-Beck (ritstj.), *The SAGE Handbook of Electoral Behaviour*. London: Sage.
- Evans, M. D. R. og Jonathan Kelley. 2004. Subjective Social Location: Data from 21 Nations. *International Journal of Public Opinion Research*, 16, 1, 3–38.
- Evans, M. D. R., Jonathan Kelley og Joanna Sikora. 2013. Images of Class and its Effects on Subjective Social Location: Public Perceptions Around the World and Their Consequences. Erindi á ársfundi American Sociological Association í New York, 10. ágúst.
- Evans, M. D. R., Jonathan Kelley og Tamas Kolosi. 1992. Images of Class: Public Perceptions in Hungary and Australia. *American Sociological Review*, 57, 4, 461–482.
- Fantasia, Rick. 1995. From Class Consciousness to Culture, Action, and Social Organization. *Annual Review of Sociology*, 21, 269–287.
- Finnur Friðriksson. 2008. *Language Change vs. Stability in Conservative Language Communities: A Case Study of Iceland*. Doktorsritgerð. Gothenburg: University of Gothenburg.
- Finnur Geirsson. 1977. *Tekjuskipting meðal manna*. Kandiðatsritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Finnur Magnússon. 1986. The Hidden Class: The Emergence of a Maritime Working Class in Iceland. *Ethnologia Scandinavica* 84–102.
- Finnur Magnússon. 1990. *The Hidden Class: Culture and Class in a Maritime Setting 1880–1942*. Aarhus: Aarhus University Press.
- Fischer, Justina A.V. 2009. The Welfare Effects of Social Mobility: An Analysis for OECD Countries. *MPRA Paper* No. 17070. Germany: University Library of Munich.
- Forsætisráðuneytið. 2019. *Tekjusagan*. Sótt 3. desember 2019 af www.tekjusagan.is.

- Friðrik H. Jónsson. 1985. *The Development of Childrens Ideas on the Nature and Social Status of Occupations*. Doktorsritgerð. Sheffield: University of Sheffield.
- Friðrik H. Jónsson, Anna Huld Óskarsdóttir og Hulda Guðmundsdóttir. 1993. Skilningur barna á þjóðfélagsskipan. *Uppeldi og menntun*, 2, 41–51.
- Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson. 1991. *Lífsskoðun í nútímalegum þjóðfélögum: Samanburður á Íslendingum, Dönum, Finnum, Norðmönnum, Svíum, öðrum Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Gallup. 1997. *Búa tvær þjóðir í landinu?* Reykjavík: IMG Gallup.
- Gestur Guðmundsson. 2012. *Félagsfræði menntunar: Kenningar, hugtök, rannsóknir og sögulegt samhengi* (2. útgáfa). Reykjavík: Skrudda.
- Giddens, Anthony. 1973. *Class Structure of the Advanced Societies*. London: Hutchinson.
- Gilbert, Dennis. 2017. *The American Class Structure in An Age of Growing Inequality*. Thousand Oaks: Sage.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1983. Löggjöf um fátækraframfærslu og stjórn fátækramála á 18. öld. *Saga*, 21, 39–71
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1988. *Family and Household in Iceland 1801–1930*. Uppsala: Almqvist-Wiksell.
- Gísli Gunnarsson. 1987. *Upp er boðið Ísaland: Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Gísli Gunnarsson. 1997. Afkoma og afkomendur meiri háttar fólks 1550–1800. Bls. 118–32 í Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (ritstj.), *Íslenska sögubígingið 28.–31. maí 1997: Ráðstefnurit*, 2.
- Gísli Pálsson. 1979. Vont mál og vond málfræði. *Skírnir*, 153, 175–201.
- Gísli Pálsson. 1987. Tungan, bakarinn og þjóðarkakan: Er málfarsleg stéttaskipting á Íslandi? *Þjóðlíf*, október.
- Gísli Pálsson. 1989. Language and Society: The Ethnolinguistics of Icelanders. Bls. 121–39 í E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson (ritstj.), *The Anthropology of Iceland*. Iowa: University of Iowa Press.
- Gísli Pálsson. 1995. *The Textual Life of Savants: Ethnography, Iceland, and the Linguistic Turn*. Chur, Switzerland: Harwood Academic Publishers.
- Gísli Pálsson og Agnar S. Helgason. 1995. Figuring Fish and Measuring Men: The Individual Transferable Quota System in the Icelandic Cod Fishery. *Ocean and Coastal Management*, 28, 1–3, 117–46.
- Gísli Pálsson og Agnar S. Helgason. 1996. The Politics of Production: Enclosure, Equality, and Efficiency. Bls. 60–86 í Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger (ritstj.), *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts*. Iowa City: University of Iowa Press.
- Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger. 1989. Systems of Production and Social Discourse: The Skipper Effect Revisited. *American Anthropologist*, 92, 1, 130–141.
- Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger. 1992. Icelandic Dialogues: Individual Differences in Indigenous Discourse. *Journal of Anthropological Research*, 48, 4, 301–316.

- Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger. 1996. *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts*. Iowa City: University of Iowa Press.
